**allt**
MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR
*Eldurinn gaus upp í eldhúsinu*
• matur • tilboð
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



**birta**
VALA MATT
*Sátt við tilveruna*
• lystarstol • kóngafólk
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. ágúst 2005 - 229. tölublað – 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### ÍBV kærir Val

Knattspyrnudeild ÍBV hefur lagt fram kæru til KSÍ vegna ólögmætra viðræðna Valsmanna við Atla Jóhannsson, leikmann ÍBV. Atli, sem er samningsbundinn Eyjamönnum til ársins 2006, fékk símtal frá formanni knattspyrnudeildar Vals þar sem honum var boðið að ganga til liðs við Hlíðarendafélagið næsta sumar.



ÍÞRÓTTIR 31

### Nennir engu rugli

Tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson yfirgaf sófann í Kvöldþættinum á sjónvarpsstöðinni Sirkus á miðvikudag. Ástæðan er að hans sögn einfaldlega sú að þátturinn sé eins og menntaskólasjónvarp og hann hafi ekki tíma fyrir slíkt.



FÓLK 42

### Leiðtogavandræði

Sjálfstæðismenn í borginni fást við kunnuglegt foringjavandamál enda hefur þeim haldist illa á slíkum, segir Birgir Guðmundsson. Foringjamálin eru þó lítið skýrari hjá Samfylkingu.



Í DAG 22

### VEÐRIÐ Í DAG




**NORÐANÁTT ÁFRAM** en dregur úr vindi. Bjart áfram syðra en áfram rigning eða skúraveður norðan- og austanlands. Hlýnar eitthvað. VEÐUR 4

# Leigja af tilvonandi eiganda

**Reykjavíkurborg ætlar að semja við Sigurjón Sighvatsson um að leigja af honum listaverkið Blind Pavilion eftir Ólaf Elíasson í tvö ár. Sigurjón hefur ekki fest kaup á verkinu en ef af verður fær hann tvær milljónir frá borginni. Listaverkinu er ætlað að bæta ímynd Viðeyjar, segir formaður menningarmálaráðs.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Borgaryfirvöld ætla að ganga til samninga við Sigurjón Sighvatsson kaupsýslumann um sýningarrétt á útilistaverki Ólafs Elíassonar, Blind Pavilion, til tveggja ára. Þegar hefur verið gerð viljayfirlýsing um slíkan samning en forsenda hans er að Sigurjón kaupi verkið af Ólafi. Frá því hefur ekki verið gengið. Reykjavíkurborg greiðir eina milljón í leigu fyrir hvort ár, auk þess að greiða tryggingu fyrir verkið. Verkið yrði þá tryggt fyrir 17,5 milljónir en samkvæmt heimildum mun söluverð þess vera um 30 milljónir króna.

Sigurjón Sighvatsson segir að kaupi hann verkið af Ólafi verði það óháð því hvort gerður verði samningur við Reykjavíkurborg. Það kom honum á óvart að þetta hefði verið rætt á fundinum, þar sem samningum væri ekki lokið.

„Þetta er ekki listaverk sem borgin myndi kaupa nema með sérstakri fjárveitingu," segir Stefán Jón Hafstein, formaður menningarmálaráðs. Hann segir að málið hafi borið nokkuð brátt að, þar sem búið hafi verið að ráða fólk til að taka verkið niður í næstu viku. „Þetta er gert af því að verkið er í Viðey og okkur finnst mikilvægt að gera eyna að menningarlegum áfangastað." Hann segir leiguverðið fyrir verkið ekki hátt miðað við aðra samstarfssamninga sem borgin hafi gert.

Gísli Marteinn Baldursson, sem á sæti í ráðinu, segir sjálfstæðismenn hafa setið hjá við afgreiðslu málsins þar sem ekki sé hægt að taka afstöðu til þess fyrr en þeir sjái samninginn. „Almennt séð væri það stefnubreyting að leigja listaverk af eigendum þeirra úti í bæ og greiða hærra verð en listamenn sem eiga verkin eru að fá. Borgin þarf að fara varlega í að borga kaupsýslumönnum úti í bæ fyrir að sýna okkur listaverkin sem þeir hafa keypt þegar við erum á sama tíma að reyna að toga peninga út úr öðrum kaupsýslumönnum til að styrkja ýmsa listviðburði."



**BLIND PAVILION** Reykjavíkurborg hefur skrifað undir viljayfirlýsingu við Sigurjón Sighvatsson um að leigja verkið af honum í tvö ár ef hann kaupir Blind Pavilion af Ólafi Elíassyni.

Áslaug Thorlacius, sem situr sem áheyrnarfulltrúi í ráðinu fyrir hönd listamanna, segir að sér finnist samningurinn mjög sérstakur, ekki síst í ljósi þess að tillagan hafi ekki borist á borð ráðsins í samræmi við þær reglur sem það hafi sett sér um að listastyrkir fari í gegnum fagráð. **- ss**



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**Í ÞJÓÐBÚNINGUM VIÐ HALLGRÍMSKIRKJU** 600 konur frá 28 löndum taka þátt í árlegu heimsþingi Ladies Circle sem var sett í Hallgrímskirkju í gærkvöldi. Margar þeirra voru klæddar þjóðbúningum landa sinna og setti það mikinn svip á þingið. Ladies Circle er alþjóðleg samtök kvenna sem hafa það markmið að auka vináttu kvenna frá ólíkum menningarheimum og víkka sjóndeildarhring þeirra.

Björgunarsveitir kallaðar út:

## Manns leitað á hálendinu

**LEIT** Björgunarsveitir frá Höfn í Hornafirði og Egilsstöðum leituðu í nótt á hálendinu að bandarískum ferðamanni sem skilaði sér ekki til byggða á tilætluðum tíma.

Að sögn lögreglu á Höfn var maðurinn á leið frá Snæfelli, en ætlaði að koma niður af hálendinu á Lónsöræfum við Illakamb um klukkan tvö í gær.

Aðstæður til leitar voru erfiðar í gær, dimmt yfir með roki og kalsa, og grennsluðust björgunarsveitirnar fyrir um hvort maðurinn hefði haldi kyrru fyrir í skála einhvers staðar.

Hafi maðurinn ekki komið í leitirnar í nótt verður tekin ákvörðun um frekari leit þegar morgnar.

**- óká**

Hvorki gengur né rekur í viðræðum stjórnmálaleiðtoga Íraks:

## Stjórnarskráin enn í pattstöðu

**BAGDAD, AP** Ekkert varð af því að íraska þingið legði blessun sína yfir drög að framtíðarstjórnarskrá landsins í gær en þá rann frestur þess til þess út í þriðja sinn.

Síðla dags var ákveðið að reyna til þrautar í dag að fá súnnía til að samþykkja stjórnarskrárdrög sem liggja fyrir. Geri þeir það ekki verða þau eftir sem áður lögð undir þjóðaratkvæði, sagði Hajim al-Hassani þingforseti.

Á mánudaginn gáfu íraskir stjórnmálaleiðtogar sér þriggja daga viðbótarfrest til að ljúka við gerð stjórnarskrár og átti þingið að fjalla um drögin í gærkvöld. Síðdegis í gær tilkynnti hins vegar Bishro Ibrahim, einn talsmanna þingsins, að engin áform væru um þingfundi þann daginn og ekkert væri ákveðið um hvenær það kæmi saman næst. Enn virðist því vera bullandi ágreiningur á milli landsmanna um inntak þessa mikilvæga plaggs.

Dæmi um sundrungina eru átök heittrúaðra sjía, annars vegar manna Muqtada al-Sadr, eldklerks frá Najaf, og liðsmanna Íslamska byltingarráðsins í Írak (SCIRI). Fjórir féllu í bardögum þeirra í Najaf í fyrradag og skarst í odda á milli fylkinganna víðar um landið í gær. Þær greinir á um hvort Írak skuli verða sambandsríki eður ei.

Lík 36 manna, Kúrda að því er talið er, fundust skammt utan við Bagdad í gær. Hendur þeirra höfðu verið bundnar og þeir skotnir í höfuðið. **- shg**



MYND/AP

**HEITT Í HAMSI** Muqtada al-Sadr sagði árásir SCIRI-manna vera geymdar en ekki gleymdar.

**Matgæðingar velja Fréttablaðið***




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í ágúst 2005. Lestur meðal 25–45 ára.

Ennþá betri notaður bíll og Medion fartölva í kaupauka.



Ekki mæta of seint!

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA



## SPURNING DAGSINS

*Jón, finnst þorsknum gott að láta klappa sér?*

„Honum líkar það vel en er styggur á sporðinn“

Þorskurinn í Arnarfirði er svo gæfur að hægt er að klappa honum. Jón Þórðarson er einn af umsjónarmönnum hafrannsókna í firðinum.

Gert er ráð fyrir verulegum afgangi á fjárlögum næsta árs:

# Aðhalds gætt í velferðarfjárlögum

**FJÁRLÖG** Geir Haarde fjármálaráðherra og Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra fengu í gær heimild þingflokka sinna til að vinna áfram að gerð fjárlaga fyrir næsta ár á grundvelli sem kynntur hefur verið stjórnarþingmönnum.

„Þetta byggist á þeim langtímamarkmiðum sem við kynntum fyrir tveimur árum. Fyrir liggur að hagur ríkissjóðs er mjög góður og horfur ágætar fyrir næsta ár. Við verðum að halda okkur við markmið um aðhald en það er mjög mikilvægt eins og nú er ástatt í efnahagslífinu,“ segir Geir Haarde.



**GEIR HAARDE FJÁRMÁLARÁÐHERRA** „Við verðum að halda okkur við markmið um aðhald en það er mjög mikilvægt eins og nú er ástatt í efnahagslífinu.“

Hann vill ekki ræða nánar hvað í aðhaldinu felist, en gera verði ráð fyrir verulegum afgangi á fjárlögum næsta árs. „Andvirði Símans er ekki enn til umræðu í þessu sambandi.“

Geir kveðst ekki hafa bakþanka vegna væntanlegrar lækkunar tekjuskatts og afnáms eignaskatts. „Áhrifa lækkunarinnar gætir ekki fyrr en árið 2007, þegar gera má ráð fyrir að dragi úr þenslunni.“

„Þetta verður velferðarfrumvarp sem tekur einnig tillit til þenslunnar í efnahagslífinu,“ segir Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins. **- jh**

Framsóknarflokkurinn:

# Býður fram í eigin nafni

**STJÓRNMÁL** Framsóknarmenn í Reykjavík ákváðu í gærkvöld að bjóða fram undir eigin merkjum í komandi borgarstjórnarkosningum.

Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi lagði til að opnað yrði fyrir þátttöku óháðra í framboðinu. Ekki var tekin formleg afstaða til þeirrar tillögu heldur sögðu menn það rúmast innan samþykktar fundarins um að gefa sem flestum kost á að taka þátt í vali á listann.

Framsóknarflokkurinn er síðastur flokkanna þriggja sem stóðu að framboði R-listans 2002 til að lýsa því yfir framboði undir eigin nafni í borgarstjórnarkosningunum næsta vor. **- bþg**

Hæstiréttur úrskurðar:

# Kosningarnar eru löglegar

**BERLÍN, AP** Hæstiréttur Þýskalands úrskurðaði í gær að fyrirhugaðar þingkosningar mættu fara fram 18. september eins og ráðgert hafði verið. Tveir þingmenn höfðu lagt fram kvörtun þar sem þeir efuðust um lögmæti þess hvernig Gerhard Schröder kanslari boðaði til kosninganna í sumar.



*Þýsku* ÞINGKOSNINGARNAR

Kosningabaráttan er þegar hafin af fullum krafti en kjörfundur verður haldinn ári áður en kjörtímabilinu lýkur. Eftir þennan úrskurð Hæstaréttar er síðasta ljóninu rutt úr vegi. **- oá**

George W. Bush:

# Fjölgað verður í herliðinu

**BANDARÍKIN** Aukið verður við herafla Bandaríkjamanna í Írak á næstu mánuðum, þegar kosningar fara fram í landinu. George W. Bush Bandaríkjaforseti segir ótta manns ráði að kalla herinn heim þar sem það myndi bjóða hættunni á hryðjuverkum heim.



**BUSH FORSETI** Vill viðhalda öflugum herstyrk í Mið-Austurlöndum.

Bush gerði hlé á sumarfríi sínu í annað sinn á tæpri viku í fyrrakvöld þegar hann ávarpaði samkomu í Idaho þar sem komnir voru saman ættingjar hermanna í Írak. „Að kalla hermenn heim frá Mið-Austurlöndum um þessar mundir, eins og margir hafa krafist, myndi blása hryðjuverkamönnum kapp í kinn og skapa fyrir þá aðstæður til að gera árásir á Bandaríkjamenn.“ **-shg**

# Telja fingraför borgarstjóra á skýrslunni

**Sjálfstæðismenn í borgarstjórn gagnrýna skýrslu innri endurskoðunar borgarinnar um Stjörnubíósreitinn og telja borgarstjóra geta hafa pantað álit. Borgarstjóri segir þetta fordæmislausa árás á embættismann borgarinnar.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks segja Reykjavíkurborg hafa greitt 68 til 73 milljónum króna of mikið þegar Stjörnubíósreitur var keyptur af Jóni Ólafssyni athafnamanni árið 2002. Þeir segja „rangar forsendur og óvönduð vinnubrögð“ í skýrslu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að kaupverðið væri eðlilegt.

„Ég tel alveg ljóst eftir okkar athuganir og yfirferð með sérfræðingum að greitt hafi verið algjört yfirverð, enda urðu strax ýmsir fasteignasalar til að benda okkur á það,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna. Hann gagnrýnir sérstaklega að í skýrslu innri endurskoðunar hafi verið miðað við verð fasteigna árið 2003 þrátt fyrir að kaupin hafi átt sér stað árið 2002, auk fleiri atriða. „Við höfum krafist þess að skýrslan verði dregin til baka og leiðrétt, eða okkur ella svarað með rökum.“

Kjartan segir það hafa verið gagnrýnt strax við stofnun innri endurskoðunar borgarinnar að embættið heyrði ekki undir borgarráð og borgarstjórn, heldur undir borgarstjóra beint. „Í flestum fyrirtækjum og stofnunum heyrir innri endurskoðun beint undir stjórn. Vinnubrögðin í þessu máli vekja því miður þær spurningar hjá manni hvort borgarstjóri hafi þarna pantað álit og komist upp með það,“ segir hann.



**UMDEILDUR BYGGINGARREITUR Í BORGINNI** Borgarstjórinn í Reykjavík sagðist gera ráð fyrir að innri endurskoðandi fundaði með borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokks og færi yfir skýrslu sína með þeim, óskuðu þeir þess. Að öðru leyti segir hún skýrslu hans standa, enda unna „af heilindum og heiðarleika“.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri hafnar þessum málflutningi. „Það sem sjálfstæðismenn létu frá sér fara í garð embættismanns hjá Reykjavíkurborg í bókun sinni í borgarráði er algjörlega fordæmislaust. Þeir efast um dómgreind hans og gefa í skyn að hann lúti pólitískum skipunum frá mér,“ segir Steinunn og telur sjálfstæðismenn hafa blindast af pólitískum ásetningi um að ná sér niðri á Reykjavíkurlistanum. „Þeir fengu úttekt óháðs endurskoðanda sem komst að þeirri niðurstöðu að verðið, sem þeir töldu of hátt, hefði verið fullkomlega eðlilegt.“

Hún segist ekki muna eftir því að áður hafi verið gengið fram með slíku offorsi í borgarstjórninni. Steinunn sagði sjálfstæðismenn ekki hafa fundað með Ágústi Þorkelssyni, innri endurskoðanda, áður en þeir gerðu sínar athugasemdir, líkt og þeir hafi gefið í skyn. „Það er bara skotið fyrst og spurt svo.“

**olikr@frettabladid.is**



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Telur sjálfstæðismenn hafa blindast af pólitískum ásetningi.



**KJARTAN MAGNÚSSON** Kjartan, sem er borgarfulltrúi sjálfstæðismanna í Reykjavík, vill að svarað verði gagnrýni sem sett var fram í tíu liðum í bókun í borgarstjórn í gær.

MYND/AP



**MINNI HÁTTAR MEIÐSLI** Juan Carlos Valles, eins árs, lifði flugslysið af. Ekki er þó vitað um afdrif ættingja hans.

Kraftaverk í Perú:

# Kornabarn komst lífs af

**PUCALLPA, AP** Alls komust 58 manns lífs af úr flugslysinu í Perú í vikunni. Kraftaverki þykir ganga næst að ekki fór verr.

Boeing 737-flugvél TANS-flugfélagsins fórst við borgina Pucallpa á Amazon-svæðinu á þriðjudaginn en hún var á leið frá Líma. 37 týndu lífi í misheppnaðri nauðlendingu vélarinnar, sem hreppti vont veður.

Miðað við skemmdir vélarinnar þykir með ólíkindum að nokkur skyldi komast lífs af. Til dæmis fannst reifabarn í mýrinni skammt frá flakinu og amaði ekkert að því. Sumir farþeganna eru taldir hafa gengið til heimila sinna í Pucallpa. ■

Landspítalinn:

# Reksturinn nálægt jafnvægi

**HEILBRIGÐISMÁL** 79 milljóna króna halli var á rekstri Landspítala - háskólasjúkrahúss fyrstu sex mánuði ársins. Uppsafnaður rekstrarhalli fyrri ára gerir greiðslustöðu Landspítalans erfiða, að því er fram kemur í hálfsársuppgjöri spítalans. Fyrsta hálfsársuppgjör Landspítalans var birt í gær.

Skammtímaskuldir Landspítala - háskólasjúkrahúss nema 1.993 milljónum króna og viðskiptaskuldir 1.421 milljón. Gjöld mánuðina janúar til júní voru 79 milljónir króna umfram tekjur, 14.367 milljónir á móti 14.288 milljónum. **- óká**






Svæðisstjóri Ríkisútvarpsins missir traust fréttastjóra vegna skrifa á netinu:

# Bónuspakk og bankastjórahyski

**RÍKISÚTVARPIÐ** Sigmundur Sigurgeirsson, svæðisstjóri Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, vinnur ekki framar fréttir fyrir útvarpið vegna ummæla sem hann lét falla á bloggsíðu sinni, www.skeljafell.blogspot.com.

„Vegna þess dómgreindarleysis sem Sigmundur hefur sýnt með harkalegum og ósæmilegum ummælum á bloggsíðu sinni um forráðamenn Baugs og KB banka treystum við honum ekki framar til að vinna fréttir fyrir okkur,“ segir Óðinn Jónsson, fréttastjóri útvarpsins, en hann og Bogi Ágústsson, forstöðumaður fréttasviðs, tóku þessa ákvörðun.



**SIGMUNDUR SIGURGEIRSSON** Kallaði Baugsfjölskylduna hyski af ódýrustu sort á bloggsíðu sinni en færslan hefur nú verið fjarlægð af vefnum.

Sigmundur talaði meðal annars um „Bónuspakk“ og „hyski af ódýrustu sort“. Þá talaði hann um „andskotans bankastjórahyski í KB banka“ í sömu færslu. Sigmundur tók bloggfærsluna út og baðst afsökunar á ummælunum eftir að blaðamenn DV hringdu í hann vegna þeirra.

Ekki er víst að málinu ljúki með þessu, en Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri hefur beðið lögfræðing Ríkisútvarpsins um að fara yfir skrif Sigmundar, sem er enn starfsmaður hjá stofnuninni. **- grs**


USS!
Þú þarft ekkert að tala frekar en þú vilt, því með USS!-kortinu getur þú sent 30 SMS og 30 Myndskilaboð á dag, innan kerfis Og Vodafone, án þess að borga krónu fyrir þau aukalega. Ef þú verður að tala duga 1.990 kr lengi, lengi, lengi, lengi. Kortið gildir í 30 daga.
USS!
ÞÚ ÞARFT EKKERT AÐ TALA FREKAR EN ÞÚ VILT
SMS: 0 KR.
MYNDSKILABOÐ: 0 KR.
1.990 KR. INNEIGN
og
vodafone
Heyrumst!
Komdu í Og Vodafone verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.
Fíton/SÍA FI013932

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 25.8.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,33 | 63,63 |
| Sterlingspund | GBP | 114,19 | 114,75 |
| Evra | EUR | 77,89 | 8,33 |
| Dönsk króna | DKK | 10,447 | 10,509 |
| Norsk króna | NOK | 9,822 | 9,88 |
| Sænsk króna | SEK | 8,353 | 8,401 |
| Japanskt jen | JPY | 0,576 | 0,5794 |
| SDR | XDR | 93,02 | 93,58 |

*Gengisvísitala krónunnar*

08,91 +0,01

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**BÍLL FORSÆTISRÁÐHERRANS** Bílstjóri ráðherrans lést en ráðherrann sjálfur slapp lítið meiddur.

Hryðjuverk í Ingúsetíu:

## Tilræði við héraðsstjóra

**RÚSSLAND, AP** Tvær sprengjur sprungu við vegkant í borginni Nazran í sjálfsstjórnarhéraðinu Ingúsetíu í Rússlandi í gær þegar héraðsstjóra þess var ekið hjá.

Bílstjóri héraðsstjórans lést í tilræðinu. Héraðsstjórinn slasaðist sjálfur nokkuð ásamt tveimur öðrum við sprenginguna.

Að sögn aðalsaksóknara Suður-Rússlands virðast tjsetsjenskir skæruliðar hafa verið að verki en borgin Nazran hefur áður verið skotmark í sjálfstæðisstríði þeirra gegn Rússum. Ingúsetía á landamæri að Tsjetsjeníu. ■

Herjað á kókabændur:

## Myrtir með köldu blóði

**KÓLUMBÍA, AP** Skæruliðar myrtu að minnsta kosti fjórtán bændur, þrettán karla og eina konu, sem tíndu kókalauf af runnum Norðvestur-Kólumbíu í gær.

Skæruliðarnir eru meðlimir í samtökum sem kalla sig Byltingarher Kólumbíu, FARC. Samtökin græða fúlgur fjár á hverju ári, líkt og önnur slík samtök í Kólumbíu, á eiturlyfjaframleiðslu og sölu á ákveðnum svæðum. Í Kólumbíu hika skæruliðasamtök sem þessi ekki við að myrða bændur sem ekki fara að fyrirmælum þeirra. ■

Skýrsla Sameinuðu þjóðanna um félagslegt ástand heimsins:

# Ójöfnuðurinn fer stöðugt vaxandi

**FÁTÆKT** Ójöfnuður er meiri í heiminum í dag en fyrir áratug og stór hluti heimsbyggðarinnar er fastur í gildru fátæktar. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna.

Í skýrslunni Félagslegt ástand heimsins 2005: Gildra ójöfnuðar, sem Sameinuðu þjóðirnar gáfu út í gær, er varað við vaxandi ójöfnuði um allan heim. Þar er því haldið fram að gjáin á milli ríkra og fátækra, menntaðra og ómenntaðra og sjúkra og heilbrigðra hafi snarbreikkað síðastliðin tíu ár.

Helstu niðurstöður skýrsluhöfunda eru að ójöfnuður innan og á milli landa sé fylgifiskur



MYND/AP

**KJÖRIN ERU KRÖPP** Fjórðungur vinnandi fólks í heiminum fær minna en einn Bandaríkjadal í laun á dag.

hnattvæðingar en aftur á móti er viðurkennt að umdeilt sé hversu stóran þátt aukin einkavæðing og frjálsræði í efnahagslífi eigi í þróuninni. Þá er atvinnuleysi sagt enn of mikið, sérstaklega á meðal ungs fólks.

Jafnframt er á það bent að dagstekjur nærri fjórðungs vinnandi fólks í heiminum séu enn undir einum Bandaríkjadal á dag – með öðrum orðum undir fátæktarmörkum – og er ástandið sérstaklega slæmt í Afríku sunnan Sahara.

Launaójöfnuður hefur aukist mjög á undanförnum árum, sérstaklega á milli fag- og ófaglærðra. Lægstu laun hafa lækkað en hæstu tekjurnar aukist gríðarlega. - shg

Menningarnótt:

## Fundað um breytingar

**MENNINGARNÓTT** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, fundar í dag með samstarfsaðilum Reykjavíkurborgar um Menningarnótt. Á fundinum verður rætt hvort tilefni sé til að halda Menningarnótt með öðrum hætti en hefur verið undanfarin ár vegna drykkjuláta og ofbeldis sem einkenndu aðfaranótt sunnudags, eftir að skipulagðri dagskrá Menningarnætur lauk.

Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur leggur meðal annars til að Menningarnótt verði ekki haldin að ári eða að hún verði haldin á sunnudegi, í viðtali við Fréttablaðið sem birt verður á morgun. - ss

# Sjúkraliðalaust á sumum vöktum

**Formaður Sjúkraliðafélags Íslands segir skort á starfsfólki í umönnunarstörf verða til að gæði hjúkrunar minnki. Stjórnvöld stingi höfðinu í sandinn yfir vandanum. Á sumum vöktum stofnana eru engir sjúkraliðar. Hjúkrunarforstjóri Sunnuhlíðar segir bætt launakjör bestu leiðina til að fjölga fólki.**

**UMÖNNUNARSTÖRF** Svo mikill skortur er á fólki í umönnunarstörf að dæmi eru um að stofnanir sem sinna hjúkrun aldraðra geti ekki mannað allar vaktir sínar með sjúkraliðum, segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands.

„Ástandið á sumum stofnunum er hræðilegt og mikið álag á starfsfólk,“ segir Kristín. „Það er alvarlegt ef hjúkrunarstofnanir ná ekki einu sinni að manna allar vaktir með sjúkraliðum og eingöngu er ófaglært starfsfólk í umönnun. Gæði hjúkrunar minnka að sama skapi og farið verður að loka á innlagnir,“ segir hún. „Það kemur niður á öllu þjóðfélaginu því á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða er nær eingöngu fólk sem ekki hefur heilsu til að hugsa um sig sjálft,“ segir Kristín.

„Yfirvöld tala um að fjölga þurfi úrræðum fyrir aldraða. Ég spyr hins vegar: Hver á að manna þau störf sem við það skapast þegar ekki er nóg af fólki til að vinna þau störf sem fyrir eru? Það er eins og yfirvöld stingi höfðinu í sandinn yfir þessu vandamáli,“ segir hún.

Áslaug Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri Sunnuhlíðar, hjúkrunarheimilis aldraðra í Kópavogi, segir að enn vanti fólk í nokkrar stöður hjá Sunnuhlíð. „Það er ívið meiri skortur á starfsfólki nú en venjulega,“ segir Áslaug. „Það er augljós tregða við að sækja um, sérstaklega í stöður ófaglærðra, það er að segja störf við aðhlynningu,“ segir hún.

Áslaug segir skýringuna einna helst þá að vegna þenslu í þjóðfélaginu séu þessi störf ekki lengur samkeppnisfær hvað varðar laun. „Við greiðum ófaglærðu starfsfólki eftir taxta Eflingar og eru grunnlaun um 100 þúsund krónur á mánuði, en svo bætist ofan á það vaktaálag og annað,“ segir Áslaug. Hún segir að besta leiðin til þess að leysa vandann sé að bæta launakjör.



**SKORTUR ER Á FÓLKI Í UMÖNNUNARSTÖRF** Ástandið er svo alvarlegt að á sumum hjúkrunarheimilum aldraðra tekst ekki að manna allar vaktir með sjúkraliðum og sinnir því eingöngu ófaglært starfsfólk umönnun aldraðra.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að vinnuaflsskortur sem hafi verið bundinn við byggingariðnaðinn og stórframkvæmdir komi nú fram víðar. „Þá eru þau störf sem eru kannski verr launuð og þykja erfið þau sem eftir sitja,“ segir hann. Hann segir það þó jákvætt að fyrirtæki séu farin að leita að reynslumiklu starfsfólki eða eldra fólki í ýmis störf.

Aðspurður segir hann talsvert um innflutning á útlendingum til að vinna við þrif og þjónustu í kringum umönnunarstörf en ekki beint í umönnun vegna þess hve mikilvægt tæki tungumálið sé í þeim störfum.

sda@frettabladid.is


RÆSIR HF

Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

MANTRA 4x4
á ferð um landið



Laugardaginn 27. ágúst
Kl. 10.00 á Hvolsvelli – hjá Björgunarsveitinni Dagrenningu.
Kl. 13.00 á Selfossi – hjá Björgunarfélagi Árborgar.
Kl. 15.30 í Hveragerði – hjá íþróttahúsinu.

Nánari upplýsingar um staðsetningu og tímaáætlun bílanna í símum 825 5451 og 825 5452. RÆSIR HF. sími 540 5400


## VEÐRIÐ Í DAG

**Norðanátt áfram!**
Það verður norðanátt áfram í dag en heldur hægari en undanfarið. Það er áfram bjart sunnan- og vestanlands en skúraveður norðan- og austanlands. Hitinn er á bilinu 4-12 stig, nokkuð svalt áfram fyrir norðan en hlýrra sunnanlands. Á morgun er útlit fyrir svipað veður en á sunnudaginn snýst hann í austanátt og fer að rigna suðvestanlands upp úr hádegi og léttir eitthvað til fyrir norðan. Kannski er þetta síðasta útileguhelgin í sumar, en þá er líklegra vissara að vera með hitablásara meðferðis og taka upp snemma á sunnudaginn, áður en það fer að rigna. Góða helgi!



Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Fremur hæg N-átt og bjartviðri syðra en rigning eða skúraveður norðanlands.

### Sunnudagur




Snýst í austanátt og fer að rigna SV-lands um hádegi. Léttir til víða nyrðra.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C | þrumuveður | Algarve | 28°C | heiðskírt | Róm | 26°C | heiðskírt |
| Osló | 18°C | léttskýjað | Mallorca | 26°C | heiðskírt | Alicante | 33°C | heiðskírt |
| London | 19°C | sk.m.köflum | Krít/Chania | 28°C | heiðskírt | Kýpur | 29°C | heiðskírt |
| París | 22°C | sk.m.köflum | Barcelona | 27°C | heiðskírt | Rimini | 24°C | sk.m.köflum |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Svínakjötsútsala
## í Hagkaupum



**GOTT RÁÐ**
Alltaf ætti að elda svínakjöt við bæði háan og síðan lágan hita eða öfugt svo bæði náist stökk húð og meir vöðvi.

**Sigurður Gíslason**
aðstoðar yfirmatreiðslumaður á Vox
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

**Svínabógur**
TILBOÐ 399 kr/kg
Verð áður 498,-

allt að 40% afsláttur

| | VERÐ NÚ | VERÐ ÁÐUR |
|---|---|---|
| Svínahnakki úrbeinaður | 899 kr/kg | 1.499 kr/kg |
| Svínasnitsel | 899 kr/kg | 1.599 kr/kg |
| Svínagúllas | 899 kr/kg | 1.599 kr/kg |
| Svínalundir | 1.499 kr/kg | 2.298 kr/kg |
| Svínaskankar | 149 kr/kg | 198 kr/kg |



**Svínakótilettur**
TILBOÐ 899 kr/kg
Verð áður 1.398,-



**Svínarifjasteik**
TILBOÐ 499 kr/kg
Verð áður 798,-



**Svínalæri**
TILBOÐ 499 kr/kg
Verð áður 598,-

## Tyson álegg beint frá Ameríku

Tyson





**Nýtt** í Hagkaupum
TILBOÐ 199 kr/pk

**Crepan** frosnar kökur m/fyllingu
- jarðaberja-, banana- og vanilluísfylling



**Toro** nýjar indverskar sósur
- sósur sem bragð er að

**KYNNINGAR**
**Föstud. kl. 15-19**
Skeifu, Smáralind, Akureyri, Garðabæ og Kringlu.
**Laugard. kl. 13-17**
Skeifu, Smáralind, Akureyri, Eiðistorgi og Kringlu.



**Toro** ótrúlega sniðugt, tilbúinn pakki með öllu sem þú þarft til indverskrar matargerðar

Gildir til 28. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Hefur þú trassað að fara með bílinn þinn í skoðun?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 19% |
| Nei | 81% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Sjónvarpið að einbeita sér að innlendri dagskrárgerð?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Gjaldskrárhækkun leikskóla Reykjavíkur:

# Dregin til baka vegna þrýstings

**REYKJAVÍKURBORG** „Það er bara hollt að stjórnmálamenn skipti stundum um skoðun,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, en borgarráð samþykkti einróma í gær tillögu Alfreðs Þorsteinssonar um að Reykjavíkurborg félli frá fyrirhuguðum breytingum á gjaldskrá leikskólanna. Gjaldskrá fyrir börn, þar sem annað foreldrið er í námi, mun því ekki hækka. Steinunn segir það hafa verið vegna mikils þrýstings frá stúdentum að ákveðið var að setjast aftur yfir málið. Einnig í ljósi þess að verið er að vinna að því að koma á gjaldfrjálsum leikskólum hafi verið ákveðið að taka ekki þennan slag.

Hrefna Lind Ásgeirsdóttir, sem á sæti í Stúdentaráði segir stúdenta fagna þessari ákvörðun. „Að sjálfsögðu fögnum við þessu, baráttunni er lokið.“

„Þetta er í samræmi við okkar tillögur sem R-listinn hafði stungið undir stól,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn. „Við erum því mjög ánægðir með þetta.“ Ólafur F. Magnússon, oddviti Frjálslyndra, segir að ekki hafi þurft að koma til þessi „sundrung“ R-listans til að taka þessa ákvörðun; „Við vorum alfarið á móti þessum hækkunum frá upphafi, sem er í samræmi við stefnu okkar um að lækka eða fella niður þjónustugjöld barnafjölskyldna.“ - ss



**VIÐ LEIK Í LEIKSKÓLA** Stúdentar sem eiga maka í fullri vinnu þurfa ekki að greiða hærri leikskólagjöld.

## LÍBERÍA

**WEAH Í FORSETASLAGINN** Forsetakosningar verða haldnar í Afríkuríkinu Líberíu 11. október næstkomandi. Margir eru um hituna, þar á meðal knattspyrnumaðurinn George Weah sem gerði garðinn frægan með AC Milan og Chelsea á árum áður. Hann hefur enga reynslu af stjórnmálum en þykir engu að síður eiga nokkuð góða möguleika vegna fornrar frægðar.

## DÓMSTÓLAR

**MANNABREYTINGAR HJÁ DÓMSTÓLARÁÐI** Anna Mjöll Karlsdóttir lögfræðingur tekur um mánaðamótin við starfi framkvæmdastjóra Dómstólaráðs af Elínu Sigrúnu Jónsdóttur, sem fer í fæðingarorlof til tveggja ára. Dómstólaráð var stofnað 1. júlí 1998 og hefur umsjón með héraðsdómstólum landsins.



**FYRIRHUGAÐ ÁLVER** Verið er að setja stálgrindina upp þessa dagana.

Álver í Reyðarfirði:

## Hafist handa við þakgrind

**ÁLVER** Í síðustu viku var stórum áfanga náð í byggingu álvers Alcoa í Reyðarfirði þegar starfsmenn Bechtel byrjuðu að setja saman stálgrind sem bera mun uppi þak kerskálanna. Stálinu var skipað upp á nýju álvershöfnina í ágústbyrjun en alls var um að ræða 10.521 stykki af byggingarstáli sem samanlagt vó tæplega 3.200 tonn.

Annar skipsfarmur af byggingarstáli er nú á leið frá Hong Kong og er búist við að hann komi á byggingarstað 15. september. - kk

# Mannskæð flóð í rénun

**Að minnsta kosti 42 hafa farist í miklum flóðum sem staðið hafa í Evrópu síðustu daga en í gær tók vatnið loksins að sjatna. Þyrlur björguðu fólki sem leitað hafði skjóls á húsþökum í Bern, höfuðborg Sviss.**

**VATNSFLÓÐ** Flóðin í Mið-Evrópu sem hafa dregið í það minnsta 42 manns til dauða eru heldur í rénun. Í Bern, höfuðborg Sviss, þurfti aftur á móti að rýma fjölda húsa þegar áin Aare flæddi yfir bakka sína.

Mikið lægðakerfi hefur gengið yfir miðja Evrópu síðustu daga og hefur úrkoma verið með allra mesta móti. Ár hafa flætt yfir bakka sína og flóðgarðar brostið með tilheyrandi eignatjóni. Í gær fór hins vegar að draga úr úrkomunni og um leið tók vatnið víða að sjatna. Rennslið í Dóná náði hins vegar ekki hámarki fyrr en í gærkvöld.

Verst hefur ástandið verið í austanverðri álfunni, í Rúmeníu týndi 31 lífi þegar flóð kaffærðu 1.400 hús um mitt landið. Þar er þriggja ennþá saknað, þeirra á meðal fjögurra ára gamallar stúlku. Ellefu manns eru látnir eða er saknað í Þýskalandi, Austurríki og Sviss og mikið tjón hefur orðið á mannvirkjum og ökrum í Búlgaríu, Slóveníu og Moldóvu. Í Alpahéruðunum rofnuðu allar samgöngur við fjölda þorpa eftir að vatnselgurinn reif vegi í sundur. Varð að flytja vistir á vettvang með þyrlum.

Í Sviss hefur ástandið verið með versta móti. Gamli bærinn í Luzern er nánast á kafi og rýma varð fjölda húsa í höfuðborginni Bern þegar áin Aare tók að flæða yfir bakka sína. Þyrlur hífðu fólk á brott sem hafði leitað skjóls undan flóðinu á þökum húsa sinna. Talið er að tólf manns séu fastir inni í húsunum og sögðu stjórnvöld í gær að staðan væri viðkvæm.

sveinng@frettabladid.is



**BERNARBÚUM BJARGAÐ** Þyrlur voru notaðar við björgunarstörfin í gær þegar Aare tók að flæða yfir bakka sína. Meðal annars var roskin kona hífð af þaki húss síns.

Íslendingur í Bern:

## Allt er á floti

Grétar Rafn Steinsson, knattspyrnumaður með Young Boys, býr í Bern. „Engin röskun er á högum okkar sem búum ofar í borginni. Allt er hins vegar á floti hjá þeim sem búa við árbakkann, þar sér maður hústoppana rétt standa upp úr.“ Grétar segir samgöngur ganga greiðlega á milli bæjarhluta en viðurkennir að ástandið sé víða slæmt. „Sumir staðir eru algerlega á kafi undir vatni. Í bænum hér við hliðina er heimavöllur liðsins Thun og hann er núna þrjá metra undir vatni. Liðið var að komast í Meistaradeildina í vikunni en mun ekki spila á vellinum sínum á næstunni.“ -shg



**GRÉTAR RAFN STEINSSON**

Hundrað þúsund krónur boðnar á fermetrann:

# Hestamönnum þykir verðið of lágt

**SKIPULAGSMÁL** Hesthúsaeigendum í Glaðheimum hafa undanfarið verið boðnar 80.000 eða 100.000 krónur á fermetrann fyrir hesthús sín, sem er hærra fermetraverð en fæst fyrir góð einbýlishús víða á landsbyggðinni, en eins og sjá má á töflunni fæst jafnvel tvöfalt hærra verð fyrir hesthúsin en íbúðarhús í Vestmannaeyjum eða Höfn í Hornafirði. Ætla mætti að það þætti gott verð, en hesthúsaeigendum ber þó ekki saman um það.

„Ég hugsa að þetta sé of lágt verð,“ segir Tómas Sigurðsson, hestamaður í Kópavogi. Tómas er ásamt fleirum með fimmtán hesta í hundrað fermetra húsi sem líklega myndu fást átta milljónir fyrir ef tilboðinu yrði tekið.

Félagsmenn í hestamannafélaginu Gusti eiga húsin sjálfir, en Gustur leigir lóðina af Kópavogsbæ. Tómas telur að vegna lóðaverðs yrði kostnaðurinn við að koma sér upp nýrri aðstöðu mun meiri en verðið sem fæst fyrir húsið.

Tómas hefur ekki trú á því að tölurnar sem fjárfestarnir hafa gefið upp í fjölmiðlum standist. Félagið sé lítið og flestir þekki deili hver á öðrum. „Ég veit ekki um neinn sem hefur selt.“ - grs

**MEÐALFERMETRAVERÐ ÍBÚÐARHÚSA Á NOKKRUM STÖÐUM Á LANDINU**

| | |
|---|---|
| Reykjavík | 170-250 þúsund |
| Akureyri | 120-180 þúsund |
| Árborg | 110-170 þúsund |
| Akranes | 80-115 þúsund |
| Grindavík | 75-135 þúsund |
| **Hesthús í Glaðheimum** | 80-100 þúsund |
| Fjarðabyggð | 65-105 þúsund |
| Ísafjörður | 55-75 þúsund |
| Vestm.eyjar | 50-60 þúsund |
| Höfn í Hornafirði | 45-55 þúsund |

*Heimild: Verðsjá Fasteignamats ríkisins (www.fmr.is)*








Síminn
Skólatilboð
Símans
Sony Ericsson J300
Verð aðeins:
8.980 kr.
78gr.
Íslensk valmynd
SMS og MMS
128x128 pt. litaskjár
Tölvupóstur
Samkeyranlegur við tölvu
Motorola V3
Verð aðeins:
28.980kr.
95gr.
Bluetooth
SMS og MMS
240x320 pt. litaskjár
Tölvupóstur
Samkeyranlegur við tölvu
Myndavél
MP3 stuðningur o.fl
Sony Ericsson 290i
Verð aðeins:
4.980 kr.
79,2gr.
SMS og MMS
101x80 pt. litaskjár
Tölvupóstur
Samkeyranlegur við tölvu
Sony Ericsson K700
Verð aðeins:
14.980 kr.
93gr.
Íslensk valmynd
Bluetooth
SMS og MMS
176x220 pt. litaskjár
Tölvupóstur
Samkeyranlegur við tölvu
Mynda- og hreyfimyndavél
MP3 stuðningur o.fl
Nokia 6230i
Verð aðeins:
26.980 kr.
99gr.
Íslensk valmynd
Bluetooth
SMS og MMS
208x208 pt. litaskjár
Tölvupóstur
Samkeyranlegur við tölvu
Mynda- og hreyfimyndavél
MP3 stuðningur o.fl
Nokia 6101
Verð aðeins:
18.980 kr.
97gr.
SMS og MMS
128x160pt. litaskjár
Tölvupóstur
Samkeyranlegur við tölvu
Mynda- og hreyfimyndavél
MP3 stuðningur o.fl
800 7000 - siminn.is



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hversu marga verjendur sína rak Saddam Hussein í vikunni?*

2 *Hvað heitir einleikurinn sem Auðunn Blöndal leikur í og verður frumsýndur í október?*

3 *Hvaða sóknarmaður hefur verið orðaður við Breiðablik að undanförnu?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Áfengismál ofarlega á baugi í norsku kosningunum:

# Íhuga lækkun skatta

**NOREGUR** Áfengismál eru á meðal þess sem norskir stjórnmálamenn karpa um þegar rétt rúmur hálfur mánuður er til kosninga.

Norsku ÞINGKOSNINGARNAR

Kristilegi þjóðarflokkurinn hefur hingað til talað fyrir aðhaldi í áfengismálum en á fundi í Levanger í Þrændalögum í vikunni viðurkenndi Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra og leiðtogi flokksins, að stjórnvöld yrðu sennilega að slá af gjaldtöku af áfengi ef svo færi að Svíar drægju úr álögum á sitt vín eins og Göran Person, forsætisráðherra Svíþjóðar, hefur rætt um.

„Við búum í alþjóðasamfélagi með opnum landamærum, ekki síst með tilliti til Svíþjóðar. Það þýðir að við getum ekki haldið áfram að takmarka áfengisneyslu með álagningu gjalda, því þá myndi smygl og heimabruggun einfaldlega færast í aukana,“ sagði Bondevik á fundinum í Levanger. Þá lýsti Bjarne Håkon Hansen, talsmaður Verkamannaflokksins í félagsmálum, þeirri skoðun í samtali við Bergens Tidende að snarfjölga ætti áfengisverslunum ríkisins á landsbyggðinni. Það væri besta leiðin til að koma í veg fyrir að áfengi yrði selt í matvörubúðum. - shg



**ÁFENGISVERSLUN** Norski forsætisráðherrann hallast að því að álagning áfengisgjalda leiði af sér smygl frá Svíþjóð. MYND/AFP

Erlendir eftirlitsmenn:

## Fylgjast með kosningunum

**NOREGUR** Norðmenn hafa boðið eftirlitsmönnum frá ýmsum ríkjum þar sem lýðræði hefur staðið völtum fótum að fylgjast með framkvæmd norsku þingkosninganna.

Um er að ræða samvinnuverkefni Utanríkismálastofnunar Noregs (NUPI) og Den Norske Helsingforskomite og hefur 26 eftirlitsmönnum frá fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna í Mið-Asíu, Kákasus og Moldóvu verið boðið til landsins.

Norsku ÞINGKOSNINGARNAR

„Vestrænir eftirlitsmenn hafa fylgst með kosningum í þessum löndum um árabil. Nú viljum við sjá hvort norskar kosningar standast kröfur Öryggissamvinnustofnunar Evrópu – ÖSE,“ segir Berit Lindeman, ráðgjafi hjá Den Norske Helsingforskomite. ■

# Hjón reisa 400 íbúða hverfi

**Mosfellsbær hefur gert samkomulag við eigendur landsins Leirvogstungu í Mosfellsbæ um uppbyggingu 400 íbúða á næstu fjórum árum. Heildarkostnaður framkvæmdanna er talinn nema tveimur milljörðum króna. Með þessu vill bærinn koma til móts við auknar kröfur um framboð sérbýla í nágrenni Reykjavíkur.**

**UPPBYGGING** Mosfellsbær hefur gert samkomulag við eigendur landsins Leirvogstungu í Mosfellsbæ um uppbyggingu 400 íbúða næstu fjögur árin. Samningurinn er nýmæli því um einkaframkvæmd að öllu leyti er að ræða og uppbyggingin sveitarfélaginu alveg að kostnaðarlausu.

Skipulag gerir ráð fyrir að byggð verði sérbýli að mestu, enda mikil eftirspurn eftir slíkum eignum nálægt höfuðborgarsvæðinu. Heildarkostnaður vegna verkefnisins er talinn nema tveimur milljörðum króna en í þeim tölum er allur kostnaður vegna skipulagsvinnu og byggingakostnaðar auk vegavinnu. Framkvæmdaaðilinn tekur einnig að sér að fjármagna og byggja skóla og leikskóla á svæðinu en slíkt hefur ekki verið gert áður hér á landi. Mun sá skóli að líkindum verða sambyggður ef núverandi hugmyndir ganga eftir.

Bjarni Sv. Guðmundsson, sem á og rekur fyrirtækið Leirvogstungu ehf. ásamt konu sinni Katrínu Sif Ragnarsdóttur, segir engar hugmyndir uppi um hugsanlegt lóðaverð. „Við erum ekki komin svo langt að hugsa það til þrautar en leyfum markaðnum að ráða því þegar þar að kemur. Annars standa vonir til að íbúðakaupin á þessu svæði verði á færi venjulegs fólks og ekki endilega í þeim hæðum sem fregnir hafa borist af undanfarið.“

Hann segir að hugmyndin að íbúðarbyggð hafi kviknað fyrir alllöngu síðan en ekki sé sérstaklega hlaupið til vegna þess að fýsilegt sé að selja þessa dagana. „Það hefur tekið ákveðinn tíma að gera þetta að veruleika og ákvörðunin hefur ekkert með núverandi ástand á markaðnum að gera.“



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**LEIRVOGSTUNGA** Hjónin Bjarni Sv. Guðmundsson og Katrín Sif Ragnarsdóttir ásamt syninum Sveini Gabríel. Þau segja vonir standa til þess að íbúðakaup í nýja hverfinu verði á færi venjulegs fólks og ekki endilega í þeim hæðum sem fregnir hafa borist af undanfarið.



Leirvogstunga markast af Leirvogsá að norðan og Köldukvísl að sunnan og verður svæðið sérstaklega skipulagt með þarfir fjölskyldufólks í huga. Stutt er í íþrótta- og útivistarsvæði að Varmá auk annarra útivistarsvæða í nágrenninu. Mun byggðin samræmast stefnu Mosfellsbæjar og koma til móts við kröfur markaðarins um aukið framboð sérbýla í nágrenni Reykjavíkur.

albert@frettabladid.is

**HUGMYNDIR ARKITEKTA** Endanlegar tillögur liggja ekki fyrir um skipulag á Leirvogstungusvæðinu en allri uppbyggingu á að vera lokið að fjórum árum liðnum. Teikning þessi er meðal þeirra hugmynda um svæðið sem verið er að skoða.

## BANDARÍKIN

**ROBERTSON BIÐST AFSÖKUNAR** Bandaríski sjónvarpspredikarinn Pat Robertson hefur beðist afsökunar á ummælum sínum um að stjórnvöld í Washington ættu að láta ráða Hugo Chavez, forsætisráðherra Venesúela, af dögum. Hann hélt þó áfram að líkja Chavez við Adolf Hitler og Saddam Hussein og kvað hann tifandi tímasprengju.



**GLEYPTI DEMANT** Dómstóll í Raleigh í Norður-Karólínu hefur dæmt mann í átta mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Hann stal tveimur demöntum að verðmæti þriggja milljóna króna úr skartgripaverslun í bænum. Annan demantinn faldi maðurinn í skógi en gleypti hinn. Sá síðarnefndi skilaði sér fljótlega en ekkert hefur spurst til þess í skóginum.






NÝJUNG

Nú getur þú sótt um Íbúðalán SPRON
á www.spron.is - einfalt og pappírslaust



# 4,15% Íbúðalán SPRON

# öllum opin

## Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Himinn og haf / SÍA

**Viltu endurfjármagna?**

- Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hentar vel til endurfjármögnunar á eldri lánum.

**Ertu að kaupa íbúð?**

- Þú getur sótt um Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hjá SPRON.
- Einnig bjóðum við samsett Íbúðalán SPRON og Íbúðalánasjóðs á www.ibudalan.is – 4,15% vextir.

Þeir sem eru í fjölskylduþjónustu SPRON fá endurgreiðslu
á hluta af greiddum vöxtum vegna Íbúðalána SPRON.

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða á www.spron.is

spron
– fyrir allt sem þú ert



**FARMI VARPAÐ** Rússar og Kínverjar hafa að undanförnu staðið fyrir heræfingum á austurstrandarlandamærum ríkjanna. Þær eru augljóslega til marks um aukna hernaðarsamvinnu þessara tveggja stórvelda.

Þingeyingur á níræðisaldri hefur gefið 2,5 milljónir króna til hjálparstarfs:

# Óskaplegt að sjá heilu þjóðirnar svelta

**GÓÐGERÐARSTARF** Laufey H. Helgadóttir, 82 ára Þingeyingur sem búsett er í Borgarnesi, gaf nýlega eina milljón til hjálparstarfs Rauða krossins í Níger. Í Níger ríkir nú hungursneyð og óttast er um afdrif milljóna ef svo fer sem horfir. Laufey segir það góðverk að gefa fé í svona hjálparstarf.

„Ég er búin að lesa og sjá svo mikið af myndum af mörgum börnum sem fá ekki að borða. Það er óskaplegt að sjá heilu þjóðirnar svelta, sérstaklega ef maður hugsar um allan þann mat sem fer til spillis hér heima.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Laufey gefur stórar upphæðir til hjálparstarfs Rauða krossins. Í ársbyrjun gaf hún milljón til stuðnings fórnarlamba flóðbylgjunnar í Asíu og á síðasta ári gaf hún hálfa milljón í söfnunina Göngum til góðs til hjálpar börnum sem búa við ógnir stríðsátaka. Á einu ári hefur Laufey því gefið á þriðju milljón til hjálparstarfs.

Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, segist hrærð yfir framlögum Laufeyjar. „Laufey er einstök kona með stórt hjarta og geislar af mannkærleik og samfélagsvitund í víðum skilningi. Við erum henni afar þakklát.“

- ss



FRÉTTABLAÐIÐ/GÍSLI EINARSSON

**ÞAKKAÐ FYRIR GJÖFINA** Bjarni Þorsteinsson, formaður Borgarfjarðardeildar Rauða kross Íslands, heimsótti Laufeyju og færði henni þakkir fyrir framlagið.

Karl Gústaf í árekstri:

## Konungur slapp ómeiddur

**SVÍÞJÓÐ** Karl Gústaf Svíakonungur lenti í árekstri á silfurlitaðri BMW-bifreið sinni í gær. Hann ók aftan á bláan Volvo utan við hamborgarastaðinn Max í miðborg Norrköping skömmu fyrir hádegið.

Konungurinn sat sjálfur undir stýri en slapp ómeiddur úr árekstrinum. Bíll hans skemmdist hins vegar nokkuð. Konungurinn var á leið frá Solliden til Stokkhólms þar sem hann afhenti Vatnsverðlaun Stokkhólmsborgar í gærkvöldi. ■



**KONUNGSBÍLLINN KLESSTUR** Ók aftan á bláan Volvo.

Tónleikar í Kerinu í Grímsnesi:

## Haldnir til styrktar Björgu

**LISTVIÐBURÐIR** Fjöldi tónlistarmanna kemur fram á tónleikum sem haldnir verða í Kerinu í Grímsnesi klukkan tvö á morgun til styrktar björgunarsveitinni Björgu á Eyrarbakka. Röð báta á vatni sprengigígsins myndar svið fyrir listamennina, en gestir tylla sér í gróna hlíð Kersins. „Þetta eru þriðju tónleikarnir sem haldnir eru í Kerinu en slíkir tónleikar þykja mikil upplifun, ekki síst vegna magnaðs hljómburðar,“ segir í tilkynningu.

Hlöðver Þorsteinsson, varaformaður björgunarsveitarinnar Bjargar, segir tónleikana hafa verið vel sótta og hlakkar mikið til helgarinnar. „Í fyrra voru hér um 3.000 manns í blíðskaparveðri og spáin fyrir helgina núna spillir ekki fyrir,“ sagði hann og kvað næg bílastæði við Kerið.



**KERIÐ Í GRÍMSNESI** Kerið minnir um margt á grískt hringleikahús.

Aðgangseyrir er 1.000 krónur, en frítt fyrir börn undir fermingu.

Fram koma KK og Ellen Kristjánsdóttir, Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenórsöngvari, Ragnhildur Gísladóttir söngkona, Hreimur Heimisson, söngvari úr Landi og sonum, og Vignir Snær Vigfússon, tónskáld og gítarleikari Írafárs, auk fjölda annarra. Tónleikunum stjórnar Árni Johnsen.

- óká

# Ofbeldisbrotum fækkar mikið

**Ofbeldisbrot í miðbæ Reykjavíkur voru 40 prósentum færri á síðasta ári en árið 2000. Breyttum opnunartíma skemmtistaða og öryggismyndavélum um að þakka.**

**LÖGREGLUMÁL** Skráðum ofbeldisbrotum í miðborg Reykjavíkur fækkaði um 40 prósent á fimm ára tímabili frá árinu 2000 til loka ársins 2004. Lögregluyfirvöldum þykir þetta sýna að umtalsverður árangur hafi náðst og þakka það helst öryggismyndavélum og breyttum opnunartíma skemmtiog veitingastaða.

Þetta kemur fram í úttekt Boga Ragnarssonar. Þar segir að 2004 voru skráð 463 ofbeldismál í miðborginni en allt árið 2004 voru skráð 282 slík mál í bækur lögreglu. Fækkaði því brotum um tæplega 200 á þessum árum.

Skýrsluhöfundur bendir breyttan opnunartíma skemmti- og veitingastaða auk uppsetningar eftirlitsmyndavéla sem helstu orsakir þessarar fækkunar ofbeldisverka.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir skýrsluna sýna svo ekki verði um villst að staða mála í miðbænum hafi batnað til mikilla muna, þvert á það sem oft á tíðum kemur fram í fjölmiðlum. „Fjölmiðlar hafa tilhneigingu til að mála skrattann á vegginn hvað miðborgina varðar. Atburðir sem þar gerast virðast fá meiri og stærri umfjöllun í fjölmiðlum en sams konar atvik annars staðar. Við höfum staðið fyrir rannsókn sem sýnir og sannar að þegar umfjöllun um miðborgina var lítil í fjölmiðlum jókst öryggistilfinning almennings til muna.“

Tvennt skekkir úttektina að nokkru leyti. Annars vegar er enginn samanburður á því hvort brot voru almennt grófari eða vægari umrædd ár en ýmsir læknar telja líkamsárásir verða alvarlegri ár frá ári. Hins vegar er töluverður fjöldi brota sem aldrei er kærður eða kemur að öðru leyti ekki til kasta lögreglu og er því ómælanlegur.

albert@frettabladid.is

**STAÐREYNDIR ÚR SKÝRSLUM LÖGREGLUNNAR**

- 89 prósent þeirra sem ofbeldisverk frömdu í miðbænum á síðasta ári voru ölvuð
- 64 af 249 ofbeldismálum á síðasta ári eru enn óupplýst
- Vopn koma ekki við sögu í meirihluta ofbeldismála
- Ofbeldismál eru algengust kringum upphaf nýs kortatímabils í hverjum mánuði



**ERILL Á MENNINGARNÓTT** Lögreglumenn þurftu að hafa afskipti af fjölda fólks í miðbæ Reykjavíkur eftir að dagskrá Menningarnætur lauk.

Háskólarektor segir fræðimenn standa sig í starfi:

## Flestir í rannsóknum

**RANNSÓKNIR** „Það er beinlínis rangt að segja að fjórði hver fræðimaður sé óvirkur í rannsóknum,“ segir Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, um niðurstöður úttektar sem greint var frá í Fréttablaðinu í vikunni. Þær gáfu til kynna að fjórðungur fræðimanna í fullu starfi við HÍ væri nánast óvirkur í rannsóknum.

„Stór hluti þessa hóps er virkur en ekki fullvirkur og á því geta verið ýmsar skýringar,“ segir Kristín og bendir á að Ísland sé í sjöunda sæti á heimsvísu í birtum rannsóknum miðað við höfðatölu, sem gæti aldrei gerst væru svo margir fræðimenn óvirkir.

Kristín segir einnig langan tíma geta tekið fyrir yngstu fræðimennina að koma sér fyrir. Þá geti tekið langan tíma að fá birtingarhæfar niðurstöður úr viðamiklum rannsóknum og engin rannsóknarstig fáist á meðan. Að sögn Kristínar skila þó fimm til sjö prósent fræðimanna ekki viðunandi árangri í starfi og tekið verður á því.

- grs


FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Gefðu þér tíma í Leifsstöð



Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30

Forðist biðraðir á flugvellinum

Vegna aukinna öryggisráðstafana á flugvöllum og til hægðarauka hvetjum við farþega til að mæta tímanlega í Leifsstöð þegar farið er úr landi. Við mælum með að farþegar mæti í flugstöðina tveimur klukkustundum fyrir brottför.

Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 á morgnana í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Athugið að innritun í Flugstöðinni hefst kl. 5.00.
Tilboðið gildir frá 1. júní - 31. ágúst 2005

Finnið rúturnar með okkar merki

ferð til fjár! Fríverslun Leifsstöð

# VAXTALAUST

## Vaxtalausir dagar hjá Bílalandi B&L frá 24. til 27. ágúst.

# 0%

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og ásláttarvillur

## 0% VEXTIR - 100% LÁN
## 0% LÁNTÖKUGJALD

Dæmi

**VOLKSWAGEN PASSAT**
Nýskr. 11.1999, 1600cc vél,
4 dyra, 5 gíra, ekinn 148 þ.

**Kr. 16.320 í 48 mánuði**
**og þú eignast bílinn**





Dæmi

**HYUNDAI ACCENT**
Nýskr. 04.1998, 1500cc vél,
5 dyra, bsk, ekinn 89 þ.

**Kr. 8.400 í 48 mánuði**
**og þú eignast bílinn**

Með bílinn handa þér



Dæmi

**RENAULT LAGUNA**
Nýskr. 06.2000, 2000cc vél,
5 dyra, sjsk, ekinn 90 þ.

**Kr. 20.849 í 48 mánuði**
**og þú eignast bílinn**

bíla B&L land
notaðir bílar

**Vaxtalausir dagar eru einnig hjá umboðsmönnum B&L Akureyri, Akranesi og Keflavík.**
**SG Bílar Keflavík S: 421 4444 • Bílás Akranesi S: 431 2622 • Bílasala Akureyrar S: 461 2533**

**575 1230** Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og lau. frá kl. 12 til 16.

Grjóthálsi 1
bilaland.is




**MÓTMÆLT Í BANGLADESS** Kona heldur á mótmælaskilti í árlegum mótmælum í Dhaka þar sem konur í Bangladess krefjast réttar til stjórnmálaþátttöku á við karla.

Búið að ráða í nær allar lausar stöður í leikskólum á Akureyri:

# Hátt hlutfall menntaðra kennara

**LEIKSKÓLAR** Mun betur gengur að manna leikskólana á Akureyri en í Reykjavík og Kópavogi og er búið að ráða í nær allar lausar stöður hjá leikskólum bæjarins. Gunnar Gíslason, deildarstjóri skóladeildar, segir þar muna mestu um hátt hlutfall menntaðra leikskólakennara á leikskólunum fyrir norðan en Háskólinn á Akureyri hafi útskrifað marga leikskólakennara á undanförnum árum. „Okkur hefur því gengið vel að fá menntaða kennara og starfsmannaveltan hefur dregist verulega saman á undanförnum árum þar sem okkur hefur tekist að halda í kennarana,“ segir Gunnar.

Hlutfall menntaðra leikskólakennara er 67 prósent á Akureyri en 40 prósent í Reykjavík. Auk þess gengur betur að fá ófaglærða starfsmenn til starfa á leikskólum á Akureyri en á höfuðborgarsvæðinu.

Helena Karlsdóttir, forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra, telur ýmsar ástæður liggja að baki og segir að hugsanlega eigi hátt hlutfall kvenna á atvinnuleysisskrá á Akureyri einhvern þátt en telur minna framboð af störfum á Akureyri en á höfuðborgarsvæðinu þó vega þyngra.

- kk



FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

**LEIKSKÓLABÖRN Á AKUREYRI** Á leikskólunum á Akureyri er hlutfall menntaðra leikskólakennara 67 prósent en 40 prósent í Reykjavík.



**MILLJÓNIN AFHENT** Birkir Þór Bragason, Ástríður Pálsdóttir, Martha Ósk Kjartansdóttir, Bergþór Már Arnarson og Kjartan H. Kjartansson.

Arfgeng heilablæðing:

## Milljón til rannsókna

**STYRKTARTÓNLEIKAR** Bergþór Már Arnarson, sem stóð fyrir styrktartónleikum til rannsóknar á arfgengri heilablæðingu í Smáralindinni í apríl, afhenti Ástríði Pálsdóttur, lífefnafræðingi við Tilraunastöðina á Keldum, 1.010.770 krónur, sem var ágóði tónleikanna.

„Unnusta mín lést í febrúar af völdum sjúkdómsins,“ segir Bergþór. „Mér fannst þetta svo sérstakt, þar sem þessi sjúkdómur finnst einungis hér á landi. Því ákváðum við fjölskylda hennar að vinna að þessu verkefni.“ Bergþór segir tónleikana hafa verið stórkostlega, og ekki hafi verið síðra að allir gáfu sína vinnu og framlög til þeirra.

- ss

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**KLIPPT AF BÍLUM** Lögreglan í Hafnarfirði og Garðabæ klippti númer af þrettán bifreiðum í fyrrinótt sem eigendur höfðu ekki hirt um að greiða ábyrgðartryggingar af á réttum tíma.

# Næsta lota viðræðna að hefjast

**Fulltrúar Bandaríkjamanna og Íslendinga hittast í næsta mánuði hér á landi til að ræða framtíð herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Laga þarf starfsemina að núverandi öryggishagsmunum að mati bandarískrar nefndar sem nýverið skilaði þingi og forseta skýrslu um starfsemi herstöðva.**

**VARNARSAMNINGURINN** Nefnd á vegum bandarískra stjórnvalda leggur til að varnarsamningurinn við Íslendinga verði endurskoðaður með breytta öryggishagsmuni í huga í kjölfar kalda stríðsins. Lagt er til að endurskoðuð verði þörf fyrir herafla og umsvif sjó- eða flughers hér á landi.

Nefndin skilaði Bandaríkjaforseta og bandaríska þinginu um 200 blaðsíðna skýrslu 15. ágúst síðastliðinn. Í niðurstöðum skýrslunnar eru aðeins átta tillögur og lýtur ein þeirra einvörðungu að varnarsamningnum við Ísland.

Í bréfi með skýrslunni segjast nefndarmenn vona að hún veki og styrki þjóðlega vitund um hve mikilvæg staðsetning Bandaríkjamanna hvarvetna í heiminum sé fyrir öryggishagsmuni þjóðarinnar. Nefndin kveðst hafa einbeitt sér að þessum hagsmunum og aðbúnaði hermanna og fjölskyldna þeirra þegar þeir snúa heim frá herstöðvum víða um heim.

Meðal þess sem nefndin leggur til er að Bandaríkjaþing hafi meira eftirlit með áætlunum bandaríska varnamálaráðuneytisins um endurskipulagningu og samhæfingu herstöðva sinna víðsvegar um heim. Huga verði vel að tímaáætlunum í því sambandi.

Meðal annars er fjallað um herstöðvar Bandaríkjanna í Japan en þar er gert ráð fyrir að flugherinn taki við einni herstöð af sjóhernum á Okinawa-eyju.

Lagt er til að herfylki sem ráðgert var að snúa aftur til Bandaríkjanna verði áfram í Evrópu. Einnig er mælt með því að stjórnvöld hugi að auknum tengslum við svæði í Afríku og Suður-Ameríku sem kunni að verða hernaðarlega mikilvæg í framtíðinni.

Viðræður um framtíð herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli hófust í sumar. Annar fundur viðræðunefnda bandarískra og íslenskra stjórnvalda verður hér á landi í byrjun september næstkomandi.

Ráðgjafar og sérfræðingar á vegum flughersins sátu fyrir mánuði fund með yfirmönnum herstöðvarinnar. Þar var fjallað um rekstur hennar og búnað, en ráðgert er að flugherinn taki við rekstri stöðvarinnar.

johannh@frettabladid.is



**HERSTÖÐIN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Viðræðum um umsvif herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli í framtíðinni verður fram haldið í næsta mánuði.




Sérfræðingar spá allt að þriðjungs verðlækkun:

## Olíuverð aldrei verið hærra

**OLÍUVERÐ** Sérfræðingar búast við að olíuverð lækki á næstu misserum, þrátt fyrir að olíufatið hafi í gær farið í 68 dali á fat í Asíu og verð hafi aldrei verið hærra.

Í Morgunkornum Íslandsbanka kemur fram að samkvæmt sérfræðingum Morgan Stanleybanka séu miklar hækkanir undanfarinna mánuða til komnar vegna aukinnar eftirspurnar og að þar með sé innbyggð ákveðin leiðrétting ef hægja fari á hjólum efnahagslífs iðnríkjanna.

Olía kostaði rúmlega tuttugu dali á fat um áramótin 2001 til 2002 og hefur verð síðan hækkað jafnt og þétt. Sérfræðingar Morgan Stanley telja að meðalverð olíufats verði 48 dalir þetta ár og næsta og muni líklega staðnæmast í 38 dölum um síðir.

Hækkanir undanfarinna daga eru raktar til þess að gengið hefur á umframbirgðir Bandaríkjamanna, auk þess sem eftirspurn Kínverja hefur aukist. Ekki bætti heldur úr skák að loka varð olíuvinnslustöðvum við Mexíkóflóa vegna hættu á fellibyljum.

- jsk

MYND/AFP



**NÓG AÐ GERA HJÁ KAUPENDUM OG SELJENDUM** Olían heldur áfram að hækka og fór í rúma 68 dali í gær. Sérfræðingar telja þó líklegt að verðhækkanir gangi til baka.



**KRINGLAN ORÐIN ÞRÁÐLAUST NETSVÆÐI** Um fimmtán þúsund manns leggja leið sína í Kringluna á degi hverjum og eiga þess nú kost að tengjast netinu þráðlaust hvar sem þeir eru staddir í húsinu.

Ókeypis á netið:

## Kringlan er heitur reitur

**UPPLÝSINGATÆKNI** Gestir og gangandi geta tengst netinu ókeypis í Kringlunni í Reykjavík eftir að Og Vodafone opnaði þar svokallaðan Heitan reit (Hot Spot), en það er þráðlaus háhraðanettenging. „Heitur reitur gerir gestum með fartölvur mögulegt að vafra um á Netinu, sýsla með tölvupóst og miðla gögnum sín á milli,“ segir í tilkynningu félagsins, en einnig verður hægt að tengjast skólanetum um svokölluð vinnuhlið (VPN-gátt og TELNET).

Kringlan er því orðin stærsta þráðlausa netsvæði landsins sem er ætlað almenningi; um 20 þúsund fermetrar.

- óká

Office1Superstore

# Ódýrari skólavélar

## Traust vörumerki og fyrsta flokks þjónusta



### 2.940,-

## Fartölva

**HP Compaq nx6125 S3100+ 15.0**
PY420EA
Örgjörvi: AMD Sempron 3100+ (1.8Ghz)
Þyngd: 2,7 kg
Höggvörn á hörðum disk
Vökvavörn á lyklaborði

**Kaupauki með S3100!**
Vönduð CaseLogic fartölvutaska fylgir með HP Compaq NX6125
**að verðmæti 6.495,-**

- Skjár: 15" XGA 1024x768 Öflugt skjákort, ATI X300 (allt að 128MB)
- 512 MB — Minni: 512MB DDR RAM Mest 2 GB
- DVD — Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)
- Lithiumrafhlaða allt að 3,45 klst (8,45 klst með ferðarafhlöðunni)
- Fingrafaralesari Kortalesari fyrir 6 gerðir minniskorta
- 60 GB — Diskur: 60GB 4200rpm
- 802.11b/g WLAN (þráðlaust netkort)
- Stýrikerfi: Win XP-Pro með servicepack 2

**2.940,-** Tölvukaupalán 48 mán.*
**8.325,-** Vaxtalaust í 12 mán.**
**99.900,-** Staðgreitt

### 3.730,-

## Fartölva

**HP Compaq nx6125 ML-34 15.0**
PY416EA
Örgjörvi: AMD Turion ML-34 (1.8Ghz)
64 bita tækni. 1MB cache minni
Þyngd 2,7 kg
Höggvörn á hörðum diski
Vökvavörn á lyklaborði

LightScribe
**LightScribe** tæknin gerir þér kleyft að merkja geisladiska í sama drifi og notað er til að skrifa á þá gögn. Enga límmiða eða tússpenna **...bara flott!**

**A.T.H! Óbreytt verð með LightScribe!**

- Skjár: 15" SXGA 1400x1050 Öflugt skjákort, ATI X300 (allt að 128MB)
- 512 MB — Minni: 512MB DDR RAM Mest 2 GB (stakur kubbur)
- DVD — Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)
- Lithiumrafhlaða allt að 3,45 klst (8,45 klst með ferðarafhlöðunni)
- Fingrafaralesari Kortalesari fyrir 6 gerðir minniskorta
- 80 GB — Diskur: 80GB 5400rpm og Bluetooth
- 802.11b/g WLAN (þráðlaust netkort)
- Stýrikerfi: Win XP-Pro með servicepack 2

**3.730,-** Tölvukaupalán 48 mán.*
**10.825,-** Vaxtalaust í 12 mán.**
**129.900,-** Staðgreitt

**Fyrsta greiðsla 1. október**

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

## ADSL TILBOÐ

***Með hverri seldri fartölvu hjá Office one fylgir:***
- 2 frí mánaðargjöld fyrir núverandi og nýja ADSL viðskiptavini OgVodafone

***Dæmi um ávinning þess að vera með ADSL hjá Og Vodafone***
- Sunnudagar eru frídagar
- Þú greiðir aldrei fyrir meira en 2 GB erlent niðurhal
- Ekkert stofngjald í ADSL þjónustu og frí uppsetning í verslunum Og Vodafone
- Allt að 5 pósthólf
- Vírusvörn á pósthólf
- 50 MB heimasíðusvæði
- Gjaldfrjálst þjónustunúmer 1414
- Verðtrygging á erlendu niðurhali

og vodafone™

**FYLGIR!**

## Verbatim All In One

1) vefmyndavél
2) minnislykill 128 MB
3) ljósmyndavél
4) videovél - 12 mín.
5) diktafónn 60 mín.

**Að verðmæti 11.900,-**

## Hugbúnaður

**MS Office student version**

Bættu við aðeins **1.416,-** á mánuði og fáðu Word, Excel, Outlook og Power Point. Vaxtalaust í 12 mánuði
Staðgreitt 16.990,-

## 3 ÁR Alþjóðleg ábyrgð

Bættu við **833,-** á mánuði og þú færð þriggja ára alþjóðlega ábyrgð. Gildir í Evrópu og Norður-Ameríku. Vaxtalaust í 12 mán.
Staðgreitt 10.000,-

## McAfee Vírusvörn og eldveggur

Bættu við **499,-** á mánuði og vertu öruggur.
Vaxtalaust í 12 mán.
Staðgreitt 5.995,-

## 4t+5t Aukarafhlaða

Bættu við **1.570,-** á mánuði og vertu lengur á ferðinni. Vaxtalaust í 12 mán.
Staðgreitt 18.900,-

Tilboðin gilda út ágúst 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

**OPIÐ ALLA DAGA!**
Skeifan 17
Smáralind
Akureyri
Egilsstaðir
Ísafjörður

# Office1Superstore

*Það er bara einn sem er alltaf ódýrastur!*


bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is
BJARNA BRUGG
49
500 ml KR.
20% afsláttur við kassann
VILLI LAMBASTEIK
959 kg KR.
20% afsláttur við kassann
Merkt verð 1199kr.
KJARNAFÆÐI
Lambasteik
BEINLAUS OG VILLIBRÁÐARKRYDDUÐ
EKKERT BRUÐL
100 grömm Furuhnetur
BÓNUS Furuhnetur
129
100g KR.
ÍSLENSKAR PREMIER OG RAUÐAR
Kartöflur
NÝ UPPSKERA!
TVÖ KÍLÓ!
59 KR.
Súkkulaði Ís 2
2 LÍTRAR
159 KR.
Vanillu Ís 2
BÓNUS
12 salernisrúllur
BÓNUS
12 RÚLLUR
189 KR.
500 A4 blöð
NOR COPY business
500 PRENTBLÖÐ
259 KR.
500 BLÖÐ
Prentpappír
ERAN/Landlist
Bónus býður betur!
EKKERT BRUÐL
KF salötin
350g
Hrásalat
Kartöflu salat
98
350g KR.
erno's
300/350g PITSA
95 KR.
Pizza Margherita
Pizza Salami
Pizza de Salame
Búum okkur undir veturinn!
Lýsi D + KALK
699 KR.
LÝSI-D & KALK
HEILSUTVENNA
579 KR.
HEILSUTVENNA
Lýsi OMEGA-3
799 KR.
OMEGA-3 FORTE
500mg 50 TÖFLUR
299 KR.
LÝSI LIÐAMÍN
LÝSI OG LIÐAMÍN
1289 KR.
bragðminna LÝSI
BÆTANDI
BÓNUS
299
500 ml KR.
Það byrjar allt í Bónus!
100mg 100 TÖFLUR
259 KR.



I. flokks frosið SS SÚPUKJÖT
Súpukjöt frá SS þjóðlegt og gott
I. FLOKKS SÚPUKJÖT
359 kg KR.
SS fremstir fyrir bragðið
EKKERT BRUDL
-og ferska íslenska grænmetið!
MYLLAN ALLTAF NÝ BAKAÐ
HÁLFT MYLLU HEILHVEITIBRAUÐ
49 385g KR.
15 85g KR.
85 grömm
Skyndinúðlur
199 EITT KÍLÓ KR.
BÓNUS MÚSLÍ Trefjaríkt morgunkorn
BÓNUS
HARÐFISKUR
ÓBARINN HARÐFISKUR
3999 kg KR.
Alvöru harðfiskur
ÓBARIN ÝSA OG ÓBARINN STEINBÍTUR
Heilhveitibrauð
HÁLFT 385g MYLLUBRAUÐ
30% afsláttur við kassann
BÓNUS
BÓNUS SKINKA
599 kg KR.
BÓNUS HANGIÁLEGG
1749 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
MERKT VERÐ 2499 KR.
SKÓLA OSTUR
SKÓLAOSTUR
20% verðlækkun
757 kg KR.
Skinkan, hangiáleggið og osturinn
bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

*„Þetta hefur verið mjög langur tími og stundum hefur maður haft von um að fá að losna en ekkert gerst. Ég trúi varla að frelsið sé í nánd og varla fyrr en ég fæ það skriflegt.“*

ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON Í FRÉTTABLAÐINU.

*„Það ber vott um firringu að hafa stórfelldar áhyggjur af þessu.“*

EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON ÞINGMAÐUR Í FRÉTTABLAÐINU.

nær og fjær

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** AUÐBJÖRG AGNES GUNNARSDÓTTIR, KYNNINGARFULLTRÚI Á BIFRÖST

## Paramyndanir algengar á Bifröst



„Það er allt gott að frétta af Bifröst, hér er allt að fara af stað og skólinn verður settur sunnudaginn 4. september,“ segir Auðbjörg Agnes Gunnarsdóttir, kynningarfulltrúi í Viðskiptaháskólanum á Bifröst. Formlegur titill hennar er reyndar mun lengri, hún er í raun kynningar- og almannatengslafulltrúi og forstöðumaður Símenntunar Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Vel á sjötta hundrað nemendur verða við nám í skólanum í vetur og hefur aðsókn að honum aldrei verið meiri. Komust færri að en vildu. „Það voru tveir til þrír um hvert laust pláss,“ segir Auðbjörg Agnes, sem skilur vel áhuga fólks á að setjast á skólabekk á þessum fallega stað.

Það heyrir líka til tíðinda að heilsársskóli hefst á Bifröst í haust og getur fólk því útskrifast með próf upp á vasann nokkuð fyrr en áður. „Framvegis getur fólk lokið BA- og BS-prófi á tveimur árum hjá okkur. Það tekur þá þrjár annir í stað tveggja áður á einu ári.“ Að auki hefst kennsla við nýja deild þar sem kennd verða hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði. „Námið er byggt á grunni frá Oxford og er á mjög breiðum grundvelli. Það er tilvalið fyrir blaðamenn og stjórnmálamenn og aðra þá sem vasast í þjóðmálunum.“

Auðbjörg Agnes hefur búið á Bifröst í sex ár, frá því að hún hóf nám við skólann 1999, og helst vill hún hvergi annars staðar vera. „Það er yndislegt að vera hér enda umhverfið dásamlegt. Það er hægt að skreppa upp á Grábrók í hádeginu og rölta niður að Hreðavatni eftir kvöldmat.“ Hún býr þar með fjölskyldu sinni en manni sínum kynntist hún einmitt við skólann. „Það er mikið um paramyndanir hérna enda sækir líkur líkan heim,“ segir Auðbjörg Agnes og hlær.

**ÁSTKÆRA YLHÝRA**

## Galdrastafurinn

Einn er sá stafur í íslensku ritmáli sem er gæddur þeirri náttúru að hann tekur sér gjarnan stöðu í miðju orði þótt hans sé ekki óskað en er fjarverandi þegar hann á þar skyldum að gegna. Þetta er errið. Í samsettum orðum ruglast oft talan á fyrri hlutanum þannig að úr verða orð eins og yfirburðarstaða, vinsældarlisti, ólíkindartól, tengdarfaðir og Lundúnarlið, þar sem errinu er ofaukið í ljósi þess að fyrri hlutinn ætti að vera í eignarfalli fleirtölu. Auk þess má nefna verri dæmi eins og brjóstarhaldara, sem er næsta óskiljanlegt en þó sérkennilega vinsælt. Eins sjást stundum orð eins og ábyrgðaleysi, greinagerð, byltingakenndur, dráttavél og aðstoðamaður, þar sem errið ætti að vera til staðar til merkis um að fyrri orðhlutinn sé í eignarfalli eintölu. Í ljósi þessa lúmska eiginleika errsins mætti því þýða latneska máltækið „Errare humanum est“ sem „Það er mannlegt að klúðra errinu“. Góðar stundir.

magnus@frettabladid.is



**HAFDÍS LILJA OG KLARA MALÍN** Söfnuðu 720 krónum fyrir Rauða krossinn. Þær sögðust vonast til þess að peningarnir færu til Afríku.

## Vildu hjálpa Afríku

Þær vinkonur Hafdís Lilja Torfadóttir og Klara Malín Þorsteinsdóttir héldu nýlega tombólu til þess að safna fyrir Rauða krossinn. Þær seldu meðal annars bækur og geisladiska. Salan gekk vel enda verðið hagstætt.

Þær sögðust vonast til þess að upphæðin, alls 720 krónur, myndi renna til Afríku.

Fjöldi barna færir Rauða krossinum afrakstur tombóla og rennar peningarnir jafnan til aðstoðar bágstöddum börnum í fjarlægum löndum.

- FGG / BÞS



**KÁTIR Á KIRKJUGARÐAÞINGI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, setti þingið í gær. Auk hans eru meðal annarra á myndinni Jón Dalbú Hróbjartsson, prestur í Hallgrímskirkju, Jón Baldursson vígslubiskup á Hólum, Karl Sigurbjörnsson biskup og Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarðanna í Reykjavík.

# Engin grafarþögn hér

**400 fulltrúar sitja þing Sambands norrænna kirkjugarða og bálstofa í Háskólabíói. Helsta umræðuefnið er kirkjugarðurinn sem verustaður og er þar átt við að kirkjugarðar séu jafnt fyrir lifendur sem látna.**

Létt og þægileg stemning ríkti við setningu þings Sambands norrænna kirkjugarða í Háskólabíói í gærmorgun. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, setti þingið og að ávarpi hans loknu flutti Big band Reykjavíkur nokkur lög. „Við fengum svolitla djasssveiflu til þess að vekja menn,“ segir Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Þingið er haldið á fjögurra ára fresti og að þessu sinni er helst rætt um hvernig auka megi gildi kirkjugarða sem verustaðar. „Við viljum opna garðana meira,“ segir Þórsteinn. „Þeir eru griðastaður fyrir fólk sem vill ganga úti í fallegri náttúru og njóta friðar í miðri borg.“ Margir kirkjugarðar Norðurlandanna eru einstaklega fallegir og minna um margt meira á skrúðgarða en dvalarstað látinna. „Víða úti er meiri runnagróður en hér og dýralíf er einnig fjölbreyttara,“ segir Þórsteinn en minnir um leið á að margir íslenskir garðar státi af fallegum gróðri og fuglasöng. Sjálfur lítur hann iðulega í kirkjugarða á ferðum sínum um fjarlæg lönd, finnst þægilegt að setjast þar á bekk og hugsa eða tala í síma.

340 erlendir gestir sækja þingið og eins og gengur þarf fólk ekki að sitja undir fyrirlestrum eða taka þátt í umræðum daginn út og inn. Síðdegis í gær var Þjóðminjasafnið heimsótt og í dag verður farið í Kirkjugarða Reykjavíkur.

Hátíðarkvöldverður verður svo á Nordica hóteli í kvöld þar sem Örn Árnason fer með gamanmál.

„Það ríkir engin grafarþögn hér,“ sagði Þórsteinn léttur í bragði og fullyrti aðspurður að útfarir færu fram með hefðbundnum hætti þótt þessi fjöldi fulltrúa norrænna kirkjugarða væri saman kominn í Reykjavík í nokkra daga.

bjorn@frettabladid.is

Íslands- og Evrópumót í kranastjórnun:

## Bestu kranamenn lýðveldisins keppa

Von er á snilldartöktum í Bæjarflötinni í Grafarvogi í dag þegar allir helstu og bestu kranamenn landsins reyna með sér á Íslandsmótinu í kranastjórnun. Í gær höfðu þrjátíu skráð sig til leiks og von var á fleiri þátttakendum.

„Þetta verður spennandi,“ segir Sigurjón Alfreðsson í Merkúr, en fyrirtækið hefur umboð fyrir þýsku Liebherr-kranana, sem eru sagðir þeir bestu sem völ er á. „75 prósent af öllum krönum í landinu eru Liebherr,“ segir Sigurjón og bætir við að tuttugu slíkir hafi selst í ár. Liebherr-kranar kosta frá rúmum fjórum milljónum og upp í 43 milljónir, allt eftir stærð og lúxus.

Keppendur þurfa að leysa þraut sem snýst um að stýra steypusílói tiltekna leið og steypa úr því bolta sem á að falla á ákveðinn stað. Tími er tekinn og má búast við því að þeir bestu verði um eða undir tveimur mínútum að ljúka þrautinni.

Til nokkurs er að vinna því sigurvegarinn hlýtur nafnbótina Íslandsmeistari í kranastjórnun og verður að auki fulltrúi Íslands á Evrópumeistaramótinu sem fram fer í Þýskalandi í haust.

- bþs



**SIGURJÓN OG KRANINN** Sigurvegarinn á Íslandsmótinu tekur þátt í Evrópumeistaramótinu í Þýskalandi í haust fyrir Íslands hönd.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Á bakhlið klukkunnar er að finna:
Bifreiðastæðaklukkan veitir rétt til að leggja í tiltekin bílastæði án gjalds í 15 mínútur, 1 klst. eða 2 klst. eftir því sem merkt er á viðkomandi stæði.
1. Klukkuskífan stillt á komutíma ökutækis í bifreiðastæði
2. Klukkan er lögð að innanverðri framrúðu hægra megin þannig að klukkuskífan sjáist tryggilega utan frá.
Engir stöðumælar lengur!
Frá kl. 13.00 föstudaginn 26. ágúst koma bifreiðastæðaklukkurnar í staðinn. Þú stillir klukkuna á komutíma og getur lagt bílnum þínum í 15, 60 eða 120 mínútur endurgjaldslaust.
Bifreiðastæðaklukkunni verður dreift í öll hús á Akureyri á allra næstu dögum
Einfaldara getur það varla verið
ÁSPRENT STÍLL

# ALLTAF BETRI TILBOÐ




**UNITED** UTV4028

28" Nicam Stereó SJÓNVARP með textavarpi, 2 Scart tengjum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 29.990**
FULLT VERÐ kr. 34.990




**JVC** AV32H40

32" 100Hz BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Natural Flat myndlampa, 2x20w Nicam stereó hljóðkerfi, Hyper Sound, 3 Scart tengjum og RCA/SVHS að framan, heyrnartólstengi, textavarpi með 720 síðna minni, fjölkerfa móttöku og fjarstýringu.

**TILBOÐ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 83.990




**UNITED** LTV32

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) upplausn og Progressive Scan, HDTV Ready (styður 720p og 1080i), 800:1 skerpu og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengi, Component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA), AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd (2 Tunerar), textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 169.990

ÖRÞUNNT LCD




**PHILIPS** 32PF4320

32" High Definition LCD SJÓNVARP með móttakara, 1366x768 (VGA, SVGA, WXGA) upplausn, 3D Comb Filter og Digital Crystal Clear, ljósskynjara og Active Control til að minnka glampa, 2 x 30w Virtual dolby Surround, 6 breiðtjaldsstillingum, 2 Scart tengjum og SVHS, íslensku textavarpi og borðstandi.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990

ÖRÞUNNT LCD




**UNITED** PTV42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990

ÖRÞUNNT PLASMA




ÖRÞUNNT PLASMA

**Dantax** 42PLASMA01

42" ED PLASMA BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 852x480 (VGA, WVGA) upplausn, 10000:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, tónjafnara, 3 Scart tengjum, textavarpi, fjarstýringu og veggfestingu.

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990

WWW.HUGVERKA.IS

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.


allt fyrir heimilið á einu
...og ekki ske
ómissandi með humrinum!
nývedddur humar!
Natumi lífrænar sojavörur
159 kr.ltr.
Natumi sojamjólk 1 ltr.
þú kaupir Weetos súkkulaðiviðbit og færð hunangs-viðbit frítt með!
40% meira magn
20% meira
289 kr.pk.
Weetos morgunkorn 20% meira fyrir sama verð
99 kr.stk.
Egils Kristall sítrónu 2 ltr.
149 kr.pk.
Capri súkkulaðibitar 200 gr.
99 kr.pk.
Hy-Top marshmallows
Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 26. til 28. ágúst (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# m stað og frábært rval

## mmir erðiðv



**25%** afsl. v. kassa
Gourmet ungnautahakk



**899** kr.kg.
Bautabúrs grísaofnsteik
verð áður 1.528 kr.kg.

BAUTABURIÐ - fullt búr matar



ÍSFUGL

**499** kr.stk.
Ísfugl eldaður heill kjúklingur




**1.249** kr.kg.
Helgargrís með pestó á ítalska vísu



**299** kr.kg.
Saltkjöt ódýrt




„Donut" ferskjur
ný tegund af ljúffengum ferskjum



**199** kr.kg.
Vínber græn og rauð



**99** kr.kg.
Kiwi



**99** kr.kg.
Hunangsmelónur

netto

**HVERS KYNS ERU REKTORAR Í SKÓLUM Á HÁSKÓLASTIGI?**

Heimild: HAGSTOFAN




**baksvið**

*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: MATSEÐILL ÞORSKSINS

# *Hefur þorskurinn minna að éta en áður?*

Í Arnarfirði er unnið að fiskifræðilegum rannsóknum sem miða að því að vernda rækjuna í firðinum fyrir þorski. Rannsóknin er fólgin í því að að gefa þorskinum loðnu á ákveðnum stöðum og með því móti er reynt að laða hann frá heimkynnum rækjunnar í firðinum. „Það er mikið í húfi að vernda þennan rækjustofn í Arnarfirði þar sem þetta er eini rækjustofninn sem eftir er hér við land sem heldur sig innan fjarðar,“ sagði Björn Björnsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnuninni, í samtali við Fréttablaðið. Hann kvað þorskinn hafa étið upp rækjuna annars staðar.

**Hvað étur þorskurinn?** Þorskurinn er ránfiskur. Útbreiðsla hans um öll norðurhöf bendir til þess að hann sé ekki sérlega matvandur. Glöggir fiskimenn hafa einnig þóst sjá náið samband milli fæðuframboðs og útbreiðslu þorsksins í hafinu. Þegar lítið sé að hafa dreifi þorskurinn sér um allan sjó og nálgist jafnvel strendur landsins. Í góðæri halli hann sér fremur að loðnutorfum eða annarri svipaðri fæðu. Margir sjómenn telja jafnvel að þorskurinn fylgi eftir flökkutorfum á borð við síld og loðnu langar leiðir.

Hafrannsóknastofnunin hefur frá árinu 1995 farið í svonefnt haustrall og aflað sýna úr þorskmaga allar götur síðan.
Í gögnum stofnunarinnar má sjá að á árunum 1995 til 2002 kom fyrir að loðna var allt að helmingur fæðunnar á matseðli þorsksins. Síðustu þrjú árin hefur hlutfall loðnu í fæðu þorsksins minnkað hratt og var orðið óverulegt í fyrra. Um fjórðungur fæðunnar var



rækja á árunum 1995 til 1997. Þetta hlutfall hefur einnig lækkað mjög á síðustu árum.
Í haustralli Hafrannsóknastofnunarinnar í fyrra var loðna og rækja orðin óverulegur þáttur í fæðu þorsksins. Um 60 prósent fæðunnar voru annað og óskilgreint en talsvert af fæðunni var síld og kolmunni og jafnvel smáýsa. Þess má einnig geta að magafylli þorsksins hefur minnkað samfellt í fjögur ár.
Ekki verður ráðið af gögnum Hafrannsóknastofnunarinnar hvort þorskurinn éti meira undan sjálfum sér við þessar aðstæður.

Skóútsala
ÁRSINS
Allir skór á
Kr. 500.-
Barnaskór • Kvenskór
Herraskór 28 - 46



Síðustu dagar
Föstudag
Kl. 12-18
Laugardag
Kl. 11-16
Sunnudag
Kl. 13-16
UN - SKÓR
Fiskislóð 18 • Grandagarði • Sími 899 3725

# Drykkjulæti og ofbeldi

**Skelfilegt ástand var í miðborginni á Menningarnótt og var lögregla við að missa tökin. Fyrir tveimur árum taldi lögreglan sig aldrei hafa kynnst öðru eins. Líkt og á þessu ári kom til hópslagsmála og var ungur maður stunginn.**

Lögregla var við það að missa tökin. Svona lýsti Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, ástandinu á Menningarnótt í ár eftir að skipulagðri dagskrá lauk með flugeldasýningu. Frá miðnætti til klukkan fjögur aðfaranótt sunnudags er á sjöunda tug færslna í atburðaskrá lögreglu. Þar af eru að minnsta kosti á annan tug tilvika sem tengjast slagsmálum, líkamsárásum eða afskiptum lögreglu af slösuðu fólki.

Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur, sem var á vakt með sjálfboðaliðum við eftirlit, segir að fjöldi þeirra sem neyti áfengis og fíkniefna hafi vaxið ár frá ári á undanförnum fjórum árum. Ástandið síðustu Menningarnótt hafi verið hættulegt og einkennst af miklu unglingafylleríi og fíkniefnaneyslu.

Um níutíu þúsund manns sóttu miðborgina heim á Menningarnótt. Flestir skemmtu sér vel og fóru heim skömmu eftir að skipulagðri dagskrá lauk, en meira var að gera á skemmtistöðum borgarinnar en vanalega. Við þetta bætist að Menningarnótt bar upp á síðustu helgi fyrir skólabyrjun og hafa ýmsir bent á að það hafi enn fremur aukið á drykkju unglinga.




**AFLEIÐING ÓLÁTA** Að minnsta kosti tveir menn hafa fengið lífshættulegar stungur á Menningarnótt undanfarin ár.

Vegna þessa ástands mun Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, halda fund með samstarfsaðilum Menningarnætur í dag til að ræða mögulegar breytingar á skipulaginu að ári. Meðal þeirra breytinga sem ræddar hafa verið er að leggja Menningarnótt niður í eitt ár, til að athuga hvað gerist, eða færa Menningarnótt yfir á sunnudag. Ef síðari tillagan verður samþykkt eru líkur á að áfengisdrykkja verði mun minni eftir að skipulagðri dagskrá lýkur og færri safnist saman í miðborginni.

Fyrir þremur árum má segja að soðið hafi upp úr með ofbeldi og drykkjulátum, en þá var meira fjölmenni á Menningarnótt en nokkru sinni fyrr. Þá var ungur maður stunginn og kom til meiri óláta en lögregla hafði áður kynnst. Var meðal annars slegist við sjúkraflutningamenn sem reyndu að koma slösuðum til aðstoðar. Hreinsunarmenn höfðu þá ekki séð annan eins óþrifnað á götum borgarinnar. Í umræðu um þá nótt var meðal annars rætt um hvort skortur á lögregluþjónum hefði valdið því að átök urðu eins alvarleg og raun bar vitni. Ekki var þó farið í breytingar á Menningarnótt og var hún haldin með svipuðu sniði árið eftir.



FRÉTTASKÝRING
SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
svanborg@frettabladid.is

## LEIGUBÍLSTJÓRAR KVARTA EKKI

„Umferðin gekk mjög vel miðað við fjölda manns í bænum og lögreglan stóð sig vel að því leyti,“ segir Kristinn Snæland leigubílstjóri, sem var að keyra til klukkan sex á sunnudagsmorgun. „Okkur leigubílstjórum finnst þó að ekki hafi verið passað upp á að við kæmumst leiðar okkar. Hverfisgata var til dæmis lokuð, nema fyrir strætisvagna og hópferðabíla. Hún mætti hafa verið opin fyrir okkur líka. Þeir sem skipuleggja umferðarmál gera ekki ráð fyrir að leigubíll sé almenningsfarartæki, en það er það farartæki sem almenningur notar til að flýta sér. Fólk tekur leigubíla af því það hefur ekki tíma til að fara í strætó.“



KRISTINN SNÆLAND

Kristinn segir mikla drykkju hafa verið á Menningarnótt, og biðraðir eftir leigubílum hafi verið fjölmennari en venja er á laugardagskvöldum. „Það var mikið fyllerí, en ég lenti ekki í neinum leiðindum. Leigubílstjórar virðast hafa sloppið vel frá helginni og það hefur enginn talað um það í mín eyru að hafa lent í vandræðum.“

## MINNA RUSL Í MIÐBÆNUM

„Það gekk bara mjög vel að hreinsa ruslið, það hefur oft verið verra en þetta,“ segir Rúnar Harðarson, verkstjóri Hreinsitækna, sem sá um að hreinsa rusl í miðborginni aðfaranótt sunnudags. „Það var verra í fyrra,“ segir hann og telur eina helstu ástæðu þess vera rigninguna sem hélt fólki inni. „Það var færra fólk eftir miðnætti en í fyrra og mesta ruslið kemur þá. Þá var meira þrifið um daginn heldur en í fyrra.“



RÚNAR HARÐARSON

Umhverfis- og heilbrigðistofa Reykjavíkurborgar sá um að halda götunum hreinum yfir daginn og fram til miðnættis og var áhersla lögð á að taka upp brotið gler og tæma ruslafötur.

Aðspurður segir Rúnar að hann og hans menn hafi ekki orðið varir við mikla spennu á Menningarnótt. „Spennan var að minnsta kosti ekki áþreifanleg.“

## SKÓLANEMAR MEST ÁBERANDI

„Við þurfum að vinna í því að minnka umburðarlyndi gagnvart þessari unglingadrykkju,“ segir Bergþóra Valsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOKS, Sambands foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur vegna frétta um mikla unglingadrykkju á Menningarnótt. „Þessi hópur sem var mest áberandi var framhaldsskólanemar. Við höfum náð góðum árangri með grunnskólabörnin en framhaldsskólar eru næsta skref.“ Bergþóra segir að foreldrar þurfi að gera sér grein fyrir því að þeir beri ábyrgð á börnum sínum til átján ára aldurs. „Við ættum í raun og veru að fara í bæinn með sextán og sautján ára börnum líka. Við berum jafnmikla ábyrgð á þeim og fimmtán ára börnum.“ Hún segir að styrkja þurfi börn þannig að þau sjái annan valkost en að skemmta sér með áfengi. Því þurfi fullorðna fólkið að líta í eigin barm og skoða hvað það geri þegar það skemmti sér. „Það er ekki hægt að neita því að við fullorðna fólkið erum fyrirmyndir og því miður erum við ekki alltaf góðar fyrirmyndir.“



BERGÞÓRA VALSDÓTTIR




Dal.is
Eldshöfða 16
Sími: 616 9606
Opið 12 - 16

# 18

# MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

JÓKER
2 MILLJÓNIR
Í FYRSTA VINNING

4

**Nú er potturinn fjórfaldur!**

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is – þú gætir unnið litlar 18 milljónir króna.

Það getur allt gerst.

Lottó

# skoðun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Engin svör

Einar K. Guðfinnsson alþingismaður gerir Samfylkinguna að umtalsefni á heimasíðu sinni í tilefni af nýbirtu uppgjöri Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um kostnað við formannskjörið í vor. Samfylkingin segist vilja hafa bókhald stjórnmálaflokkanna opið. „Samt er þeirra eigið bókhald, harðlæst fyrir öllum, nema innvígðum og útvöldum. Og þegar fyrir liggur að kostnaður í formannskjöri flokksins á síðasta vori var a.m.k. einn tugur milljóna, að sögn, er því harðneitað að gera nokkuð opinbert. Styrktu fyrirtæki framboðið og þá hversu mikið og hversu mörg og þá hver, spurði fréttamaðurinn í útvarpinu.... - Ég bara veit það ekki sagði formaður Samfylkingarinnar (!) og vísaði á framkvæmdastjóra einhvers konar fyrirtækis sem stofnað var um framboð hennar."



### Skinhelgi

Einar segir þetta ekki eina dæmið um „ótrúlegar þverstæður og skinhelgi" í starfi flokks sem sé „sífellt með siðaprédikanir á vörunum" en meini bersýnilega ekkert með orðagjálfrinu. „Í Samfylkingunni segja þeir að ekki passi að þingmenn sitji í nefndum og ráðum. Einkanlega ekki ef þar sé vélað með fé. Þetta framkvæma þeir til dæmis með því að setja varaþingmenn en ekki þingmenn í sum ráð og í stjórnir sumra stofnana, þar sem þeir eiga aðkomu að. En svo gildir þetta ekki alltaf og alls staðar. Sums staðar virðast menn jafnari en aðrir...Þess vegna situr formaður flokksins í stjórn Seðlabankans, einn þingmaður í stjórn stærsta orkufyrirtækis landsins, annar í stjórn stærstu hafnar landsins, enn einn í stjórn fjármálafyrirtækis og svo má áfram telja."

### Drykkjusamkoma

Æ fleirum verður tíðrætt um ómenningarbraginn sem er að færast yfir Menningarnótt í Reykjavík. Er ekki kominn tími til að hugsa þessa ágætu dagskrá alveg upp á nýtt? Hún hefur smám saman verið að breytast í eina allsherjar drykkjusamkomu, borgarbúum og borgaryfirvöldum til álitshnekkis. Nú þegar tími hugmyndastjórnmálanna er að renna upp í aðdraga borgarstjórnarkosninga væri gaman að fá ferskar tillögur um hvernig bregðast eigi við þessum vanda.

gm@frettabladid.is

SJÓNARMIÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Enn hafa stjórnmálamenn kjörið tækifæri til að upplýsa hverjir borga þeim.

# Hver er hvers?

Það kostaði um tíu milljónir að gera upp á milli formannsefnanna Össurar Skarphéðinssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur hjá Samfylkingunni. Eflaust kostaði líka mikla peninga að gera upp á milli Davíðs Oddssonar og Þorsteins Pálssonar á sínum tíma. Það kostar líka mikið að halda úti kosningabaráttu fyrir heilu flokkana. En hvað sem öll þessi barátta kostar og hversu margir sem liggja eftir átökin og sama hversu mikið hefur verið tekist á og hversu stór orð hafa fallið eiga nær allir frambjóðendur í stjórnmálum á Íslandi eitt sameiginlegt, þeir upplýsa ekki þjóðina um það hverjir borga milljónir á milljónir ofan til að tryggja Össuri eða Ingibjörgu eða Davíð eða Þorsteini eða Sjálfstæðisflokki eða Framsókn eða Samfylkingu eða Vinstri grænum framtíð í stjórnmálum.

*En hvers vegna haldið er dauðahaldi í leyndina geta þeir einir svarað sem ekkert vilja segja, okkur hin getur í mesta lagi grunað að þiggjendurnir hafi eitthvað að fela.*

Þjóðin hefur ekki kost á að athuga hvort frambjóðendurnir sem ná kjöri eigi það til að borga framlögin sem þeir þáðu til baka í störfum sínum. Hversu mikið sem stjórnmálamenn takast á skulu þeir standa saman um leyndina. Þar skera þeir sig frá því sem gerist í öðrum löndum. Okkar stjórnmálamenn segja meira að segja að það gæti orðið lýðræðinu hættulegt ef þjóðin vissi hverjir borga flokkunum og þingmönnunum. Að lög í öðrum löndum sem tryggja að upplýsingarnar séu gerðar opinberar séu lýðræðinu hættuleg. Þessu trúir ekki nokkur maður, ekki heldur þeir sem halda þessu samt fram í hvert sinn sem bent er á ruglið.

Það gengur ekki endalaust að benda á aðra. Það er tækifæri nú fyrir Össur og Ingibjörgu Sólrúnu að sýna gott fordæmi og upplýsa þjóðina um það hvaða fyrirtæki og félög stóðu straum af kostnaði við framboð þeirra til embættis formanns Samfylkingarinnar. Sennilega verður þetta tækifæri ekki nýtt frekar en öll hin.

Stjórnmálamenn hika ekki við að gagnrýna svo margt. Þeir liggja ekki á skoðunum sínum, sem betur fer. Hitt er annað að það leysir þá alls ekki frá þeirri kröfu að þeir geri hreint fyrir sínum dyrum. Fram undan eru sveitarstjórnarkosningar sem munu kosta verulega mikla peninga. Áður en til þeirra kemur verða mörg bræðravíg, þar sem fleiri vilja komast í bestu sæti framboðslista en pláss er fyrir. Þess vegna verður tekist á og miklu til kostað. Fyrir fram er það nokkuð víst að allir frambjóðendurnir og allir flokkarnir munu enn og aftur gefa kjósendum langt nef þegar kemur að því að skýra frá því hverjir hafa gengið í liðið með peninga og kostað flokkana og frambjóðendurna í valdastóla.

Það á eftir að upplýsast hverjir kosta flokkana og stjórnmálamennina, kannski ekki strax en sérstaða Íslands hvað þetta varðar verður ekki eilíf. En hvers vegna haldið er dauðahaldi í leyndina geta þeir einir svarað sem ekkert vilja segja, okkur hin getur í mesta lagið grunað að þiggjendurnir hafi eitthvað að fela. En hvað það er skýrist síðar.

# Svín frá Gíneu

Í DAG
LEIÐTOGAMÁL Í REYKJAVÍK



BIRGIR GUÐMUNDSSON

Eflaust hefur frétt í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í fyrrakvöld kætt marga á kaffistofum landsins í gær. Hún fjallaði um eigendur býlis í Stafford-skíri í Bretlandi, sem neyddust til að hætta ræktun á svínum frá Gíneu og nokkur hundruð vísindamenn sem höfðu safnað undirskriftum til stuðnings notkun tilraunadýra í vísindalegum tilgangi. Með því vildu þeir sporna gegn áralangri baráttu dýraverndunarsinna. Hið kátlega við frétt RÚV var meinleg þýðingarvillan, en sem kunnugt er kalla enskir öll tilraunadýr „guinea pig". Bókstafstrúin hefur augljóslega ráðið ríkjum í flýtinum á fréttastofunni þannig að hamstrar og kanínur og önnur tilraunadýr á búgarði í Stafford-skíri urðu að svínum frá Gíneu. Ólíklegt er að nokkur muni erfa skondin mistök af þessu tagi við fréttastofuna, sem nær alltaf flytur áreiðanlegar, yfirlesnar og vandaðar fréttir, sérstaklega þegar um er að ræða mál sem miklu skipta. Svínin frá Gíneu munu því kveðja dyra eitt andartak í íslenskri þjóðfélagsumræðu, létta mönnum lund og hverfa síðan á burt.

Framboðs- og foringjataflið í borgarstjórn Reykjavíkur er hins vegar þess eðlis að verra er fyrir þá sem þar spila að gera mistök. Gildir þá einu hvort yfirsjónin er stór eða smá – í skákinni sem nú er að hefjast er spilað fast og mönnum refsað grimmilega fyrir sérhvern afleik. Eftir formlega andlátstilkynningu Reykjavíkurlistans er staðan orðin enn viðkvæmari en ella, og mikið í húfi fyrir alla flokka, en ekki síst stóru flokkana sem báðir gera sér vonir um að komast í lykilstöðu að kosningum loknum. Foringjamál skipta miklu, enda ljóst að bæði Samfylking og Sjálfstæðisflokkur munu í krafti stærðar sinnar tefla fram borgarstjóraefni, hvort sem einmitt það orðalag verður notað eða eitthvað annað.

Víst er að sjálfstæðismenn eru hér að fást við kunnuglegt vandamál, enda hafa þeir haldið óhönduglega á foringjamálum sínum í borginni frá því Markús Örn Antonsson sté til hliðar á sínum tíma. Ágætis stjórnmálamenn hafa komið fram en ekki náð að festa sig í sessi sem leiðtogar, einkum vegna þess að tiltrúna og eindrægnina hefur vantað inni í flokknum sjálfum. Árna Sigfússyni var ekki fyllilega treyst, og ekki Ingu Jónu Þórðardóttur heldur. Innkoma Björns Bjarnasonar á sínum tíma var óneitanlega nokkuð sérstök og fól í sér yfirlýsingu um að borgarstjórnarflokkurinn byggi í raun við leiðtogaskort. Og mitt í þeim leiðtogaskorti tekur Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson við leiðtogahlutverkinu en nýtur – líkt og Inga Jóna – ekki ótvíræðs stuðnings, því sífellt er verið að leita að einhverjum öðrum leiðtoga. Nú er nefndur til sögunnar Gísli Marteinn Baldursson og raunar fleiri.

Össur Skarphéðinsson skrifar í vikunni pistil á heimasíðu sína þar sem hann fjallar um framboðsmál sjálfstæðismanna og sérstaklega hugsanleg átök milli Vilhjálms Þ. og Gísla Marteins. Greinilegt er að Össur gjörþekkir framboðsraunir sjálfstæðismanna og stráir salti í sárin með því að draga athyglina að því að enn eina ferðina kunni menn að vera að upplifa sömu martröðina – enn einn „múrmeldýrsdaginn"! Sú tilraunastarfsemi sem leiðtogaefni sjálfstæðismanna séu að stunda á sjálfum sér kunni með öðrum orðum að hafa slæmar afleiðingar fyrir flokkinn.

Bayside fellihýsi til sölu árg. '04, skráð '03, upphækkað, fortjald og aðrir aukahlutir. Tilboð. 1.480 þús. S. 862 1425.

Geymsluhúsnæði hjá Flúðum. Steypt gólf og upphitað. Tökum við vögnum um helgina. dorib@hive.is S. 863 8099.

## Vinnuvélar




Mikið úrval af minni bensín og dísel rafstöðvum á lager. Sérpantanir á stærri stöðvum sniðnar að óskum kaupenda. Upplýsingar hjá sölufulltrúum Merkúr hf. 824-6063 og 824-6061.




**John Deere hágæðaolíur;**
Smurolíur, vökvakerfisolía, koppafeiti og frostlögur. 50% lengri endingatími. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414-8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464-8600



Til sölu Volvo FL 6-11. '94. Bobcat '00 Ásamt fylgihlutum, 3 skóflur, fræsara, fleig, snjóblásara, tveir gangar af felgum mjóum og breiðum, verð 3 milj +vsk. S. 899 3004.

## Lyftarar




**Lyftarahjólbarðar .**
Í úrvali á flestar gerðir lyftara, loftfylltir eða gegnheilir, svartir eða hvítir strikafríir. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.






Rekkakerfi til sölu fyrir 9 metra lofthæð fæst fyrir lítið ef kaupandi tekur það niður sjálfur. Upplýsingar gefur Hjalti í síma 821 6560.

## Bátar






Til sölu er Hafrós KE-2 (1294). Smíðaður árið 1973, Mál: 10,9 brl. Ml. 11,7m Ford mermaid vél skráð 115 hestöfl eða 85kW. árgerð 1989. Allt fylgifé bátsins fylgir s.s. þrjár Dng færavindur og öll fiskleitar og siglingatæki fylgja. Selst án aflaheimilda. Skipamiðlunin ehf, Bátar & Kvóti, Sími 5-888-111. www.skipasala.com Síðumúli 33.

**Bátaland, allt til báta.**
Utanborðsmótorar, bátahlutir, dælur, öryggisbúnaður, bátar, þurrkubúnaður og margt fleira. Bátaland, Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði S. 565 2680, www.bataland.is

## Hjólbarðar




## Varahlutir

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18 Lau. 10-15.

Partasala Guðmundar Tangarhöfða 2, S. 587 8040. Erum að rífa Mözdu, MMC og Nissan frá árg. '88-'97. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Ópel partar**
Vectra, Astra, Corsa '94-'03. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 553 9900, 845 2996.

**Peugeot-Citroen.**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Bens, VW, Musso, Skoda og fl. Opið mán-föst 9-18.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**S. 555 3560**
Bílapartar og þjónusta eigum varahluti í flestar gerðir bíla. Dalshrauni 20.

**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Full búð af nýjum vörum frá Austurlöndum. Frábært úrval. Vaxtalausar léttgreiðslur. Sigurstjarnan, S. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin) Opið 11-18 virka daga og 11-15 laugardaga.




**1000.-kr. Tilboð!**
Allar pizzur á matseðli á aðeins 1000 kr. og hvítlauksbrauð fylgir frítt með, alla daga þegar sótt er. Opið 16-21 alla daga, einnig er opið í hádeginu á föstudögum. Pizza 67 Austurveri, Háaleitisbraut 68. S. 800 6767.




**Comet iðnaðarryksugur**
tvær gerðir, verð frá kr. 12.608 m/vsk. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.



**Útsala - útsala**
Lokadagur útsölunnar. Markaðsþjónn/Töfrateppið, 30 - 70 % útsala, leðurjakkar, húsgögn handhnýtt persneskra teppi og gjafavara. Rangárseli 4. Opið 13 - 18 virka daga, laugard. 12-18. S:534 2288/ 864 0580

### Kaffihús, Bakarí
Bakarameistarinn Glæsibæ, Húsgagnahöllinni, Smáratorg, Suðurveri og mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Ýmsir vinnutímar í boði t.d 7-14, 8-16 og 10-19.
**Uppl. í s. 897 5470 einnig umsókareyðublöð á www.bakarameistarinn.is**

### Smiðir óskast !
Duglegir menn óskast í framtíðarstörf hjá Handlaginn. Mikil vinna og góð laun fyrir rétta fólkið.
**Uppl. í síma 511 1707 eða sendið umsóknir á handlaginn@handlaginn.is**

### Ert þú í leit að starfi?
Viljum bæta við jákvæðu og duglegu fólki á American Style. 100% starf í boði í vaktavinnu. Líflegur og fjörugur starfshópur á þremur stöðum Reykjavík / Kópavogi / Hafnarfirði. Æskilegur aldur: 17 ára og eldri. Einnig lausar hád. vaktir alla virka daga frá 11-14.
**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836 einnig umsóknir á americanstyle.is**

### Ert þú ekki að fara í skóla?
Okkur vantar fleira gott fólk í fullt starf í vaktavinnu. Ef þú ert 17 ára og eldri, ert með góða ástundun í vinnu, vilt vinna í skemmtilegu vinnuumhverfi og dugleg/ur þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir gott vinnuframlag í skemmtilegu vinnuumhverfi.
**Umsóknir á www.aktutaktu.is. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.**

### Leikskólinn Laugarborg - Skilastaða
Starfsmaður óskast sem fyrst, vinnutími frá kl. 15:30 (16:00) - 17:30
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri síma 553 1325**

### Mosfellsbakarí
á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 7:00-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.**

### Mosfellsbakarí
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 6:30-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
**Nánari upplýsingar veitir Áslaug eða Linda í síma 566 6145.**

### Bón og þvottaatöðin Sóltúni 3
óskar eftir starfsmönnum í fulla vinnu núna í haust og vetur á aldrinum 18-25 ára.
**Uppl. í s. 551 4820 alla virka daga milli 8-18.30 og á staðnum.**

Óskum eftir rösku fólki til heilsdagstarfa. Um er að ræða almenn afgreiðslustörf, afgreiðslu á kössum, afgreiðslu í kjötdeild, vinnu við áfyllingu og pökkun og umsjón með brauðdeild. Einnig vantar fólk til hlutastarfa á kvöldin og um helgar. Umsóknareyðublöð og uppl. í Melabúðinni, Hagamel 39 og hjá verslunarstjóra í s. 551 0224.

### Loftorka Reykjavík
Óskar eftir verkamönnum til malbikunarframkvæmda og jarðvinnuframkvæmda. Heimkeyrsla og matur í hádeginu.
**Upplýsingar í síma 565 0877.**

### Café Viktor auglýsir
Óskum eftir starfsfólki í sal og barþjóna á kvöldin og um helgar.
**Upplýsingar veitir Baldur í síma 692 0735, info@cafeviktor.is.**

### Leikskólinn Rofaborg
Starfsmann vantar á leikskólann Rofaborg Árbæ við uppeldi og kennslu ungra barna. Viðkomandi þarf að hefa áhuga á að starfa með börnum, vera glaðlegur ábyggilegur.
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri síma 587 4816 eða 567 2290 til kl 16-30.**

### Hagkaup Smáralind
Óskar eftir að ráða sölumann til starfa í raftækja- og tónlistadeildina. Í boði er heilsdagsstarf með vinnutíma 9-18, auk annar hver laugardagur. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Önnu Ingvarsdóttur, aðstoðarversluarstjóra í síma 530 1000, einnig er hægt að sækja um á www.hagkaup.is

### Ræsting Grafarvogi
Fyrir hádegi virka daga
**S. 533 6020 rosa@raestir.is**

### Ræsting Kringlunni
6 daga fyrir hádegi
**S. 533 6020 rosa@raestir.is**

### Vélsmiðja
Vélsmiðja í Reykjavík óskar eftir starfsmönnum. Vélvirkjar, járnsmiðir og fleiri.
**Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.**

### Dagvinna-Subway
Vantar fólk í dagvinnu, bæði í fullt starf og hlutastarf. Sveiganlegur vinnutími. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is Hentar fólki á öllum aldri

### Skemmtileg vinna með skóla
Vantar fólk í kvöld og helgarvinnu, vaktavinna. Tilvalið fyrir skólafólk. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is og á stöðunum.

### Gullnesti, Grafarvogi
Óskar eftir rösku starfsfólki í fullt starf.
**Uppl. í s. 567 7974.**

Starfskraftur óskast til þrifa í matvælafyrirtæki í vesturbæ. Vinnutími er frá kl. 11-17/18. Frekari upplýsingar í síma: 663 2268.

### Hefur þú áhuga?
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna. Nánari uppl. á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf strax. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Ferðamannaverslun í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir að ráða byrgðarstjóra. Umsækjendur þurfa að vera reglusamir, stundvísir og hafa reynslu af lagervinnu. Um framtíðarstarf er að ræða. Umsóknir sendist á ymir@rammagerdin.is

Konu vantar í eldhús og í afgreiðslu. Vinnutími frá 8-14 og 14-20. Uppl. í síma 567 9999.

Sálfræðinemar / Félagsráðgjafanemar Fjögur börn með athyglisbrest og einhverfu. Aðstoð á heimili í Rvk. kl.18-21,30 klst. á viku. Félagsþjónustan greiðir og BUGL ráðleggur. S. 824 4309.

### JC Mokstur
Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir mönnum með vinnuvélaréttindi. Góð laun í boði. Uppl. í s. 693 2607.

Ertu heimavinnandi ? Vantar þig aukavinnu frá 11-13. Upplýsingar veitir Rachel á Eikaborgurum eftir kl.13 í síma 567 4111 eða 695 7102.

### Atvinna
Vantar starfsfólk í 100% starf. Mikil vinna framundan. Góð laun í boði fyrir góða einstaklinga. Rúmfatalagerinn Smáratorgi 1 Sími 820 8004.

Starfsfólk óskast í snyrtingu í fiskvinnslu í Hafnarfirði. Uppl. í síma 896 0310.

### Hellulist ehf.
óskar eftir starfsmönnum í hellulagnir. Góð laun í boði. Uppl. í síma 698 5222, Gísli.

Handlangarar eða menn vanir múrverki óskast. Uppl. í s. 699 7201.

Bifreiðasmiður eða vanur maður óskast til starfa á réttingaverkstæði. Upplýsingar í síma 892 1822.

### Gröfumenn
Vanur gröfumaður óskast á nýja hjólagröfu. Einnig vantar gröfumann á nýja 5 tonna beltagröfu. Sími 892 8626.

### Kassastarfsmaður
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðaslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í Smáratorgi, Skútuvogi, Faxafeni og Seltjarnarnesi. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is

### Starfskraftur óskast
til afgreiðslustarfa í mötuneyti Fjölbrautarskólans í Breiðholti. Áhugasamir hafi samband við Rósu í s. 557 7990 / 892 9814.

### Sjómenn!
Háseta vantar á 140 tonna dragnótarbát. Uppl. í s. 894 3026.

### Sjómenn!!
Vanan háseta vantar á bát með beitningarvél. Uppl. í s. 861 7655.

### Ræsting
Gæðaræsting ehf. óskar eftir starfsmönnum í ræstingar á svæði 109 eftir kl. 17. Uppl. í s. 552 2019.

### Vinna með skóla!
Starfsfólk óskast í aukavinnu virka daga og um helgar. ÍS-Inn Smáralind & ÍS-Inn kringlunni. Upplýsingar í s. 660 1779 & 660 1770.

### Café Borg, Hamraborg 10
Óskar eftir fólki í vaktavinnu. Þarf að vera 22 ára eða eldra og með góða þjónustulund. Umsóknareyðublöð á staðnum. Uppl. í síma 822 0950.






## SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU

**Nýuppgert skrifstofuhúsnæði er til leigu í Bankastræti 5, 101 Reykjavík.**

Um er að ræða tvær 250 m2 hæðir á annarri og þriðju hæð hússins með fullbúnum gagnalögnum, öryggiskerfi ásamt nýjum loft- og gólfefnum. Möguleiki er á að leigja hæð í heilu, eða hálfu lagi.

Á jarðhæð hússins starfa nú veitingastaðurinn b5 ásamt versluninni 66°N en á fjórðu hæð eru ráðgjafafyrirtæki og lögmannsstofa.

**Nánari upplýsingar veitir Signý Kjartansdóttir, Eignamið ehf., sími 580 8600 eða signy@prospectus.is**

**Eignamið ehf Bankastræti 5 sími 580 8600**

### Sendlastarf!
Óska eftir starfsmanni við útkeyrslu og lagerstörf. Upplýsingar í s. 530 2700 á skrifstofutíma. Ístak.

Okkur vantar fólk í vinnslusal, létt í lund og með húmor. Tímabundið og hálfdags kemur til greina. Uppl. í síma 896 2644.

### Red chili
Viljum bæta við okkur hressu og duglegu starfsfólki í sal. Vegna mikilla anna í vakta og dagvinnu. Umsóknir og upplýsingar á staðnum eða í s. 660 1855. Laugavegur 176.

### Framtíðarstarf
Búr ehf Bæjarflöt 2 óskar eftir starfsmanni á lager til framtíðarstarfa. Æskilegt að viðkomandi sé orðinn 25 ára, reyklaus með lyftararéttindi. Nánari uppl. í s. 896 2836 á skrifstofutíma.

Óska eftir góðum starfskrafti í eldri flokkinum til þess að þrífa og bóna bíla. Uppl. í s. 892 4307.

### Eldhússtarf
Viljum bæta við okkur hressum og áreiðanlegum aðstoðarmanni í eldhús eða góðum pizzabakara. Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is.

Vanan matsvein vantar á tæplega 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522 & 845 3480.

Óskum eftir að ráða bifreiðstjóra og vélamenn með meirapróf og reynslu til starfa á Vesturlandi. Mikil vinna. Uppl. í síma 895 9812.

Verkamenn. Vantar duglega menn í vinnu eingöngu eldri en 20 ára. Upplýsingar í síma 849 3033.

### NK kaffi kringlunni
Starfsfólk óskast í Nk kaffi í kringlunni. Uppl. á staðnum og síma 568 9040.

### Kökuhúsið
Okkur vantar áhugasama starfskraft í afgreiðslu og til að útbúa gjafakörfur. Vinnutími 12-18.30. Uppl. gefur Örvar í s. 554 2707 & 693 9093.

## Atvinna óskast

Menntaður matreiðslumaður með 8 ára reynslu af rekstri tengt veitingum og þjónustu óskar eftir starfi. Ýmislegt kemur til greina. Áhugasamir hafið samband í s. 891 9409 eða olisol@simnet.is. Ath. Einungis öruggt og vel launað starf kemur til greina.

Atvinnumiðlun býður upp á hæft starfsfólk frá Lettlandi. smiðir, verkamenn o.fl. S. 845 7158.

34ra ára karlmann vantar helgarvinnu með skóla. Uppl. í s. 847 2468.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD, OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 11
EÐA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR
WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opið 15.00 - 23.30

### Viltu kynnast fólki?
Fólk með sömu þarfir og þú er akkurat núna að að spjalla saman á einkamal.is. Einfalt og skemmtilegt að kynnast góðu fólki. Einkamal.is

L300 4X4 árg. '91 til sölu. Upptekið hedd, nýuppt. gírkassi. Fínn bíll. Verð 280 þ. S. 824 8903.

# Breyttur opnunartími í afgreiðslu

Mán.-mið. 8.00 - 18.00
Fim. og fös. 8.00 - 19.00
Lau. 9.00 - 17.00 og sun. 11.00 - 16

Smáauglýsingasíminn er 550 5000 og er opinn alla daga frá 8.00 - 22.00

MENNING 2000
Menningaráætlun Evrópusambandsins

Lýst er eftir umsóknum um styrki frá menningaráætlun ESB, Menningu 2000 / Culture 2000. Umsóknafrestir eru **17. október** fyrir styttri verkefni og **28. október** fyrir 2-3 ára verkefni.

Veittir eru styrkir til samstarfsverkefna á sviði bókmennta, menningararfs, sjónlista (myndlist, ljósmyndun, hönnun, handiðn, byggingarlist o.fl.) og sviðslista (leiklist, dans, tónlist o.fl.). Verkefnin geta verið af ýmsum toga, s.s. sýningar, vinnubúðir, námskeið, ráðstefnur, rannsóknir, sérfræðingaskipti, gagngrunnar o.fl. Þá verða veittir styrkir til þýðinga á evrópskum bókmenntum og ritum um evrópsk hugvísindi.

Umsóknargögn er að finna á www.evropumenning.is. Þar er einnig hægt að skoða helstu skilyrði á íslensku, fá upplýsingar um leit að samstarfsaðilum o.fl.

Upplýsingaþjónusta menningaráætlunar ESB, Túngötu 14, 101 Reykjavík, sími 562 6388, tölvupóstur: info@evropumenning.is.

EYKT
FRAMKVÆMDAFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

# Kranamenn

Vegna aukinna verkefna við Höfðatorg vantar okkur vana kranamenn til starfa, mikil vinna framundan. Upplýsingar gefa Sigurjón í síma 822-4405 Baldvin í síma 822-4431

# Pítan auglýsir eftir starfsfólki

Óskum eftir starfsfólki á fastar vaktir og í aukavinnu. Um er að ræða fullt starf til frambúðar. Við leitum að lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund, góð laun í boði.

Nánari upplýsingar veitir Mikki í síma 562 9090, hægt er að sækja um á pitan.is

Umsækjendur verða að vera eldri en 18 ára.

PÍTAN
SKIPHOLTI 50

Reykjavíkurborg
Menntasvið



## Leikskólakennarar/leiðbeinendur óskast til starfa

**Menntasvið Reykjavíkurborgar óskar eftir leikskólakennurum/leiðbeinendum til starfa í eftirtalda leikskóla.**

Upplýsingar veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum:

- Ásborg, Dyngjuvegi 18 í síma 553-1135
- Bakki, Bakkastöðum 77 í síma 557-9271
- Dvergasteinn, Seljaveg 12 í síma 551-6312.
- Fífuborg, Fífurima 13 í síma 587-4515
- Funaborg, Funafold 42 í síma 587-9160
- Geislabaugur, Kristnibraut 26 í síma 517-2560
- Gullborg, Rekagranda 14 í síma 562-2455
- Heiðarborg, Selásbraut 56 í síma 557-7350
- Kvarnaborg, Árkvörn 4 í síma 567-3199
- Nóaborg, Stangarholti 11 í síma 562-9595
- Laufskálar, Laufrima 9 í síma 587-1140
- Lækjaborg /Leirulæk í síma 568-6351
- Rauðaborg, Viðarási 9 í síma 567-2185
- Sólhlíð, Engihlíð 8 í síma 551-4870
- Stakkaborg, Bólstaðarhlíð 38 í síma 553-9070
- Sunnuborg, Sólheimum 19 í síma 553-6385
- Sæborg, Starhaga 11 í síma 562-3664
- Ösp, Iðufelli 16 í síma 557-6989

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.

**Nánari upplýsingar um þessi störf og önnur störf í leikskólum Reykjavíkur eru einnig veittar í starfsmannaþjónustu Menntasviðs í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Lausar stöður eru birtar á heimasíðunni www.leikskolar.is.**

Menntasvið Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is

Skipulagsstofnun

# Mat á umhverfisáhrifum -

## Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda.

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

**Breyting á efnistöku úr Bessastaðaármelum, Fljótsdalshreppi.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **23. september 2005.**

**Skipulagsstofnun**



## *ENGLAKÓRINN*

## TÓNLISTARUPPELDI FYRIR BÖRN 3JA TIL 7 ÁRA

**Kóræfingartími:**
laugardagar kl.11.00-11.45 - 3ja til 4 ára
laugardagar kl.12.00-12.45 - 5 til 7 ára

**Kennsluefni:** öndun, raddbeiting, söngur á mörgum tungumálum, taktur, tónhæð, hlustun á klassíska tónlist, hreyfing við tónlist, leikur á ásláttarhljóðfæri og fl.

**Staður:** Tónlistarskóli Kópavogs

**Kennarar:** Natalía Chow Hewlett(M.A) og Julian Hewlett

**Skráning:** laugardaginn 27. ágúst kl.11.00-12.00 í Tónlistarskóla Kópavogs.
Kórgjaldið greiðist við skráningu

Fyrirspurnir mega senda á netið nataliachow89@msn.com eða í síma 555 1346 / 699 4613.




Allt um mat
á föstudögum í Fréttablaðinu.

allt



# *Tenórar Tenórar*

Kór Langholtskirkju getur bætt við sig tenórum fyrir spennandi starfsár. Áhugasamir hafi samband í síma 520-1300 eða á netfangið klang@kirkjan.is. Nánari upplýsingar á langholtskirkja.is.



Sími 533 4800
MIÐBORG
fasteignasala

Laugavegur 182 • 105 Rvík • Fax 533 4811 • midborg@midborg.is
Björn fiorri hdl., lögg. fastsali, Karl Georg hrl., lögg. fastsali.

## Steinagerði



178,9 fm mjög fallegt og mikið endurnýjað einbýli sem er hæð og ris ásamt bílskúr á þessum eftirsótta stað. Á neðri hæð er forstofa, hol, stofur, eldhús, þvottahús, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Á efri hæð eru í dag þrjú svefnherbergi (voru fjögur) og útgangur á stórar svalir. V. 45,9 m.

# Hundrað og fimmtíu afturkræfir hektarar

**BJÖRN DAVÍÐSSON ÞRÓUNARSTJÓRI**
SKRIFAR UM REYKJAVÍKURFLUGVÖLL

Nú um helgina kom fram ályktun frá fundi ungra jafnaðarmanna í Reykjavík. Efni hennar er að fundarmenn vilja Reykjavíkurflugvöll burt hið fyrsta og að innanlandsflug verði alfarið flutt til Keflavíkur. Telja þeir sömu jafnframt að með þessu megi þétta byggð og hamla gegn vexti umferðar. Af þessu tilefni vil ég segja að það er mín tilfinning að víða í stjórnmálaflokkunum og aðildarfélögum þeirra hafi hagsmunaaðilar reynt að koma þessu máli á dagskrá – hið fyrsta – eins og það er gjarna kynnt, jafnvel þó að ljóst sé að skipulag höfuðborgarinnar gerir ráð fyrir flugvellinum þarna út skipulagstímabilið – til a.m.k. árið 2016 og framkvæmdir vegna endurbóta verða að fullu afskrifaðar árið 2024. Jafnan þegar þeir sem koma að umræðu um þetta mál stíga upp úr skotgröfunum, þá virðist það reglan að reynt er að grafa nýjar og ekkert annað en fullur sigur vallaróvina kemur til greina, þ.e. að flytja innanlandsflug til Keflavíkur.

Ýmsar tölur hafa verið raktar í þessarri umræðu. Til dæmis að innanlandsflugið sé best nýttu almenningssamgöngur á Íslandi þar sem yfir 20% landsmanna hagnýti sér það reglulega. Að samkvæmt úttekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sé þjóðhagslega hagkvæmara að innanlandsflug sé tíðkað frá

> *Það er ljóst að ef innanlandsflug hverfur frá Reykjavík mun fleira hverfa. Sumir hafa gengið svo langt að segja að þá fari höfuðborgartitillinn með. Kannski er það ágætis hugmynd að Keflavík verði framtíðarhöfuðborg Íslendinga.*

Reykjavík en Keflavík. 18,3% Reykvíkinga á kjörskrá vildu árið 2001 að flugvöllurinn færi úr Vatnsmýrinni (öðrum kom málið ekki við eða hvað?). Og 379.382 farþegar fóru um Reykjavíkurflugvöll árið 2004. Reykjavíkurflugvöllur er aðalflugvöllur sjúkraflugs og mikilvægur varaflugvöllur fyrir Keflavík. Flugvallarsvæðið allt er 150 hektarar. Það er ljóst að ef innanlandsflug hverfur frá Reykjavík mun fleira hverfa. Sumir hafa gengið svo langt að segja að þá fari höfuðborgartitillinn með. Kannski er það ágætis hugmynd að Keflavík verði framtíðarhöfuðborg Íslendinga. Þar með myndi frekari uppbygging, m.a. Landspítala, Háskóla Íslands og helstu þjónustustofnana ríkisins, flytjast til Keflavíkur. Við það myndi náttúrlega einnig aukast framboð af húsnæði í Reykjavík. Andstætt því sem fundur ungra jafnaðarmanna í Reykjavík telur myndi ríflega 20.000 manna byggð í Vatnsmýrinni ekki hamla vexti bifreiðaumferðar, hvorki innan svæðisins né utan þess. Því miður má einnig leiða að því líkur að mun fleiri slasist eða látist vegna bifreiðaumferðar á svæðinu en núverandi flugumferðar. Reykjavíkurflugvöllur í Vatnsmýrinni er afturkræf framkvæmd. Hvenær sem er eftir árið 2024 væri hægt að endurráðstafa landinu enda er þá afskriftatími lagfæringanna liðinn. Er ekki yndislegt til þess að vita að það skuli geta áfram verið til land í hjarta miðborgarinnar sem kynslóðir framtíðarinnar munu geta ráðstafað að hætti komandi tíma og samkvæmt þörfum framtíðarinnar?

*Höfundur er flokkstjórnarmaður í Samfylkingunni og varabæjarfulltrúi á Ísafirði.*

# Við hvað eru menn hræddir?

**UMRÆÐAN**
ÍBÚALÝÐRÆÐI



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON**

Aðeins tvisvar sinnum hefur Reykvíkingum verið gefinn kostur á því að segja skoðun sína á málum sem til afgreiðslu hafa verið hjá Reykjavíkurborg. Í bæði skiptin voru niðurstöðurnar að engu hafðar. Með tilliti til þess er kannski ekki undarlegt að ekki skuli vera neinn sýnilegur þrýstingur á borgaryfirvöld að taka upp nútímalegar starfsaðferðir þar sem borgarbúum er boðið upp á að hafa bein og virk áhrif á niðurstöður mála. Íbúalýðræði byggir á þeirri grundvallarhugsun að enda þótt stjórnmálamönnum sé afhent umboð í kosningum til þess að fara almennt með málefni sveitarfélagsins er ekki með því verið að segja að kjósendur ætli sér ekki að vera virkir þátttakendur þegar kemur að mikilvægum ákvörðunum. Fyrir slíkum sjónarmiðum hefur núverandi meirihluti borgarstjórnar oft talað á hátíðlegum stundum en við blasir að efndir á þessu sviði eru engar.

Einungis gamaldags úreltir stjórnmálamenn geta verið mótfallnir því að skjóta ákvörðunum mikilvægra mála til kjósenda. Í því felst auðvitað ákveðið framsal valds sem mörgum er fast í hendi. Atburðarásin er þá ekki lengur í höndum stjórnmálamanna heldur í höndum umbjóðenda þeirra. Þess vegna verður niðurstaðan skýr og skyldan til þess að vinna samkvæmt sameiginlegri og lýðræðislegri ákvörðun íbúanna ætti einnig að vera skýr. Skynsamleg og reglubundin beiting íbúalýðræðis breytir starfsumhverfi sveitarfélaga vegna þess að það fylgir íbúalýðræði í verki að horfa yfir þröngt sjónarhorn flokkadrátta. Þetta sáum við til dæmis á Seltjarnarnesi þar sem íbúalýðræði var virkt og til fyrirmyndar hvernig að var staðið. Tvær skýrar skipulagstillögur lágu fyrir. Minnihluti og meirihluti störfuðu saman að tillögugerðinni og undirbúningi til atkvæðagreiðslu.

Því hefur verið haldið fram að íbúalýðræði hafi þann galla að þátttaka í kosningum verði dræm og þess vegna endurspegli niðurstaðan ekki endilega afstöðu íbúanna. Því er til að svara að þau mál sem til umfjöllunar eru hverju sinni varða ekki endilega alla íbúa sveitarfélagsins. Þeir sem vilja taka þátt í að móta sitt umhverfi og láta skoðun sína í ljós fá til þess tækifæri. Það er aðalatriðið. Þróunin getur líka orðið með jákvæðum hætti. Ekki er ólíklegt að einmitt endurtekið framsal ákvarðana til íbúanna sjálfra með beinum kosningum verði til þess að áhugi fyrir þátttöku aukist og meðvitund borgaranna fyrir umhverfi sínu eflist. Þegar í ljós kemur að kosningar um málefni eru ekki bara pólitískt upphlaup sem ekkert verður gert með held ég að borgarbúar muni gæta sín sérstaklega á því að láta ekki slíkt tækifæri fara framhjá sér. Lýðræðislegir starfshættir auka samkennd, samfélagsvitund og vellíðan borgarbúa.

> *Einungis gamaldags úreltir stjórnmálamenn geta verið mótfallnir því að skjóta ákvörðunum mikilvægra mála til kjósenda. Í því felst auðvitað ákveðið framsal valds sem mörgum er fast í hendi.*

Ég hef bent á eitt mál sem ég tel að beina eigi til borgarbúa sem allra fyrst. Það er lega Sundabrautar. Fyrir liggja þrír skýrir kostir. Sundabrautin hefur verið metin og reiknuð betur en nokkuð annað mannvirki á landinu. Lega brautarinnar yfir Kleppsvík mun hafa áhrif á nærliggjandi byggð beggja vegna víkurinnar. Mannvirkið mun hafa mikil áhrif á samgöngukerfi borgarinnar. Reykvíkingum á að vera gefinn kostur á að kynna sér vandlega þá kosti sem í boði eru og velja þann sem þeim þykir bestur. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Framtíðarskipulag Viðeyjar hefur verið talsvert til umræðu að undanförnu enda blasir við nýtt skeið niðurlægingar þessa merka staðar ef ekkert verður að gert. Mjög skiptar skoðanir eru um þær hugmyndir sem komið hafa fram. Aðallega má draga þær saman í þrjár meginhugmyndir. Sú fyrsta er að láta eyjuna eiga sig og vernda hana sem náttúruperlu að mestu ósnortna. Önnur gengur út á það að flytja þangað gömul hús og taka mið af því þorpi sem á eyjunni stóð um aldamótin 1900 við staðsetningu húsanna. Sú þriðja gengur út á það að skipuleggja austurhluta eyjunnar sem nýtt byggingarsvæði í borginni. Viðey er dæmi um flókið skipulagsmál þar sem taka þarf tillit til ríkrar menningarsögu og náttúruverndar með það að markmiði að finna staðnum hlutverk í nútímanum. Það á ekki að vinna eina tillögu sem tekin verður ákvörðun um á lokuðum fundi Skipulagsráðs heldur að fullvinna að minnsta kosti þrjár tillögur og bera þær undir borgarbúa.

Almenningur hefur mikinn áhuga á skipulagsmálum enda snertir skipulag borgar okkur öll sem í henni búum. Það er tímabært að leita samstarfs og nýta þennan áhuga og þekkingu borgarbúa á umhverfi sínu með því hreinlega að afhenda þeim skipulagsvaldið í mikilvægum málum. Við hvað eru menn hræddir?

*Höfundur er fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.*

# Stjórnvöld skulda Bílddælingum

Síðustu tvo mánuði hefur atvinnuástandið á Bíldudal verið í fréttum í kjölfar þess að fiskvinnslufyrirtækið á staðnum hætti vinnslu 1. júlí síðastliðinn. Í kjölfarið var kallaður saman fundur þingmanna Norðvesturkjördæmisins og var þá afráðið að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða færi yfir stöðu mála. Ákveðið var að Atvinnuþróunarfélagið skilaði af sér skýrslu fyrir miðjan ágúst en í stað þess að skýrsla lægi fyrir um málið á tilsettum tíma fengu þingmenn kjördæmisins minnisblað sem er í rauninni innihaldslaus kjaftavaðall. Í lok minnisblaðsins kemur fram að einhverrar niðurstöðu með greiningu sé að vænta undir lok septembermánaðar. Þess ber að geta að þeir sem hafa áhuga geta kynnt sér innihald minnisblaðsins á heimasíðu minni sigurjon.is.



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**

Með því að upplýsa um hvernig lopinn er teygður í málefnum fiskvinnslu á Bíldudal er ég ekki að beina megingagnrýni að Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og því ágæta fólki sem starfar þar heldur fyrst og fremst að stjórnvöldum sem sníða félaginu of þröngan stakk til þess að taka af alvöru á atvinnumálum á Bíldudal.

Það ættu allir að sjá fáránleikann í málinu, að sérfræðingar ætli að taka sér rúma tvo mánuði til þess að kryfja til mergjar einfalda fiskvinnslu. Fremur mætti ætla að stjórnvöld hefðu einstaklega skýra mynd af stöðu fiskvinnslunnar á Bíldudal í ljósi þess að Byggðastofnun á þrjátíu prósenta hlutafé í fiskvinnslunni sem hætti starfsemi og mann í stjórn hennar.

Nú er liðinn of langur tími síðan fiskvinnslunni á Bíldudal var hætt og sérstaklega er hann langur hjá því fólki sem er atvinnulaust og bíður í óvissu.

Fáum dylst að atvinnuástandið á Bíldudal er afleiðing stefnu kvótabrasksflokkanna Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Stjórnvöld skulda fólkinu á Bíldudal vegna þess tjóns sem kvótakerfið hefur valdið byggðinni.

Það þarf vart að taka fram að mun bjartara væri yfir atvinnu- og byggðamálum ef stjórnvöld framfylgdu stefnu Frjálslynda flokksins í sjávarútvegsmálum.

*Höfundur er alþingismaður Frjálslynda flokksins.*




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Byggðakvótinn stenst lög, ekki spurning!

UMRÆÐAN
SJÁVARÚTVEGUR



BALDVIN NIELSEN

Í Fréttablaðinu 12. ágúst sl. var frétt um sjávarútvegsmál sem bar yfirskriftina „Látið reyna á hvort byggðakvóti stenst lög“. Þar segir m.a. Magnús Kristinsson útvegsmaður í Vestmannaeyjum: „Við getum ekki lengur sætt okkur við eignaupptöku sem sjávarútvegsráðherra stendur fyrir.“ Og síðar í sama viðtali: „Það er alveg ljóst að nú látum við sverfa til stáls. Það er ekkert annað en hrein og klár eignaupptaka þegar eignir manna eru teknar og þeim deilt út til annarra.“ Undir þetta tekur að sjálfsögðu Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri LÍÚ.

Veiðiheimildir íslensku þjóðarinnar, lög nr. 38. 1990. 1. gr.: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“ Staðreyndin er að veiðiheimildum er úthlutað af breytilegum forsendum frá ári til árs til útgerðar. Úthlutun veiðiheimilda hefur alltaf verið í höndum sjávarútvegsráðherra og hefur aldrei leikið vafi á um rétt hans og vald til þeirra aðgerða. Umræða um eignarhald er því út úr kortinu því stöðug afskipti samfélagsins af þessum verðmætum sínum eru til staðar. Því getur hefðarréttur aldrei myndast um veiðiheimildir. Aðili sem hefur fengið úthlutað þeirri sérstöðu að afla 10 tonna fyrir samfélagið og fær úthlutað eitt árið sem gera 9 tonn hefur ekki orðið fyrir skerðingu á verðmætum heldur tekist á við þann áhættuhluta sem alltaf hefur fylgt sjávarútvegi, t.d. minnkandi fiskgengd við landið og/eða vegna sértækra byggðasjónarmiða. Þetta er jafn innbyggt í sjávarútveginn og andrúmsloftið er umhverfi okkar því við erum veiðisamfélag. Sá sami hefur ekki heldur hlotnast happdrættisvinningur þegar árið þar á eftir færir honum til verks að afla 11 tonna fyrir samfélagið. Tilkall til þessa viðauka er ekkert frekar hans en samfélagsins því yfirráðin yfir auðlindinni kemur frá þeim sem úthlutar í nafni þjóðarinnar og er kosinn til þess af almenningi.

Þegar þetta svokallaða kvótabraskkerfi var sett á fengu útgerðirnar veiðiheimildir í formi aflahlutdeildar fyrir óverulegt gjald en ekki til eignar. Þess vegna er ekki hægt að selja það sem menn hafa aldrei eignast, þ.e.a.s. veiðiheimildir. Þau kaup hins vegar manna á milli í gegnum tíðina á þessum ímynduðu verðmætum í kvótalíkingu, varðar okkur samfélagið ekkert um. Þeir gerðu þessi viðskipti sín á milli, án samráðs við þjóðfélagið, gegn vilja settra laga og því alfarið á þeirra ábyrgð. Stjórnvöld þurfa hins vegar að skoða ofan í kjölinn hvort þetta kvótabrask sé ekki búið að skaða hagkerfið svo mikið að fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar sé í hættu. Eins og segir nú í lögum um stjórn fiskveiða eru aflaheimildir eign þjóðarinnar og svo skal áfram vera um auðlind okkar óháð því hvaða fiskveiðistjórnunarkerfi er við lýði hverju sinni.

*Höfundur situr í miðstjórn Frjálslynda flokksins.*

# Úrbóta er þörf

Stjórnvöld hafa unnið markvisst að því á undanförnum árum að bæta réttindi og aðstæður fatlaðra hér á landi. Alþingi Íslendinga hefur tryggt þessum þjóðfélagshópi lögbundin réttindi sem eiga að stuðla að því að fatlaðir, líkt og aðrir hópar samfélagsins, geti lifað eðlilegu lífi.



BIRKIR J. JÓNSSON

Í gegnum árin hef ég tekið eftir því að allt of algengt er að ófatlaðir einstaklingar leggi bifreiðum í stæði sem eru sérmerkt hreyfihömluðum. Slíkt er aumkunarvert og í raun er ekki hægt að leggjast lægra í umferðinni en í brotum af þessu tagi! Brot sem þessi skerða ferðafrelsi hreyfihamlaðra og með því er gengið á lögbundin réttindi þeirra.

Ég beindi þeirri fyrirspurn til samgönguráðherra á Alþingi síðastliðið vor hvort ráðherra þætti koma til greina að hann tæki ákvörðun um upphæð gjalds fyrir brot á umferðarlögum af þessu tagi. Ástæða þessarar fyrirspurnar er sú að gjald vegna þessara brota er fáránlega lágt, um 2.500 krónur, en viðkomandi sveitarfélög ákvarða í dag upphæð þessara sekta. Sem dæmi eru sektir vegna sambærilegra brota margfalt hærri í Bandaríkjunum, 15 til 20 þúsund krónur í sekt er ekki óalgengt þar.

Það er nauðsynlegt að gera átak í því að gera merkingar við stæði hreyfihamlaðra greinilegri þannig að ómögulegt sé að leggja þar af misgáningi. Sjálfsagt er í framhaldinu að hækka sektir vegna þessara brota, 10 til 20 þúsund krónur væri ásættanlegt að mínu mati.

Samgönguráðherra Sturla Böðvarsson boðaði það í umræðunni að óhjákvæmilega væri þetta eitt af þeim atriðum sem þyrfti að taka upp við endurskoðun umferðarlaga sem verða til meðferðar á haustþingi. Ég hef enga trú á öðru, í ljósi áhuga ráðherrans og þingmanna á réttindum fatlaðra í umferðinni, að breytingar verði gerðar í þá átt að tryggja ferðafrelsi fatlaðra hér á landi.

*Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.537 **+0,08%** **Fjöldi viðskipta:** 238 **Velta:** 1.579 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Síminn | +5,00% | SÍF | -0,83% |
| Atlantic Petroleum | +1,46% | Flaga | -0,49% |
| Íslandsbanki | +0,67% | Actavis | -0,24% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,80 -0,24% ... Bakkavör 41,40 +0,00%... Burðarás 17,30 +0,00% ... FL Group 15,50 +0,00% ... Flaga 4,08 -0,49% ...HB Grandi 8,55 +0,00% ... Íslandsbanki 15,10 +0,67% ... Jarðboranir 20,80 +0,00% ... KB banki 582,00 +0,00% ... Kögun 58,10 +0,00% ... Landsbankinn 21,10 +0,00% ... Marel 63,00 +0,16% ... SÍF 4,80 -0,83% ...Straumur 13,30 +0,00% ... Össur 88,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Sádar tóku símann

Tyrkneska ríkið hefur selt ríflega helmingshlut sinn í tyrkneska símafyrirtækinu Turk Telecom. Björgólfur Thor Björgólfsson leiðir hóp sem á búlgarska símafélagið BTC, en hann hefur aðspurður ekki sýnt því áhuga að ráðast beint í einkavæðingu tyrkneska Símans. Kaupendur eru hópur fjárfesta sem leiddur er af Sádi-Aröbum. Þótt Björgólfur Thor hafi ekki lýst áhuga á að taka þátt í einkavæðingunni sjálfri útilokaði hann ekki að hann gæti hugsað sér að koma að hópi sem fjárfesti í Turk Telecom. Nú er bara að sjá hvort víkingurinn finni flöt á samstarfi við arabana og samstarf verði milli þessara símafélaga í nágrannalöndunum. Kaupverð hlutarins tekur í pyngjuna, jafnvel manna eins og Björgólfs Thors. Tyrkneska ríkið nældi sér í 425 milljarða króna við söluna.

### Fjárfest í þriðju kynslóð

Björgólf Thor ber víða niður í símamálum erlendis. Þriðja kynslóðin er á dagskrá og er þá ekki átt við erfingjann í þetta sinn. Netia Mobile, sem félag Björgólfs Thors, Novator, á 70 prósent í, hyggst fjárfesta fyrir 650 milljónir evra eða 50 milljarða króna í þriðju kynslóðar neti í Póllandi sem fyrirtækið hefur fengið leyfi fyrir hjá Póst og fjar þeirra Pólverja. Þetta er gríðarmikil fjárfesting og hafa þeir Netia-menn uppi áætlanir um að fá fleiri fjárfesta að verkefninu. Pólland er stór markaður í mótun og mikil þróun fram undan á símamarkaði þar í landi. Gert er ráð fyrir að kerfið verði komið í notkun um mitt ár 2006.



## MARKAÐSFRÉTTIR...

Tap **Atorku** á öðrum ársfjórðungi nam 241 milljón, sem skýrist að langmestu leyti af miklum gengislækkunum á eignum félagsins í **Bretlandi**.

**William Demant Invest** jók hlut sinn í **Össuri** en félagið er stærsti hluthafinn í **Össuri** og á fulltrúa í stjórn.

Bæjarráð **Grindavíkur** samþykkti að loka skuldabréfaflokki að nafnverði 170 milljónir íslenskra króna.

**Kodak** þarf að segja upp starfsmönnum í **Bandaríkjunum** og er að víkja frá verkefnum í **Kína** í kjölfar minnkandi eftirspurnar á filmum og ljósmyndapappír. Talið er að um þúsund manns missi vinnuna.






## Tuttugu milljarðar í vanskilum

Fólk og fyrirtæki standa betur í skilum af lánum sínum á þessu ári en því síðasta. Vanskil útlána banka og sparisjóða, sem staðið höfðu lengur en einn mánuð, námu tæpum tuttugu milljörðum króna í lok júní síðastliðinn. Það er um 1,1 prósent af heildarútlánum. Í lok júní á síðasta ári var vanskilahlutfallið 2,3 prósent. Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu hefur vanskilahlutfallið ekki verið lægra síðustu fjögur árin.

Á einu ári hefur hlutfall vanskila einstaklinga af heildarlánum lækkað úr 4,6 prósentum í 1,8 prósent. Sama hlutfall fyrirtækja hefur lækkað úr 1,7 prósentum í 0,9 prósent. Hafa þessi hlutföll ekki verið lægri undanfarin tvö til þrjú ár. **- bg**






# Skjár einn ekki skilað ársreikningi fyrir 2003

**Skjár einn hefur ekki enn skilað ársreikningi fyrir árið 2003 eins og lög gera ráð fyrir.**

Samkvæmt ársreikningaskrá Ríkisskattstjóra hefur Íslenska sjónvarpsfélagið, sem rekur Skjá einn, ekki skilað inn ársreikningi fyrir árið 2003 eins og lög gera ráð fyrir. Frestur til þess rann út í byrjun september á síðasta ári. Ársreikningur er samheiti yfir rekstrar- og efnahagsreikninga sem sýna meðal annars tekjur, eignir og skuldir fyrirtækis.

Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska sjónvarpsfélagsins, segir félagið hafa skilað ársreikningi fyrir árið 2003. Einhver mistök hljóti að hafa átt sér stað við skráningu ársreikninga hjá skattinum.

Guðmundur Guðbjarnason, sem heldur utan um ársreikningaskrá Ríkisskattstjóra, segir að enginn ársreikningur frá Íslenska sjónvarpsfélaginu hafi borist embættinu samkvæmt upplýsingakerfi þess. Starfsmenn hafi vel undan við að skrá þá ársreikninga sem berist.

Almennt séð er stjórnendum þeirra félaga sem ekki skila ársreikningum á tilsettum tíma sent bréf þar sem minnt er á skilafrest. Guðmundur segir misjafnt hve langan tíma það taki að fá félög til að skila þessum reikningum. Sé ekki brugðist við ítrekuðum óskum er málið sent til Skattrannsóknarstjóra. Embætti hans geti jafnvel tekið af mönnum skýrslu til að fá frekari skýringar.

Ársreikningur Skjás eins fyrir árið 2004 hefur ekki heldur borist en skilafrestur hans rennur út nú í lok ágúst.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var eigið fé Skjás eins um síðustu áramót neikvætt um 290 milljónir króna. Í raun þýðir það að skuldirnar voru hærri en eignirnar. Heildarskuldir félagsins voru á þessum tíma 1,5 milljarðar króna. Í júní breytti Síminn 750 milljóna króna skuld Skjás eins í hlutafé.

Samkvæmt reglugerð á almenningur að hafa aðgang að ársreikningum. **bjorgvin@frettabladid.is**




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HÚSNÆÐI SKJÁS EINS** Ársreikningar félagsins skila sér ekki til Ríkisskattstjóra.






# Hagnaður Bakkavarar tvöfaldast

**Sölu sambankaláns að upphæð 58 milljarða króna vegna kaupa á Geest lokið.**

Bakkavör hagnaðist um 11,9 milljónir punda, eða 1,4 milljarða króna, á fyrstu sex mánuðum ársins, sem er 123 prósenta aukning frá fyrra ári. Heildartekjur námu 26,4 milljörðum króna, sem er rúmlega þreföldun frá fyrra ári. Tekjuaukning skýrist af innkomu Geest í rekstur Bakkavarar en Geest kom inn í samstæðuna 1. maí. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 30,5 milljónir punda, eða 3,6 milljarðar króna, og nemur 13,5 prósentum af tekjum.

Hagnaður félagsins á öðrum ársfjórðungi var í takt við meðaltalsspá greiningardeilda bankanna.

Lýður Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, segir félagið hafa skilað góðri afkomu á tímabilinu og hagnaður félagsins sá mesti frá upphafi. Félagið hafi gengið frá stærstu fyrirtækjakaupum í sögu þess með kaupunum á Geest. „Barclays, sem sölutryggði lánsfjármögnun kaupanna, lauk fjármögnun sambankalánsins. Samrunaferlið gengur samkvæmt áætlun og gerum við ráð fyrir að rekstur félagsins muni standa undir væntingum okkar fyrir árið í heild,“ segir Lýður. **- dh**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LÝÐUR OG ÁGÚST GUÐMUNDSSYNIR** Söluaukning Bakkavarar var fimm prósent milli ára.

# [Startpakkinn] HAUST '05

>> 1 MÁNUÐUR Í LÍKAMSRÆKT HJÁ ISF > 2 TÍMAR HJÁ EINKAÞJÁLFARA ISF >>> SPORTÞRENNA FRÁ LÝSI >> 12 BRÉF AF MYOPLEX FRÁ EAS

## ENGA AfSÖKUN!




**ISF** í samstarfi við **Lýsi** og **EAS** bjóða þér frábært tilboð til þess að koma þér af stað í ræktina.

**TILBOÐSVERÐ:**
**5.900 kr.**
(fullt verð 22.400 kr.)

1 kort og nú 4 stöðvar

BAÐHÚSIÐ BETRUNARHÚSIÐ
SPORTHÚSIÐ ÞREKHÚSIÐ

LYSI EAS

ICELAND
SPA & FITNESS
SÍMI 561 5100 WWW.ISF.IS

# tímamót

timamot@frettabladid.is



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Héðinn Jónsson**

skipstjóri, Mýrum 14, Patreksfirði,

andaðist mánudaginn 22. ágúst.
Útförin fer fram frá Patreksfjarðarkirkju þriðjudaginn 30. ágúst kl. 14:00.

**Guðrún Jónsdóttir**
**Elín Magnea Héðinsdóttir** — **Bolli Ólafsson**
**Jón Már Héðinsson** — **Rósa Líney Sigursveinsdóttir**
**Inga Mirjam Héðinsdóttir** — **Kristján Hermannsson**
**Jóhannes Héðinsson** — **Styrgerður Fjeldsted**
**Freyr Héðinsson** — **Steinunn Finnbogadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, tengdadóttir og amma,*

**Guðný (Nína) Jóhannesdóttir**

Einhamri (áður Jörundarholti 26), Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 22. ágúst sl. Útför hennar verður gerð frá Akraneskirkju þriðjudaginn 30. ágúst kl. 14.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Hjörleifur Jónsson**
**Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir** — **Elvar Trausti Guðmundsson**
**Lísbet Fjóla Hjörleifsdóttir** — **Gunnar Sigurðsson**
**Guðrún Hjörleifsdóttir** — **Hilmar Ægir Ólafsson**
**Fjóla Guðbjarnadóttir**
**Lilja Helgadóttir**
**og barnabörn**



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,*

**Alda Sigurvinsdóttir**

Barðastöðum 11, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 29. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á heimahlynningu Krabbameinsfélagsins.

**Kristín S. Vilhelmsdóttir** — **Atli Edgarsson**
**Guðmundur J. Vilhelmsson** — **Jóndís Einarsdóttir**
**Ragna G. Vilhelmsdóttir** — **Rudolf K. Rúnarsson**
**Linda B. Vilhelmsdóttir** — **Óskar G. Óskarsson**
**Halldór G. Vilhelmsson** — **Íris Ólafsdóttir**
**Alda Guðlaug, Bryndís Ósk, Ragnar Björn,**
**Hanna Liv, Guðný Ása og Vilhelm Frank.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Erlendur Kr. Vigfússon**

Rjúpufelli 42, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 11. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Þökkum veittan stuðning.

**Jóhanna S. Sigurðardóttir**
**Vigfús Erlendsson** — **Ásta Kjartansdóttir**
**Björk Erlendsdóttir** — **Símon Jónsson**
**Sigurður Erlendsson** — **Rósa Williamsdóttir**
**Guðmundur Erlendsson** — **Dagný Svavarsdóttir**
**Guðbjörg Erlendsdóttir** — **Ólafur H. Ólafsson**
**og fjölskyldur**

## ÞETTA GERÐIST > 26. ÁGÚST 1970

# Hendrix opnar hljóðver



JIMI HENDRIX

Hljóðver hinnar rafmögnuðu dömu eða The Electric Lady Recording Studio var þennan dag árið 1970 opnað í New York í Bandaríkjunum. Hugmyndasmiður og upphafsmaður hljóðversins var gítarhetjan Jimi Hendrix, sem hafði í mörg ár dreymt um að koma á stofn nútímalegu hljóðveri. Vegna vandamála dróst það til 1970 en hljóðverið var opnað aðeins mánuði fyrir dauða Hendrix.

Jimi Hendrix fæddist í Seattle árið 1942 og ólst nánast upp með gítar í hönd. Hann fór í herinn árið 1959 og varð fallhlífahermaður. Hann hætti í hernum árið 1961 vegna meiðsla og þurfti af þeim sökum ekki að gegna herstörfum í Víetnam.

Snemma á sjöunda áratugnum spilaði hann sem varagítarleikari fyrir ekki minni listamenn en Little Richard, B.B. King og Ike og Tinu Turner. Eitt kvöld heyrði bassaleikari hljómsveitarinnar The Animals Hendrix spila á kaffihúsi í New York. Hann heillaðist af spilamennskunni, gerðist umboðsmaður Hendrix og flutti hann til Bretlands þar sem hann stofnaði hljómsveit. Fyrsta smáskífa sveitarinnar, Hey Joe, sló rækilega í gegn.

Hendrix kom í síðasta sinn fram á tónlistarhátíð í Bretlandi í ágúst árið 1970. Hann lést í London í september sama ár. Dauðdagi hans var ekki fagur þar sem hann kafnaði í eigin ælu eftir ofneyslu eiturlyfja. Hann var aðeins 27 ára gamall.

## MERKISATBURÐIR

**1920** Konur fá rétt til að kjósa í Bandaríkjunum.
**1948** Loftleiðir hefja áætlunarflug til Bandaríkjanna.
**1950** Vegurinn um Óshlíð, milli Hnífsdals og Bolungarvíkur, er vígður.
**1974** Flugkappinn Charles Lindbergh deyr 72 ára að aldri á Hawaii.
**1984** Keppt er í fyrsta sinn í Reykjavíkurmaraþoni.
**1991** Ísland stofnar fyrst ríkja formlega til stjórnmálasambands við Eystrasaltsríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen.
**1994** Jón Arnar Magnússon bætir tíu ára Íslandsmet í langstökki um 21 sentimetra.



**PRÓFESSOR Í TÓNSMÍÐUM** Kjartan býst við að geta sinnt tónsmíðum af jafn miklum krafti og áður.

MYND/ÞÓRIR BALDURSSON

KJARTAN ÓLAFSSON TÓNSKÁLD: RÁÐINN PRÓFESSOR Í TÓNSMÍÐUM

# Semur allar gerðir tónlistar

„Mér líst mjög vel á þetta. Listaháskólinn er mjög kraftmikil stofnun og í stöðugri þróun, starfsfólkið er kraftmikið og nemendur frjóir,“ segir Kjartan Ólafsson tónskáld sem nýverið var ráðinn prófessor í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands en það er fyrsta staða sinnar tegundar hér á landi. Kjartan lauk doktorsgráðu í tónsmíðum og tónfræðum frá Síbelíusar-Akademíunni í Helsinki árið 1995 en hafði áður lagt stund á nám í raftónlist í Hollandi.

„Þetta starf er þrískipt. Kennsla er grunnurinn, síðan er stjórnunarþáttur þar sem námið er skipulagt og þróað áfram í samræmi við þróun í listalífinu. Í þriðja lagi eru tónsmíðar og rannsóknir,“ segir Kjartan sem býst við að geta sinnt tónsmíðum af jafn miklum krafti og áður. „Þetta kallar á meiri skipulagningu sem er af hinu góða,“ segir Kjartan sem semur allar gerðir tónlistar. „Ég hef mest starfað við nútímatónsmíðar fyrir kammerhópa og sinfóníuhljómsveitir og verið mikið í raftónlist sem er mjög spennandi vettvangur sem er alltaf í þróun. Síðan hef ég gert leikhústónlist, barnatónlist og popptónlist,“ segir Kjartan sem hlustar á mjög fjölbreytta tónlist þegar hann slakar á heimavið. „Plötuskápurinn hjá mér er mjög fjölbreyttur og svo veltur bara á því hvaða stemmningu maður vill ná fram,“ segir Kjartan sem er sem stendur á norrænni ráðstefnu um höfundarrétt á Egilsstöðum.

Kjartan hefur frá árinu 1988 unnið að hönnun og þróun tónsmíðaforritsins CALMUS. „Þetta forrit er í raun bara framlenging af eldri aðferðum. Reikniaðferðum er beitt til að vinna með tónefni eins og hefur verið gert frá því Pýþagóras kom fram með sínar kenningar,“ segir Kjartan og bætir við að Bach hafi meðal annars notað þessar aðferðir mikið.

„Ég hannaði forritið fyrst og fremst til að auka fjölbreytni í tónsköpun,“ segir Kjartan sem tók snemma þá ákvörðun að fara ekki út í markaðssetningu á því enda hefði hann þá hugsanlega endað sem fínstrokinn stórlax í viðskiptum frekar en prófessor með úfið hár tónskáldsins. ■




## ANDLÁT

**Erlendur Kr. Vigfússon**, Rjúpufelli 42, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut 11. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.
**Guðrún Agla Gunnlaugsdóttir**, Sörlaskjóli 28, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 16. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.
**Daníel Teitsson**, Hátúni 12, Reykjavík, lést í Hátúni 12 sunnudaginn 21. ágúst.
**Guðrún Jóna Dagbjartsdóttir**, Brekku, Núpasveit, andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 23. ágúst.
**Jóhanna Sigrún Thorarensen**, Lágholti 17, Mosfellsbæ, lést miðvikudaginn 24. ágúst.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Snjólaug Magnea Bjarnadóttir**

Þelamörk 54, Hveragerði,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði, sunnudaginn 21. ágúst, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju í dag föstudag kl. 11.00.

**Magnús Kr. Guðmundsson** — **Guðrún Reynisdóttir**
**Gyða Ó. Guðmundsdóttir** — **Kolbeinn Kristinsson**
**Bjarni R. Guðmundsson** — **Brynja Sveinsdóttir**
**Ragnheiður Guðmundsdóttir** — **Lars D. Nielsen**
**Sveinn H. Guðmundsson** — **Erna Þórðardóttir**
**Hildur Rebekka Guðmundsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

## JARÐARFARIR

11.00 **Guðbrandur Jóhannsson** frá Áshóli, Grenilundi 6, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.
11.00 **Guðmundur Benediktsson,** fyrrverandi ráðuneytisstjóri, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.
11.00 **Jenný Oddsdóttir**, Kárastíg 13b, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.
11.00 **Snjólaug Magnea Bjarnadóttir**, Þelamörk 54, Hveragerði, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.
13.00 **Guðmundur Helgason** málarameistari, Fensölum 6, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju.
13.00 **Haraldur Steinþórsson**, Neshaga 10, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.
13.00 **Sigurjón Jóhannsson**, Kaplaskjólsvegi 65, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Neskirkju.
13.00 **Valgerður Ólöf Adolfsdóttir**, til heimilis á hjúkrunarheimilinu Fellsenda, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.
14.00 **Sigrún Edda Jónasdóttir**, Snægili 23, Akureyri, verður jarðsungin frá Glerárkirkju.
14.00 **Stefán Gunnarsson** frá Skipanesi verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.
16.00 **Margrét Hallgrímsdóttir** frá Skálanesi, til heimilis á Suðurgötu 14, Keflavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3891
Er sektin að buga þig?
Umferðarlagabrot
*Of hraður akstur kr. 70.000
Talað í farsíma kr. 5.000
Ökuskírteinislaus kr. 5.000
samtals kr. 80.000
* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 3 mánuði.
Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.
Öflugri löggæsla á vegum landsins.
Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.
UMFERÐARSTOFA
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
VEGAGERÐIN
SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



## Hannes strax til Stoke?

Landsliðsframherjinn Hannes Þ. Sigurðsson, sem er á mála hjá Viking í Noregi, mun hugsanlega ganga til liðs við Stoke áður en félagaskiptafresturinn í Evrópu rennur út 1. september, en áður stóð til að Hannes færi til félagsins um áramótin. Hann kom ekki við sögu hjá Viking í Evrópukeppninni í gærkvöldi og gefur það til kynna að hann sé á förum á allra næstu dögum.

**sport**

sport@frettabladid.is

**ÁRNI GAUTUR ARASON:** ÁTTI STÓRLEIK Í EVRÓPUKEPPNINNI Í FYRRAKVÖLD

# *Aldrei haft eins mikið að gera í leik*

Árni Gautur Arason, markvörður íslenska landsliðsins í knattspyrnu, átti stórleik í fyrrakvöld þegar Vålerenga mætti Club Brugge frá Belgíu í Meistaradeild Evrópu. Belgíska liðið hafði sigur í vítaspyrnukeppni eftir að staðan hafði verið 1-0 eftir venjulegan leiktíma.



Geir Bakke, aðstoðarþjálfari Vålerenga, sagðist aldrei hafa orðið vitni að eins góðri frammistöðu hjá markverði. „Þetta var ótrúlegt. Árni hreinlega lokaði markinu í framlengingunni og varði frábærlega vel allan leikinn. En því miður dugði það ekki til.“ Og Erik Thorstvedt, fyrrverandi landsliðsmarkvörður Noregs, tók í sama streng. „Árni er góður markvörður en frammistaða hans í þessum leik var stórbrotin.“

Árni sjálfur var frekar daufur í dálkinn enda alltaf slæmt að falla úr keppni eftir vítaspyrnukeppni. Hann sagðist ekki hafa upplifað aðra eins stórskotahríð á sínum ferli. „Ég hef ekki haft svona mikið að gera á mínum ferli, nema þá helst þegar ég var með landsliðinu gegn Brasilíu. Það var skotið mikið á markið eftir að við urðum einum færri í seinni hálfleik. Ég reyndi bara að verja það sem kom á markið og það gekk vel. En úrslitin eru auðvitað vonbrigði. Núna þurfum við bara að taka okkur saman í andlitinu og vinna deildina í Noregi og helst bikarkeppnina líka.“

Norskir fjölmiðlar héldu ekki vatni yfir frammistöðu Árna Gauts og halda því fram að hún hefur örugglega vakið athygli hjá útsendurum stórliða sem fylgjast vel með forkeppni Meistaradeildar Evrópu. „Ég er ekkert að hugsa um neitt annað félag en Vålerenga, sem í mínum huga er stórt félag. Ég efast nú um að það muni einhver lið vera að falast eftir kröftum mínum núna þegar ég er orðinn þrítugur. Ég er viss um að Vålerenga getur komist í Meistaradeild Evrópu á næstu árum.“

### > Við undrumst ...

... ummæli Barkar Edvardssonar hjá knattspyrnudeild Vals við vefmiðilinn Fótbolta.net síðdegis í gær. Þar kvaðst hann ekki vita hver Atli Jóhannsson hjá ÍBV væri, en Börkur er sakaður um að hafa rætt við hann á ólögmætan hátt. Stuttu síðar sagði hann við Fréttablaðið að málið væri misskilningur sem til væri kominn vegna rangra upplýsinga frá heimildarmanni sínum, sem Börkur vill með engu móti gefa upp. Það Það þarf varla að minna Börk á það að tvísaga málflutningur á það til að grafa undan trúverðugleika.



### > Við óskum ...

.... Breiðabliki hjartanlega til hamingju með að vera búið að tryggja sér sigur í 1. deildinni. Blikar hafa verið með langbesta liðið í 1. deildinni í sumar og eru enn taplausir.






**ÁSGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON** Náði loksins að sýna sitt rétta andlit gegn S-Kóreu í gær.

HM U-21 í Ungverjalandi:

## Loksins unnu Íslendingar

**HANDBOLTI** Íslenska piltalandsliðið í handknattleik vann í gær Suður-Kóreu, 34-33, á heimsmeistaramótinu í Ungverjalandi og vann sér þar með rétt á að spila um níunda sæti á mótinu. Ásgeir Örn Hallgrímsson átti stórleik og skoraði þrettán mörk í fimmtán skottilraunum.

Arnór Atlason var hetja Íslands í leiknum með því að skora sigurmarkið á síðustu sekúndu leiksins, en íslenska liðið var með yfirhöndina nánast allan leikinn og átti sigurinn skilinn.

Dregið í Meistaradeildinni:

## Chelsea mætir Liverpool á ný

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í riðla í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu og þar bar hæst að Liverpool og Chelsea, sem mættust í undanúrslitum keppninnar í fyrra, verða saman í riðli í ár, ásamt Real Betis og Anderlecht frá Belgíu. Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, var kosinn leikmaður keppninnar í fyrra við þetta sama tækifæri og sagði það mikinn heiður. „Það er ótrúlegt að verða fyrir valinu innan um alla þessa frábæru leikmenn og ég get ekki beðið eftir að mæta Chelsea í riðlinum núna. Það eru samt fleiri sterk lið þarna sem má alls ekki vanmeta,“ sagði Gerrard. - bb

*Meistaradeildin:*

**A-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| BAYERN MÜNCHEN | JUVENTUS |
| CLUB BRUGGE | RAPÍD VÍN |

**B-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| ARSENAL | AJAX AMSTERDAM |
| SPARTA PRAG | THUN |

**C-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| BARCELONA | PANATHINAIKOS |
| WERDER BREMEN | UDINESE |

**D-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| MANCHESTER UNITED | VILLARREAL |
| LILLE | BENFICA |

**E-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| AC MILAN | PSV EINDHOVEN |
| SCHALKE | FENERBAHCE |

**F-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| REAL MADRID | LYON |
| OLYMPIAKOS | ROSENBORG |

**G-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| LIVERPOOL | CHELSEA |
| ANDERLECHT | REAL BETIS |

**H-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| INTER MILAN | PORTO |
| RANGERS | ARTMEDIA BRATISLAVA |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

23 24 25 **26** 27 28 29

**Föstudagur**

**LEIKIR**

☐ 18.30 **HK** og **KA** mætast á Kópavogsvelli í 1. deild karla.

**SJÓNVARP**

☐ 07.00 **Olíssport** á Sýn.

☐ 07.30 **Olíssport** á Sýn.

☐ 08.00 **Olíssport** á Sýn.

☐ 08.30 **Olíssport** á Sýn.

☐ 17.30 **Olíssport** á Sýn.

☐ 18.00 **Ofurbikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Liverpool** og **CSKA Moskva.**

☐ 18.00 **Upphitun** á Skjá einum.

☐ 21.30 **Mótorsport 2005** á Sýn.

☐ 22.00 **World Supercross** á Sýn.

☐ 23.00 **K-1** á Sýn.

☐ 23.20 **Gullmót í frjálsum** á RÚV.

# Mainz einfaldlega of sterkt

**Fín barátta Keflvíkinga dugði ekki til gegn sterku liði Mainz á Laugardalsvellinum í gær. Keflavík beið lægri hlut, 0–2, og samanlagt 0–4.**

**FÓTBOLTI** „Það var leiðinlegt að tapa svona. Það er ekki hægt að sætta sig við það að ná ekki skoti á markið allan leikinn. Mainz er sterkt lið en mér fannst mörkin sem liðið skoraði ódýr," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, eftir leikinn en hann var þó þokkalega sáttur við leik Keflavíkurliðsins.

Greinilegt var í upphafi leiksins að leikmenn Keflavíkur ætluðu að selja sig dýrt því barátta leikmanna liðsins var til fyrirmyndar fyrstu mínúturnar. En fljótlega tókst þó sterku Mainzliði að ná góðum tökum á leiknum sem Keflvík átti erfitt með að brjóta á bak aftur. Það kom að því að Mainz kæmi boltanum í markið og var þar að verki hættulegasti maður liðsins, Michael Thurk, með stórglæsilegu marki.

Í seinni hálfleik gekk Keflvíkingum betur að halda boltanum innan liðsins en þeir áttu í erfiðleikum með að skapa hættu uppi við mark Mainz. Varamennirnir Simun Samuelsen og Branislav Milicevic voru líflegir í seinni hálfleik en náðu þó ekki að skapa hættu með ágætum hlaupum sínum upp vinstri kantinn. Tom Geissler skoraði svo annað mark Mainz undir lok leiksins og þar við sat.



**EKKI GLÆTA** Guðmundur Steinarsson og félagar í framlínu Keflavíkur komust lítt áleiðis gegn vörn Mainz í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Mainz var betra liðið allan leikinn og átti ekki í neinum vandræðum fyrirsjáanlegar sóknir Keflavíkur en Hólmar Örn Rúnarsson og Jónas Guðni Sævarsson voru bestu leikmenn Keflavíkur í leiknum.

magnush@frettabladid.is

Eyjamenn eru óhressir með vinnubrögð knattspyrnudeildar Vals:

# Valur ræddi við Atla Jóhannsson án leyfis ÍBV

**FÓTBOLTI** Stjórn knattspyrnudeildar ÍBV hefur kært knattspyrnudeild Vals til KSÍ fyrir að hafa rætt ólöglega við Atla Jóhannsson, leikmann liðsins, en hann er samningsbundinn ÍBV til ársins 2006.

Í reglum KSÍ kemur skýrt fram að ekki sé heimilt að ræða við samningsbundna leikmenn nema að fá leyfi frá viðkomandi félagi, en staðfest hefur verið að Börkur Edvardsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Vals, hringdi persónulega í Atla og spurði hann hvort hann hefði áhuga á að ganga til liðs við Val næsta sumar. Svör Atla voru á þann veg hann hygðist standa við samning sinn við ÍBV.

„Okkur þykja þetta ansi lúaleg vinnubrögð hjá Valsmönnum og þau eru hreinlega til skammar," sagði Gísli Hjartarson, sem situr í stjórn knattspyrnudeildar ÍBV.

Börkur segir að um mistök hafi verið að ræða og sagði stjórn Vals hafa beðið Eyjamenn afsökunar. „Við höfðum það eftir áreiðanlegum heimildum að samningur leikmannsins hefði verið að renna út og höfðum enga ástæðu til að rengja það. Eftir að í ljós kom að hann var samningsbundinn ÍBV lengur en það báðumst við afsökunar og vonum að þetta mál sé úr sögunni," segir hann. Gísli tekur lítið fyrir þessar afsakanir Edvards. „Hann þurfti ekki annað en að kíkja á heimasíðu KSÍ til að sjá að leikmaðurinn er samningsbundinn ÍBV."

- bb, - vig



**ATLI JÓHANNSSON** Er undir smásjánni hjá liði Vals í Landsbankadeildinni.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*UEFA-bikarkeppnin:*

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK–MAINZ | 0–2 |

Mainz komst áfram, 4-0 samanlagt.

| | |
|---|---|
| VIKING–RHYL | 2–1 |

**Hannes Þ. Sigurðsson** var ekki í leikmannahópi Viking, sem komst áfram, 3-1 samanlagt.

| | |
|---|---|
| ALLIANSI–BRANN | 0–2 |

**Kristján Örn Sigurðsson** lék fyrri hálfleikinn fyrir Brann en Ólafur Örn Bjarnason kom ekki við sögu. Brann komst áfram, 2-0 samanlagt.

| | |
|---|---|
| CORK CITY–DJURGÅRDEN | 0–0 |

**Kári Árnason** kom ekki við sögu hjá Djurgarden. Cork komst áfram vegna marks á útivelli.

| | |
|---|---|
| LINFIELD–HALMSTAD | 2–4 |

**Gunnar Heiðar Þorvaldsson** skoraði fyrsta mark Halmstad í leiknum sem komst áfram, 5-3 samanlagt.

| | |
|---|---|
| GENK–METALURGS | 3–0 |

**Indriði Sigurðsson** lék allan leikinn fyrir Genk sem komst áfram, 6-2 samanlagt.

*1. deild karla:*

| | |
|---|---|
| VÍKINGUR–BREIÐABLIK | 1–1 |

0–1 Ellert Hreinsson, 1–1 Daníel Hjaltason, víti

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BREIÐABLIK | 16 | 12 | 4 | 0 | 28–10 | 40 |
| **VÍKINGUR** | **16** | **8** | **7** | **1** | **33–9** | **31** |
| KA | 15 | 8 | 4 | 3 | 32–13 | 28 |
| **ÞÓR** | **15** | **5** | **3** | **7** | **21–30** | **18** |

*2. deild karla:*

| | |
|---|---|
| STJARNAN–LEIKNIR | 1–2 |

0–1 Vigfús Arnar Jósepsson, 1–1 Guðjón Baldvinsson, 1–2 Helgi Pétur Jóhannesson

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| LEIKNIR | 16 | 10 | 4 | 2 | 34–17 | 34 |
| **STJARNAN** | **16** | **8** | **6** | **2** | **36–23** | **30** |
| NJARÐVÍK | 15 | 7 | 4 | 4 | 25–16 | 25 |
| **F.BYGGÐ** | **15** | **6** | **5** | **4** | **25–18** | **23** |

*HM U21 í Ungverjalandi:*

| | |
|---|---|
| ÍSLAND–SUÐUR-KÓREA | 34–33 |
| EGYPTALAND–SPÁNN | 26–29 |
| DANMÖRK–ÞÝSKALAND | 27–29 |

*Ísland mun mæta liði Ísraels í leik um 9. sætið á laugardaginn.*







## STUÐ MILLI STRÍÐA | Grænar gallabuxur og mokkasínur í stíl

**FREYR GÍGJA** RIFJAR UPP FYRSTA SKÓLADAGINN SINN Á ÍSLANDI.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Fyrsti skóladagurinn rann upp hjá mörgum krökkum fyrir nokkrum dögum. Við eigum flest engar minningar frá þessum degi. Við vorum sennilega svo yfirspennt að koma í nýtt umhverfi. Krakkarnir stærri en við áttum að venjast frá öruggu umhverfi leikskólans. Sem betur fer er núna tími stafrænna myndavéla. Minningin örugglega geymd á harða diskinum. Þegar árin líða og minningin hverfur er hægt að kveikja á tölvunni og rifja upp þennan merkisatburð.

Ég hóf skólagöngu mína í Danmörku. Man ekkert eftir þeim degi frekar en aðrir. Ég hafði náð tökum á dönskunni þannig að tungumálaörðugleikarnir voru ekki málið. Danir voru frekar hallærislegir á þessum tíma þannig að það skipti engu hverju ég var klæddur. Ég hafði frekar þykkt og sítt hár af sex ára dreng að vera. Skipti engu. Danir eru svo ligeglad. Er mér sagt.

Þegar ég fluttist heim þurfti ég að upplifa fyrsta skóladaginn aftur. Þegar ég kom inn í skólastofuna, stoltur með þykka síða hárið mitt, í grænum gallabuxum og mokkasínum í stíl, var ekki að finna neina hallærislega Dani. Bara snoðaða drengi í apaskinnsgöllum merktum FH, sem störðu á þennan furðufugl. Hann gat ekki einu sinni talað almennilega íslensku.

Ég reyndi að bregðast við þessum aðstæðum eins og maður. Settist bara niður og brosti. Svo las kennarinn upp. Nöfnin komu í runu eftir stafrófsröð. Ég æfði mig í hljóði á því hvernig jáið mitt ætti að hljóma þegar nafnið mitt væri lesið upp. „Freyja Gígja," sagði kennarinn. Enginn sagði já, ég leit í kringum mig og hugsaði, þvílík tilviljun, nánast nafni minn. Gerði mér svo grein fyrir mistökunum, stóð upp og sagði snjallt: „Jeg heitir Freyr Gígja," eða svo hefur mér verið sagt. Ég man enda ekkert eftir fyrsta skóladeginum mínum.

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB







### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 1 | 2 | | | | | 8 |
| | | 4 | 3 | 9 | | | 5 | 6 |
| | | | 6 | | 8 | 7 | | |
| 9 | 1 | 5 | | | | | | 4 |
| | 7 | | 4 | | 5 | | 6 | |
| 8 | | | | | | 5 | 1 | 2 |
| | | 3 | 7 | | 2 | | | |
| 4 | 6 | | | 8 | 9 | 1 | | |
| 5 | | | | | 4 | 6 | 9 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 1 | 6 | 9 | 7 | 5 | 3 |
| 3 | 9 | 6 | 4 | 5 | 7 | 2 | 1 | 8 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 8 | 2 | 4 | 6 | 9 |
| 7 | 4 | 9 | 2 | 3 | 1 | 6 | 8 | 5 |
| 8 | 3 | 2 | 6 | 4 | 5 | 9 | 7 | 1 |
| 5 | 6 | 1 | 9 | 7 | 8 | 3 | 2 | 4 |
| 2 | 1 | 5 | 7 | 9 | 4 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 4 | 5 | 2 | 3 | 1 | 9 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 5 | 4 | 2 |

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# RISATÆKIN FÁST Í BT!



**42" Plasmasjónvarp**

Snilld frá SONY!

SONY

**Sony 42" Plasmaasjónvarp**
KEP42M1SI

- 42" Alis Plasmaskjár
- Wega Engine
- 852x480 upplausn
- 3D kamfilter fyrir PAL og NTSC
- Textavarp
- Magnari 2x10W
- Virtual Dolby SRS TruSurround
- 3x scarttengi/2 RGB/1 Component/1 S-VHS
- Fjarstýring
- H 75 cm B107 cm D 11 cm

SONY gæði!

WIDE SCREEN

HDTV READY

**WEGA**
Sony WEGA tæknin hefur í langan tíma þótt sú fullkomnasta í sjónvörpum. Þessi tækni er nú kominn í nýjustu LCD og Plasma sjónvörpin frá Sony.

**Aukin dýpt með WEGA**
Með DRC-MF tækinni næst einnig meiri dýpt og skerpa. Upplifðu meiri þrívídd með Sony.

**3d Digital comb filter**
WEGA tæknin breytir hefðbundnu analog merki yfir í stafrænt. Með þessu næst skarpari munur á milli lita. Bætir skerpu og gerir myndina mýkri.

**Margföldun á upplausn**
DRC-MF tæknin tvöfaldar línufjöldan lárétt og fjórfaldar hann lóðrétt. Skýrari mynd með allt að fjórfaldri upplausn.

FYLGIR

RDRGX210S
**Sony DVD spilari og upptökutæki**

SONY

**efni á DVD**
- úr sjónvarpinu og geymdu á DVD
- úr myndbandstökuvélinni og geymdu á DVD

**Spilaðu**
DVD myndirnar í bestu gæðum. Með Sony DVD spilara og Sony plasma færðu frábær einstök gæði.

**Náttúrulegri litir með WEGA**
Sony High Picture Quality Conversion Circuitry tæknin ásamt fyrsta 14 bita skjá í heiminum gefur mun betri litaskil en í algengum 10 bita skjám.

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl

**24.999** **
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
**299.988**

DVD upptökutæki 39.588 FYLGIR

## ÓDÝRARI DVD MYNDIR!

10 Fríar ÓDÝRARI DVD MYNDIR með þessum Plasma-tilboðum!



MEDION®



**42" Plasmasjónvarp**

Bassa Box

Heima-bíókerfi 29.999 FYLGIR

Fimm hátalarar

FYLGIR

Fallegur glerstandur!

**42" Plasmasjónvarp**

- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- 10.000:1 skerpa
- birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- Styður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)
- Þyngd án stands: 38kg
- Þyngd með standi: 42kg

---

**Líftími 30.000 klst áður en dregur úr gæðum myndar. Miðað við 4 klst áhorf á dag þá er endingin 21 ár**

Þýsk gæði!

WIDE SCREEN

HDTV READY

Skerpa 10.000:1

**Meiri myndgæði**
Mikl birta og skerpa ásamt HDTV stuðningi gerir tækið tilbúið fyrir framtíðina..

**Multipip**
Virkar þannig að stöðin sem verið er að horfa á er „live" en hinar stöðvarnar í kring uppfærast með jöfnu millibili.

**SONY HEIMABÍÓKERFI** DAV SB100

**Fjölkerfa DVD spilari**
sem spilar DVD diska frá öllum svæðum. Spilar einnig SVCD/DVD-R/DVD-RW/JEPG og MP-3

**Hátalarakerfi**
5x50W RMS magnari ásamt 5 hátölurum og 80 W RMS bassahátalara

**Útvarp**
Hlustaðu á útvarpið í brjáluðum gæðum

**Dolby Digital/DTS** Þannig getur þú notið hljómgæða kvikmynda sem eru teknar upp í Dolby Digital og DTS til fullnustu!

**14.999** **
Á MÁNUÐI Í 16 MÁNUÐI VAXTALAUST
**239.984** STAÐGREITT

**Miklir tengimöguleikar**
2 SCART tengi, S-Video tengi og DVI tölvutengi sem gerir þér kleyft að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISAstóran tölvuskjá ásamt fullt af öðrum tengimöguleikum.

**Skerpa**
10.000 á móti 1 í skerpu gefur þér skarpari mynd en þú átt að venjast! Önnur plasmasjónvörp eru með 3.000 á móti 1. Medion aðeins það besta!

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

BT

www.bt.is

# Alveg brilljant skilnaður aftur

Einleikurinn Alveg brilljant skilnaður verður sýndur aftur vegna fjölda áskorana á nýja sviði Borgarleikhússins í september. Alveg brilljant skilnaður var sýndur sextíu sinnum síðastliðið vor fyrir fullu húsi og var ein fimm sýninga sem hlutu flest atkvæði sem sýning ársins í netkosningu almennings á visir.is fyrir veitingu Grímuverðlaunanna fyrr í sumar.

Alveg brilljant skilnaður er eftir Geraldine Aron en Gísli Rúnar Jónsson íslenskaði og gerði leikgerð. Einleikurinn gerist í Reykjavík á þessum síðustu og verstu tímum. Leiknum mætti lýsa sem harmskoplegum en í honum segir frá ofur hvunndagslegri miðaldra höfuðborgarmær, Ástu að nafni. Ásta stígur á stokk og veitir áhorfendum einlægan og opinskáan aðgang að innstu hugarfylgsnum sínum skömmu eftir að elskulegur eiginmaður hennar til tuttugu ára yfirgefur hana til að taka saman við aðra yngri konu.

Miðasala er í Borgarleikhúsinu í síma 5688000 og einnig á netinu á www.borgarleikhus.is.



**EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR** Í hlutverki sínu í einleiknum Alveg brilljant skilnaður.

# Djass undir fjöllum

**Mikil djasshátíð verður haldin á Skógum undir Eyjafjöllum um helgina þar sem átta landsþekktir djassistar koma saman og leika í ýmsum samsetningum.**

Um helgina, laugardaginn 27. ágúst og sunnudaginn 28. ágúst, fer fram heilmikil djasshátíð á Skógum undir Eyjafjöllum og ber hún yfirskriftina Jazz undir fjöllum. „Hátíðin er nú haldin í annað skipti og því er þetta örlagapunkturinn. Með því að halda hátíðina aftur erum við að leggja drög að því að hátíðin verði hefð. Í fyrra komu um 400 manns á hátíðina og fór aðsókin fram úr okkar björtustu vonum. Vonandi verður aðsóknin ámóta góð í ár,“ segir Sigurður Flosason saxófónleikari, sem er skipuleggjandi tónlistaratriða á hátíðinni auk þess að vera einn af átta djassistum sem þar leika.



**HAVANABAND TÓMASAR R. EINARSSONAR** Óskar Guðjónsson, Matthías Hemstock, Tómas R. Einarsson, Ómar Guðjónsson og Pétur Grétarsson eru fimm af átta djassistum sem leika á mikilli djasshátíð á Skógum um helgina.

Djassistarnir sem taka þátt í hátíðinni, auk Sigurðar, eru Björn Thoroddsen gítarleikari, Gunnar Gunnarsson orgelleikari, Matthías Hemstock trommuleikari, Ómar Guðjónsson gítarleikari, Óskar Guðjónsson saxófónleikari, Pétur Grétarsson trommu- og slagverksleikari og Tómas R. Einarsson sem leikur á kontrabassa.



**SIGURÐUR FLOSASON OG GUNNAR GUNNARSSON** Leika á tónleikum á djasshátíðinni á Skógum á sunnudaginn klukkan 15.00.

Sigurður segir að efnisskrá tónleikanna á hátíðinni sé afar ólík en að allir séu þeir aðgengilegir og í léttari kantinum og segir hann það gert til að laða fólk að hátíðinni. Á laugardaginn klukkan 15.00 verður Tríó Björns Thoroddsen með tónleika í kaffiteríu samgöngusafns Byggðasafnsins á Skógum þar sem leiknir verða hefðbundnir djassstandardar. Havanaband Tómasar R. Einarssonar treður svo upp með latínsveiflu í félagsheimilinu Fossbúð klukkan 21.00 um kvöldið og á sunnudaginn leika Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson íslensk ættjarðarlög og sálma í nýju ljósi klukkan 15.00 í Skógakirkju, Byggðasafninu á Skógum.

„Þess ber svo að geta að á laugardaginn, milli klukkan 19 og 21, í Félagsheimilinu Fossbúð, getur fólk gætt sér á gómsætum mat rómaðra kokka frá Hótel Skógum og það er aldrei að vita nema einhverjir okkar grípi í hljóðfærin sín yfir borðhaldinu og skemmti gestum á meðan,“ segir Sigurður og skorar á fólk að láta sjá sig á Skógum um helgina. ■



**BJÖRN THORODDSEN** Tríó Björns opnar jasshátíðina á Skógum á laugardaginn klukkan 15.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

24 25 **26** 27 28

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

- 12.00 **Tónlistarandakt í Hallgrímskirkju** á Kirkjulistahátíð 2005. **Einar Jóhannesson,** klarinett, og **Douglas A. Brotchie,** orgel, leika verk eftir Bach, Mozart og John A. Speight.
- 17.00 Hljómsveitin **Shadow Parade** leikur í **Gallerí humar og frægð**.
- 23.00 **Vonbrigði**, **Dýrðin** og **Helvar** leika á **Grand Rokk**

### OPNANIR

- 15.00 **Margrét Guðmundsdóttir** sýnir í **Grafíksafni Íslands**, sal Íslenskrar Grafíkur, að Tryggvagötu 17, hafnarmegin, 101 Reykjavík. Á sýningunni eru grafíkmyndir, blönduð tækni og ljósmyndir. Sýningin stendur til 11. september 2005.

### MÁLÞING

- 18.00 **Kirkjulistaspjall með kaffihúsastemningu** í **Suðursal Hallgrímskirkju**. **Þér eruð salt jarðar**: passían og guðspjöllin í listinni. Stutt innlegg, almennar umræður. Umræðum stýra Ævar Kjartansson og dr. Sigurður Árni Þórðarson. Trond Kverno tónskáld og Terje Kvam kórstjóri ræða meðal annars um

# Hryðjuverk í LA

Vetrardagskrá Leikfélags Akureyrar verður kynnt í dag, en nú standa yfir æfingar á Pakkinu á móti, sem einnig var sýnt á síðasta leikári. Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri segir að þó að verkið hafi verið samið í tilefni hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 sé söguþráðurinn mjög keimlíkur hryðjuverkaárásinni í Lundúnum í sumar þar sem strætisvagn var sprengdur í loft upp. „Ef við hefðum ekki verið búin að ákveða að endursýna verkið í haust hefðum við örugglega ákveðið það eftir árásirnar í London,“ segir Magnús. **- kk**














# Ásatrúarfélagið

**Aukaallsherjarþing laugardaginn 10. september 2005 kl. 14:00.**

Ásatrúarfélagið boðar til aukaallsherjarþings í húsnæði félagsins að Grandagarði 8, Reykjavík, laugardaginn 10. september nk. Eina málið á dagskrá verður umræða og atkvæðagreiðsla um sölu húsnæðis félagsins að Grandagarði 8, Reykjavík.

*Reykjavík, 23. ágúst 2005,*

**f.h. lögréttu,**
**lögsögumaður.**






# Afgreiðslufólk bitið og klórað

Heimasíðan baggalutur.is hefur haldið úti stórfróðlegum en umfram allt skemmtilegum fréttavef í nokkur ár. Í frétt á síðunni nýverið stóð: „Til átaka kom í miðbæ Reykjavíkur í morgun, þar sem æstir aðdáendur Baggalúts bitust um nýútkomna köntrískífu, „Pabbi þarf að vinna.“ Nokkuð hefur verið um að afgreiðslufólk hljómskífu- og bókaverslana sé bitið og jafnvel klórað af æstum skríl...“

Eins og er um flestar fréttir Baggalútsmanna er eflaust einhver spuni í þessari frétt þó svo að aðalatriðið sé dagsatt. Sem sagt hafa félagarnir nú gefið út sína fyrstu plötu og er hún hvorki meira né minna en kántríplata sem gefin er út af Geimsteini. Á henni flytur Köntrísveit Baggalúts frumsamda sveitasöngvatónlist.

„Það var eitthvað lítið að gera hjá okkur í vor, við vorum nýbúnir að ljúka við bók og fengum þá þessa hugmynd, að gera köntríplötu,“ segir Guðmundur Pálsson Baggalútsmeðlimur. „Við höfum alltaf gert jólalög og svoleiðis og við sem komum mest að tónlistinni á þessari plötu höfum allir eitthvað grúskað í þessu. Við fengum svo Guðmund Kristin Jónsson úr hljómsveitinni Hjálmum til að vera upptökustjóri á plötunni og hann hjálpaði okkur mikið.“



**KÖNTRÍSVEIT BAGGALÚTS** Strákarnir í Baggalúti fengu þá flugu í höfuðið að búa til köntrítónlist og hafa nú gefið út plötuna Pabbi þarf að vinna.

Ástæðuna fyrir því að strákarnir völdu kántrístefnuna fyrir sína fyrstu breiðskífu segir Guðmundur vera að þeim hafi fundist vanta alíslenska sveitasöngva. „Það hefur alveg verið einhver kántríbylgja hérna og aðallega þá í kringum einn mann. En okkur fannst vanta heiðarlega, ekta og alíslenska köntríplötu þar sem væri fyrir þessi sérstaki köntrítregi en um leið ekta sveitastuð. Við Bragi Skúlason semjum saman nokkur lög á plötunni og hann samdi líka nokkur laganna einsamall. Það eru svo fleiri en við í Baggalúti sem koma að plötunni og fullt af tónlistarmönnum sem hjálpuðu okkur við þetta verkefni,“ segir Guðmundur og bætir því við að útgáfutónleikar séu væntanlega á næsta leiti. „Það eru allar líkur á því að við höldum útgáfutónleika en bara spurning hvar og hvenær.“

Vefsíðan sjálf hefur nú fengið nýtt útlit eftir sumarfrí en strákarnir hafa haldið uppi vefsíðunni frá árinu 2000 og að sögn Guðmundar er þetta einungis áhugamál þeirra enda eru þeir allir í fullri vinnu. „Við erum ekkert að græða neinar stórkostlegar upphæðir á þessum vef. Við endurbættum hann þó nýlega og er hann kominn með gamaldags dagblaðayfirbragð og fréttirnar eru aðgengilegri. Við fáum alltaf einhver þúsund heimsókna á dag og stundum fer það upp úr öllu valdi þegar eitthvað sérstakt er á seyði eins og platan núna. Það er einmitt gríðarlegur áhugi fyrir henni. Menn bíða með öndina í hálsinum, enda er þetta stórgóð plata sem fæst í öllum helstu hljómplötuverslunum.“

hilda@frettabladid.is


BHS
Kvöldskóli BHS

Innritun í málmiðndeild í kvöldskóla Borgarholtsskóla verður eftirfarandi daga

LAUGARDAG 27. ÁGÚST KL. 11 - 14

Sími : 535-1716 í málmdeild
www.bhs.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Lau 27/8 kl 14, Su 28/8 kl 14,
Lau 3/9 kl 14, Su 4/9 kl 14, Su 11/9 kl 14

EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
Stórtónleikar
Fö 2/9 kl 20 - UPPSELT
Fö 2/9 kl 22:30 - UPPSELT

KYNNING LEIKÁRSINS
Leikur, söngur, dans og léttar veigar
Su 11/9 kl 20
Opið hús og allir velkomnir

Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN
REYKJAVIK DANCE FESTIVAL
Nútímadanshátíð 1.-4. september
No, he was white (forsýning)
höf: Sveinbjörg Þórhallsdóttir, Margrét Sara Guðjónsdóttir, Anne Tismer og Rahel Savoldelli
Videoverk Jared Gradinger
Lau 27/8 kl 20.

10 verk eftir 14 höfunda
Miðaverð kr 2000
Passi á allar sýningarnar kr 4000

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 3/9 kl 20, Fö 9/9 kl 20, Lau 10/9 kl 20

Endurnýjun áskriftarkorta hefst í dag!
Sala nýrra áskriftarkorta hefst laugardaginn 3. september - Það borgar sig að vera áskrifandi



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA
OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17
Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is
TE & KAFFI
- í Dillonshúsi
Minjasafn Reykjavíkur
ÁRBÆJARSAFN



VIÐEY - NÁTTÚRA OG MENNING
VIÐEY ISLAND - NATURE AND CULTURE COMBINED IN ONE
VIÐEYJARFERJAN SIGLIR ALLA DAGA Í SUMAR
Upplýsingar og pantanir
ferja@ferja.is • www.ferja.is
Minjasafn Reykjavíkur





> sigur Rós



> Kimono

### Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Sigur Rós:** Takk, **Kimono:** Arctic Death Ship, **Baggalútur:** Pabbi þarf að vinna, **Alfie:** Crying at Teatime, **Mick Harvey:** One Man's Treasure, **Goldfrapp:** Supernature og **Coldplay:** X&Y.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## *Rokk- og rafdúettinn Hellvar*

Hljómsveitin Hellvar samanstendur af rokkparinu Heiðu og Elvari en þau hafa áður gert garðinn frægan í Heiðu og Heiðingjunum og enn fremur var Heiða áberandi í hljómsveitinni Unun fyrir nokkrum árum. Hellvar heldur sína aðra tónleika hér á landi í kvöld á Grandrokki.

Fyrstu tónleikarnir voru á Innipúkanum um verslunarmannahelgina. „Það gekk rosalega vel og við fengum mjög góð viðbrögð," segir Heiða. „Þetta er dálítið öðruvísi tónlist en ég hef áður verið að spila. Ég og Elvar spilum á bassa og gítar til skiptis og síðan sér laptop-tölva um trommuheila og fleiri hljóð. Ég myndi segja að þetta væri rokk- og rafdúett eins og Kraftwerk, frekar en bara rokkdúett. Þetta er líka meira gamaldags raftónlist en þessi nútímalega," segir hún.

Heiða og Elvar eru nýflutt heim eftir að hafa stundað nám í Berlín þar sem þau spiluðu talsvert á tónleikum. „Við vorum bæði í heimspeki í skiptiprógrammi frá Háskóla Íslands í eitt ár. Við lærðum fullt af þýsku og komumst líka vel inn í tónlistina. Við spiluðum heilling út um allt á litlum stöðum, sem var mjög skemmtilegt. Síðan vorum við að gera heimagerð demó og fólk var mikið að kaupa þau," segir Heiða.

Auk Hellvars koma fram í kvöld hljómsveitirnar Dýrðin og Vonbrigði. Aðgangseyrir er 500 krónur og hefjast tónleikarnir klukkan ellefu.



**HELLVAR** Hljómsveitina skipa Heiða og Elvar en þau gerðu garðinn áður frægan í Heiðu og Heiðingjunum.

### > Plata vikunnar ...



**ANTONY AND THE JOHNSONS: I Am a Bird Now**

*„ Hér er viðkvæmur, hádramatískur og einlægur fugl á ferð sem er vel þess virði að kynna sér."* **BÖS**

### > Popptextinn ...

*„I walk the streets of love*
*and they're full of tears*
*I walk the streets of love*
*and they're full of fears."*



Rokkhundarnir í The Rolling Stones eru í ballöðugírnum í hinu prýðilega Streets of Love af væntanlegri plötu sinni, A Bigger Bang.











# Kraumandi eldfjallarokk

Rokksveitin Hekkenfeld, sem samanstendur af fimm íslenskum strákum sem hafa verið búsettir í Kaupmannahöfn, gaf fyrir nokkru út plötuna Umturnast.

Fyrsti vísirinn að sveitinni varð til fyrir fimm árum þegar menn ákváðu að hittast og spila gömul íslensk rokklög. Fljótlega komu þeir upp eigin lager af lögum og fyrir tveimur árum hófust upptökur á fyrstu plötunni. Þar er að finna tíu lög, þar á meðal tvö tökulög. Annars vegar Stórir strákar eftir Egó og hins vegar Jón var kræfur karl og hraustur með Þursaflokknum.

Að sögn Birgis Hilmarssonar, söngvara Hekkenfeld, var hljómsveitin stofnuð eftir þorrablót í Kaupmannahöfn árið 2000, sama kvöld og Hekla gaus. „Löngu seinna var ég að lesa Íslandsklukkuna og vantaði nafnið á hljómsveitina. Jón Hreggviðsson var kallaður van Hekkenfeld í Hollandi, sem þýddi „frá helvíti". Þetta er líka blótsyrði á dönsku, „gik hekkenfeld til", þannig að við ákváðum að sameina dönskuna og íslenskuna með þessu nafni," segir Birgir, sem nýverið flutti aftur heim til Íslands en æfir þó enn með félögum sínum úti. „Menn hafa flutt heim og nýir komið í staðinn. Þetta er eins og með fótboltaliðin, það er mikil hreyfing á þessu. Þetta hefur eiginlega þróast út í að vera hálfgerður karlaklúbbur," segir hann.

Meðlimir Hekkenfeld koma úr öllum áttum. Til að mynda rekur einn þeirra fyrirtæki í Kaupmannahöfn á meðan einhverjir hafa stundað þar nám, meðal annars Birgir sem er lærður hjúkrunarfræðingur. „Þetta hefði aldrei gerst á Íslandi, því maður hefði bara talað við vini sína," segir Birgir um tilurð Hekkenfeld. Kynntist hann meðal annars tveimur úr sveitinni í kirkjukór Kaupmannahafnar og öðrum á fæðingardeild. „Þetta var oft erfitt. Menn voru að stússast í ýmsu og við reyndum að setja á fastan æfingadag. Þegar það fór að nálgast að ég færi að flytja heim vildum við „dokumentera" það sem við áttum. Okkur fannst það takast vel og þá ákváðum við að gefa það út og sjá síðan til. Við köllum þetta eldfjallarokk. Það er eins með eldfjöllin og Íslendinga. Fjöllin geta verið róleg og falleg í fjarska en undir niðri krauma þau og geta sprungið einn daginn."

Hekkenfeld stefnir á að halda sínu fyrstu tónleika hér á landi í næsta mánuði en sveitin hefur bæði spilaði í Svíþjóð og Danmörku við góðar undirtektir.



**Á TÓNLEIKUM** Hekkenfeld hélt uppi góðri stemningu á útgáfutónleikum sínum í Danmörku.

freyr@frettabladid.is




# Vinsælasta tónlistin á Íslandi




3. sæti*

1.499 kr
Verð áður 1.999-

RAGGI BJARNA - Með hangandi hendi




1. sæti*

1.999 kr
Alm. verð 2.499-

ÝMSIR - Pottþétt 38

**LAGALISTI**

1. fínu formi
2. Undarlegt með unga menn
3. Ó blessuð vertu sumarsól
4. Að byggja til þín brú
5. Til eru fræ
6. Þarna fer ástin mín
7. Tequila
8. Heyr mitt ljúfasta lag
9. Ég fer í frí
10. Hver vill sigla
11. Eiki bleiki
12. Með hangandi hendi
13. Megi dagur hver fegurð þér færa

**LAGALISTI**

DISKUR 1 (sýnishorní

1. The Black Eyed Peas - Don't...
2. Wig Wam - In My Dreams
3. D.H.T. - Listen To Your Heart
4. Akon - Lonely
5. Keane - This Is The Last Time
6. Hildur Vala - fylgsnum hjartans
7. 3 Doors Down - Let Me Go

DISKUR 2 (sýnishorní

1. Coldplay - Speed Of Sound
2. Gorillaz - Feel Good Inc.
3. akob Sveistrup - Talking To You
4. James Blunt - You're Beautiful
5. Sálin - Þú færð bros
6. BodyRockers - I Like The Way
7. Queens Of The Stone Age - Little Sister

1.499 kr — Alm. verð 2.499- — 20. sæti*



Á MÓTI SÓL-Hin 12 topplögin

1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 12. sæti*



HILDUR VALA

1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 10. sæti*



TRABANT-Emotional

1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 7. sæti*



COLDPLAY-X & Y

1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 5. sæti*



EMILÍANA TORRINI-Fisherman´s woman

1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 2. sæti*




PÉTUR KRISTJÁNSSON-Gamlar myndir

1.999 kr — Alm. verð 2.499 — 21. sæti*




BUBBI-Í 6 skrefa fjarlægð frá Paradís

1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 15. sæti*



GORILLAZ-Demon days

1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 11. sæti*



LÖGREGLUKÓR REYKJAVÍKUR-Hæfileg refsing

1.999 kr — Alm. verð 2.499- — Nýtt — 9. sæti*




LEAVES-The Angela test

1.499 kr — Alm. verð 2.499- — 6. sæti*



KK OG MAGGI EIRÍKS-Fleiri ferðalög

1.699 kr — Alm. verð 2.499- — 4. sæti*



ACOUSTIC ICELAND

*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 1. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA










# Stofna Riders on the Storm

Fyrrum meðlimir hljómsveitarinnar The Doors, Robby Krieger og Ray Manzarek, hafa ákveðið að koma fram á ný undir nafninu Riders on the Storm.

Þeir Krieger og Manzarek stofnuðu hljómsveitina The Doors of the 21. Century fyrir nokkrum árum og fóru í tónleikaferð með Ian Astbury, fyrrum söngvara The Cult. John Densmore, fyrrum trommari The Doors, og ættingjar söngvarans Jim Morrison höfðuðu mál vegna nafngiftarinnar og höfðu sigur. Fyrir vikið máttu Krieger og Manzarek ekki spila í hljómsveit þar sem orðið Doors kæmi fyrir.

Þrátt fyrir nýja nafnið er ekki talið líklegt að Densmore sé sáttur, enda tengist hann laginu Riders on the Storm sterkum böndum. Snemma á tíunda áratugnum vann hann dómsmál gegn Doors-tökulagasveit sem bar einnig heiti lagsins, auk þess sem sjálfsævisaga hans hét sama nafni. ■



**MANZAREK OG KRIEGER** Ray Manzarek, til vinstri, og Robby Krieger á tónleikum með The Doors of the 21. Century. Þeir hafa nú stofnað sveitina Riders on the Storm.



**SCARLETT JOHANSSON** Þegar bandarískur slúðurblaðamaður spurði Scarlett í hverju hún væri undir kjólnum sínum á frumsýningu The Island á dögunum svaraði pían: „Ef þú hefur heppnina með þér kemstu kannski að því seinna í kvöld!“

# Scarlett Johansson elskar kynlíf

Leikkonan unga Scarlett Johansson hefur aldrei verið feimin og liggur ekki á skoðunum sínum. „Ég get ekki verið litla, þögla og góða stelpan,“ sagði skvísan kynþokkafulla. „Ég elska kynlíf, er mjög ástríðufull manneskja og sérstaklega veik fyrir gáfuðum mönnum.“

Scarlett hefur átt nokkra fræga kærasta, þar á meðal hjartaknúsarana Jared Leto og Josh Hartnett. „Ég hef engar fastar reglur um hvenær ég megi stunda kynlíf og útiloka ekki mök eftir fyrsta stefnumót,“ segir hún en viðurkennir að mömmu hennar hafi brugðið þegar hún sagði henni frá sinni fyrstu kynlífsreynslu. „Mamma fór eiginlega að gráta, því eins og allir óttast hún alnæmisfaraldurinn. Hún spurði strax hvort ég hefði ekki notað verjur og sem betur fer gat ég fullvissað hana um að ég hefði farið eftir öllu því sem hún kenndi mér.“

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Scarlett upplifað hinar myrku hliðar ástarinnar þegar hún var ástfangin af ónafngreindum manni sem var háður kókaíni. „Það var hræðilegt. Það er aldrei hægt að reiða sig á dópista því þeir gera allt til að fá efnin sín. Ég var aldrei jafn mikilvæg og dópið en það er samkeppni sem ekki er hægt að vinna.“

Scarlett er stolt af því að vera Bandaríkjamaður en mislíkar margt við stjórnarfar landsins og er enginn aðdáandi George Bush Bandaríkjaforseta. „Ef hann fengi sínu framgengt væri hætt að kenna kynfræðslu. Allar konur ættu að eiga minnst sex börn og vera heimavinnandi. Svo væru fóstureyðingar ólöglegar,“ segir Scarlett reið. „Ef ég myndi hitta hann þá myndi ég segja „Skammastu þín!“.“ ■

# Sienna jafnar sig á sviði

Sienna Miller á hug og hjörtu Breta um þessar mundir. Jude Law er hins vegar jafn mikill skúrkur og David Beckham þegar hann fékk rauða spjaldið á móti Argentínu á HM 1998 í knattspyrnu.



**SIENNA MILLER** Sienna er ein um þessar mundir og notar sviðsleikinn til að komast yfir Jude Law.

Bresku blöðin hafa mikið velt því fyrir sér hvernig Miller hafi tekist að vera svona sterk og jafnað sig á framhjáhaldi Law. Hún hefur nú upplýst um leyndarmálið. Í hvert skipti sem hún treður upp á West End í Shakespeare-leikritinu As You Like It hjálpar það henni að jafna sig. Þetta kom fram á spurt og svarað sýningu sem haldin var á dögunum. „Nei, það er til tæki sem heitir dr. Leikhús, það er frábært og ég vildi helst ekki gera neitt annað,“ sagði Sienna. Leikhúsgestir veittu því þó athygli að leikkonan keðjureykti og var mjög óörugg. ■




HÁDEGISBÍÓ HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI 3 BÍÓ 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓI




## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| THE DUKES OF HAZZARD | KL. 6-8.15-10.30 | |
| THE DUKES OF HAZZARD VIP | KL. 3.30-8.15-10.30 | |
| RACING STRIPES enskt tal | KL. 3.50-6-8.15-10.30 | |
| RACING STRIPES ísl. tal | KL. 3.50-6 | |
| THE SKELETON KEY | KL. 6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| DECK DOGZ | KL. 8.15 | |
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 3.50-6 | |
| THE ISLAND | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| THE ISLAND VIP | KL. 5.45 | |
| KICKING AND SCREAMING | KL. 4 | |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 10.30 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 4 | |

## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE DUKES OF HAZZARD | KL. 8-10.10 | |
| RACING STRIPES | KL. 6-8 | B.I. 16 |
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 6 | |
| THE LONGEST YARD | KL. 10 | |

## AKUREYRI

| | |
|---|---|
| THE DUKES OF HAZZARD | KL. 8-10 |
| RACING STRIPES | KL. 6 |
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 6-8 |
| THE SKELETON KEY | KL. 10 |

## KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| THE DUKES OF HAZZARD | KL. 6-8.40-10.50 | |
| RACING STRIPES enskt tal | KL. 4.20-6.30 | |
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 4.20-6.30 | |
| DECK DOGZ | KL. 8.40-10.40 | |
| THE PERFECT MAN | KL. 8.15 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 4 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 10.10 | B.I. 12 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| RACING STRIPES | KL. 5.50-8-10 | |
| HEAD IN THE CLOUDS | KL. 5.30-8-10.30 | |
| THE SKELETON KEY | KL. 8-10.10 | B.I. 16 ára |
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 6 | |
| THE ISLAND | KL. 5.30-8-10.30 | B.I. 16 ára |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 6 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 8-10.30 | B.I. 12 ára |

Háskólabíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kate Moss hefur keypt sér heimili í Los Angeles á tæpar 200 milljónir króna. Samkvæmt The New York Post keypti fyrirsætan íbúð í Tony Sierra-turnunum á Doheny Drive. Nágrannar hennar í byggingunum eru meðal annars Lindsay Lohan og Matthew Perry. Moss á fyrir heimili í London og setur í Oxfordshire. Þessi glæsilega fyrirsæta hefur svo eins og allir vita verið í sambandi með rokkaranum Pete Doherty að undanförnu, hvernig sem þau mál standa svosum núna.



Jamie Oliver eða Kokkur án klæða eins og hann kallar sig stendur víst ekki eins vel undir nafni eins og kona hans, Jools. Þessi tveggja barna móðir segist einungis klæðast pínulítilli svuntu þegar hún sér um eldamennsku heimilisins og á jólunum er hún með sérstakt atriði. „Stelpurnar fara í háttinn og ég sendi Jamie út úr herberginu. Svo kalla ég á hann að koma inn og er nakin fyrir utan það að vera með jólakúlur á brjóstunum og svo dansa ég kjánalegan dans. Þetta er mun meira kjánalegt en kynæsandi og fær hann til að hlæja,“ segir Jools, sem mun bráðlega sitja fyrir hjá Ronnie Wood og hefur Jamie heimtað að hún verði nakin á myndunum.



Pamela Anderson vill hvetja karlmenn til að vera mun þrautseigari þegar þeir reyna að heilla hana. Hún segist alltaf vera í vandræðum með að finna karlmenn vegna þess hversu fljótt aðdáendur hennar gefast upp á að elta hana. „Mig langar til að hitta einhvern en ég vil að gengið sé á eftir mér. Hér í Hollywood er fullt af mönnum sem reyna einu sinni en gefast svo upp,“ sagði hún pirruð. „Það er lítið um að fólk gangi á eftir ástinni sinni og lítið um alvöru ástríðu nú á dögum. Það sem var best við Tommy var að hann elti mig alla leið til Cancun og bað mig um að giftast sér eftir fjóra daga. Það var rómantískt og ástríðufullt, allar stelpur vilja láta ganga á eftir sér.“




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„They do seem to be headed in that general direction. Maybe your dick's not so dumb."**

**Svar:** Austin Millbarge úr kvikmyndinni Spies Like Us árið 1985

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ Borghildur Gunnarsdóttir skríkir af fögnuði yfir endurkomu uppáhaldsþáttarins.

# Heill sé amerísku fyrirsætunum

Hef verið að skammst yfir lélegri sjónvarpsdagskrá en snarhætti því núna. Langar mest að hoppa hæð mína af fögnuði yfir því að uppáhaldsþátturinn minn byrjar aftur í næstu viku. Ég skammast mín næstum því fyrir að kætast svona mikið yfir jafnlitlum hlut og sjónvarpsþáttur er. Þessi þáttur er bara ekkert lítilvægur. Hann er svo stórskemmtilegur að ég skríki af fögnuði er hann byrjar og græt af sorg ef ég missi af honum. Ahhh... America's Next Top Model, hvar hefurðu verið allt mitt sumar? Ekki það að ég hlakki til þess að sjá beygluna Tyru Banks skekja sig á „catwalkinu" eða undirstrika það hversu rosalega heit hún er heldur elska ég að sjá eitthvað tengt tísku í sjónvarpi. Stelpuslagur og tíkarlæti gera þetta svo enn betra. Allt í einum pakka. Það gerist ekki betra.

Spurning hvort líf fari að færast í kvikmyndahúsin samferða sjónvarpinu. Í allt of langan tíma hef ég ekki séð neitt kræsilegt í bíó nema eitthvað sem ég hef nú þegar séð. Fantastic Four, The Island, Herbie Fully Loaded, Sharkboy Lavagirl, War of the Worlds, The Dukes of Hazzards og fleira einstaklega óspennandi er í boði í bíó.

Ég skellti mér reyndar á frumsýningu myndar sem mér þótti einmitt einstaklega óspennandi í gær. Deuce Bigalow – European Gigolo. Ég hugsaði með mér hversu ömurleg mér myndi finnast þessi mynd þar sem síðasta mynd af þessu tagi sem ég sá í bíó var Meet the Fockers en þá sat ég einmitt og þagði á meðan allir í kringum mig veltust um af hlátri. Þessi reyndist þó langt því frá ömurleg og var í rauninni það var fyndin. Það var ekki einn punktur í myndinni sem var eðlilegur og þess vegna virkuðu allir heimskulegu brandararnir. Ekkert meistaraverk en bara aldeilis ágætt fannst mér og ég hló oft. Ótrúlegt.



**EVA DÍVA** Þátturinn America's Next Top Model fer víst í loftið á miðvikudegi í næstu viku og bíða eflaust margir spenntir.



▶ 21.45 *Bíó*

DOWN AND OUT IN BEVERLY HILLS



▶ 20.30 *Söngur*

ÞAÐ VAR LAGIÐ



▶ 20.30 *Gaman*

FRIENDS



▶ 21.00 *Gaman*

WILDBOYZ



▶ 18.00 *Íþróttir*

LIVERPOOL - CSKA MOSKVA

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Tobbi tvisvar (1:26)

**18.30** **Ungar ofurhetjur (14:26)** (Teen Titans) Teiknimyndaflokkur þar sem Robin, áður hægri hönd Leðurblökumannsins, og fleiri ofurhetjur láta til sín taka.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.10** **Stóra stökkið** (Max Keeble's Big Move) Max Keeble er að byrja í gaggó. Honum er á fyrsta degi hent í ruslagám og svo virðist sem skólastjórinn kunni ekkert of vel við hann.
▶ **21.35** **Umrenningur í Beverly Hills** (Down and Out in Beverly Hills) Bandarísk gamanmynd frá 1986. Umrenningur reynir að drekkja sér í sundlaug hjá sterkefnuðu en óhamingjusömu fólki.

**23.20** Gullmót í frjálsum íþróttum **1.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers (116:150) **13.25** Dívur **14.20** LAX (4:13) **15.15** Jag (17:24) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 (He Man, Shin Chan, Beyblade, Skúli og Skafti, Simpsons) **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **The Simpsons (9:25) (e)**
**20.00** **Arrested Development (3:22)** Michael Bluth er sá eini í lagi í léttgeggjaðri fjölskyldu.
▶ **20.30** **Það var lagið** Nýr íslenskur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem söngurinn er í aðalhlutverki.
**21.30** **Two and a Half Men (17:24)** Charlie Harper er piparsveinn sem skyndilega verður að hugsa um fleira en hið ljúfa líf.
**21.55** **Osbournes (7:10)** Það ríkir engin lognmolla þegar Ozzy er annars vegar.
**22.20** **Moonlight Mile** (Að sjá ljósið) Átakanleg kvikmynd um ungan mann sem harmar dauða unnustu sinnar.

**0.10** Panic Room (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Desperado (e) (Stranglega bönnuð börnum) **3.40** Fréttir og Ísland í dag **5.00** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Seinfeld 3 (4:24)**
**19.30** **Íslenski listinn** Hinn eini sanni Jónsi í Svörtum Fötum fer með okkur í gegnum vinsælustulög vikunnar.
**20.00** **Seinfeld 3 (5:24)**
▶ **20.30** **Friends 2 (21:24)** (Vinir) (The One With The Bullies) Bestu vinir allra landsmanna eru mættir aftur í sjónvarpið! Ein vinsælasta sjónvarpssería sem gerð hefur verið og ekki að ástæðulausu.
**21.00** **Tónleikar á Sirkus**
**22.00** **Kvöldþátturinn** (brot af því besta) Brot af því besta úr Kvöldþáttum vikunnar.
**22.45** **David Letterman** Það er bara einn David Letterman.

## SKJÁREINN

**18.00** Cheers **18.00** Upphitun

**18.30** **Worst Case Scenario (e)**
**19.15** **Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30** **Still Standing (e)**
**20.00** **Ripley's Believe it or not!**
**20.50** **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
▶ **21.00** **Wildboyz** Í þáttunum Wildboyz heimsækja Steve-O og Chris Pontius ólík lönd og einbeita sér að því að öðlast þekkingu á ólíkum dýrategundum.
**21.30** **Sledgehammer - NÝTT!**
**22.00** **Tremors** Hjá íbúum Dýrðardals (Perfection Valley) Nevada gengur lífið sinn vanagang flesta daga. Nema þegar Ormurinn hvíti, hinn 10 metra langi þorpsormur rumskar af værum svefni.
**22.45** **Everybody loves Raymond - lokaþáttur (e)**

**23.15** The Swan (e) **0.45** Dead Like Me (e) **1.30** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.00** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

*besta sætið*

**7.00** Olíssport

▶ **18.00** UEFA Super Cup. Bein útsending frá leik Liverpool og CSKA Moskva í Mónakó.

**21.00** **Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
**21.30** **Mótorsport 2005** Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir. Umsjónarmaður er Birgir Þór Bragason.
**22.00** **World Supercross** (Citrus Bowl) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250 rsm) í aðalhlutverkum. Keppt er víðs vegar um Bandaríkin og tvisvar á keppnistímabilinu bregða vélhjólakapparnir sér til Evrópu. Supercross er íþróttagrein sem nýtur sívaxandi vinsælda enda sýna menn svakaleg tilþrif.

**23.00** K-1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Orange County **8.00** Blue Crush **10.00** The Man Who Sued God **12.00** Hildegarde **14.00** Orange County **16.00** Blue Crush **18.00** The Man Who Sued God **20.00** Hildegarde **22.00** To Walk with Lions **0.00** David Bowie: Sound and Vision **2.00** Bodywork (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** To Walk with Lions

## OMEGA

**8.00** Sherwood Craig **8.30** Um trúna og tilveruna **9.00** Maríusystur **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** T.D. Jakes **11.00** Robert Schuller **12.00** Samverustund (e) **13.00** Joyce Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Ron Phillips **15.00** Kvöldljós **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Dr. David Cho **17.30** Freddie Filmore **18.00** Mack Lyon **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **20.00** Vatnaskil Hvítasunnukirkjan Fíladelfía **21.00** Mack Lyon Í leit að vegi Drottins **21.30** Acts Full Gospel **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni 23.00 CBN fréttastofan – fréttir á ensku **0.00** Miðnæturhróp **0.30** Nætursjónvarp

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Child Stars Gone Bad **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Extreme Close-Up **15.00** The Daily Blend **16.00** 101 Most Starlicious Makeovers **17.00** Dr. 90210 **18.00** E! News **18.30** Behind the Scenes **19.00** 20 Hippest Hotspots **20.00** High Price of Fame **21.00** Style Star **22.00** E! Entertainment Specials **23.00** E! News **23.30** Party @ the Palms **0.00** Wild On **1.00** 101 Most Starlicious Makeovers

## AKSJÓN

**7.15** Korter

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Birmingham - Middlesbrough frá 23.08. **16.00** Bolton - Newcastle frá 24.08. **18.00** Spurt að leikslokum (e) **19.00** Upphitun **19.30** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e) **20.30** Chelsea - WBA frá 24.08. **22.30** Portsmouth - Aston Villa (frá síðastliðnu þriðjudagskvöldi) **0.30** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## David Bowie: Sound and Vision — Stöð 2 Bíó kl. 00.00

*David Bowie heitir í raun David Robert Jones.*

### *Einstakur tónlistarmaður*



Einstök heimildarmynd um David Bowie, sem um árabil hefur verið í fremstu röð tónlistarmanna. Bowie fæddist í Englandi og sló fyrst í gegn árið 1969 með laginu Space Oddity. Hann var snemma umdeildur og ekki síst fyrir einkalíf sitt. Bowie viðurkenndi að hneigjast líka til karlmanna og um tíma var hann háður eiturlyfjum. Hann náði að koma lagi á líf sitt og undanfarin ár hafa verið Bowie gjöful. Hann er enn í fremstu röð í tónlistinni og hefur líka látið mannúðarmál mikið til sín taka.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.00** Fréttir **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið - Fréttatengt efni. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Birta – Umsjón: Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu e. **21.00** Á kassanum e. **21.30** Hádegisútvarpið e. **22.00** Úrval úr Allt & sumt e. **23.00** Hrafnaþing e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Hveragerði er heimsins besti staður **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit: Vægðarleysi **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Hús úr húsi **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Lifandi blús **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Hljómsveit Reykjavíkur **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Fréttayfirlit **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Ungmennafélagið með Karli og Ásgeiri **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Motorcycling: Grand Prix Czech Republic **13.15** Canoeing: World Flatwater Canoe Championships Croatia **15.00** Football: UEFA Champions League **17.00** Tennis: WTA Tournament New Haven United States **18.30** Sumo: Nagoya Basho Japan **20.30** Rally: World Championship Germany **21.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **21.30** Adventure: Escape **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Xtreme Sports: Lg Action Sports **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Miss Marple **12.55** Teletubbies **13.20** Tweenies **13.40** Fimbles **14.00** Balamory **14.20** Binka **14.25** Step Inside **14.35** 50/50 **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Vets in Practice **16.00** Animal Park **17.00** Rick Stein's Food Heroes **17.30** Mersey Beat **18.30** Dog Eat Dog **19.00** Blackadder the Third **19.30** 3 Non-Blondes **20.00** I'm Alan Partridge **20.30** Top of the Pops **21.10** Cheer for Charlie **22.10** Edge of Darkness **23.00** A History of Britain **0.00** British Isles: A Natural History **1.00** Greek Language and People

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Devils of the Deep *monsters of the Deep* **13.00** Beyond Fear *monsters of the Deep* **14.00** Wolves of the Sea *monsters of the Deep* **15.00** Vampire from the Abyss *monsters of the Deep* **16.00** White Shark Outside the Cage *monsters of the Deep* **17.00** Devils of the Deep *monsters of the Deep* **18.00** Beyond Fear *monsters of the Deep* **19.00** When Expeditions Go Wrong: Iditarod **20.00** Faking China *premiere* **21.00** Ou Dede and His Daughters *no Borders* *premiere* **22.00** The Sea Hunters: Still On Patrol - the Hunt for Hitler's U-boat 215 **23.00** The Human Canvas **0.00** Faking China

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Killing for a Living **13.00** Pet Star **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Miami Animal Police **19.00** Rats with Nigel Marven **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Venom ER **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Rats with Nigel Marven **1.00** Miami Animal Police

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Hooked on Fishing **13.00** Super Structures **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** Thunder Races **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Extreme Survival **20.00** Beltway Sniper **21.00** American Casino **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** 21st Century War Machines

**MTV**
**14.00** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Mtv.new **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva la Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 at Ten **22.00** I Want a Famous Face **22.30** Wonder Showzen **23.00** Party Zone **0.00** Isle of Mtv 2005 **1.00** Just See Mtv

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** Ultimate Albums **20.00** Tv Moments Eminem **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** Ultimate Albums **1.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Fashion House **12.35** Paradise Seekers **13.00** Staying in Style **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** City Hospital **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Race to the Altar **17.40** Hollywood Star Treatment **18.05** It's a Girl Thing **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** My Messy Bedroom **21.35** More Sex Tips for Girls **22.00** Sextacy **23.00** Ex-Rated **23.30** Sex Tips for Girls **0.00** Vegging Out **0.25** The Restaurant Biz **0.55** Use Your Loaf **1.20** Power Food

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.15** Broken Angel **13.50** Wonderful Country, the **15.25** Women of San Quentin **17.00** Thomas Crown Affair **18.40** Midnight Witness **20.10** Valdez is Coming **21.40** Number One with a Bullet **23.20** Warm Summer Rain **0.45** To Be a Rose **2.20** Audrey Rose

**TCM**
**19.00** Brainstorm **20.45** Penelope **22.20** The Stratton Story **0.05** Murder Ahoy **1.40** Children of the Damned **3.10** No Guts, No Glory: 75 Years of Stars

**HALLMARK**
**12.45** Hostage for a Day **14.15** Johnny's Girl **16.00** Touched by an Angel IV **16.45** Hiroshima **18.30** Early Edition **19.15** My Own Country **21.00** Lifepod **22.30** Early Edition **23.15** Hiroshima **0.45** Lifepod **2.15** My Own Country

**BBC FOOD**
**12.00** Tyler's Ultimate **12.30** Nigel Slater's Real Food **13.00** Beyond River Cottage **13.30** The Way We Cooked **14.00** Off the Menu **14.30** Kitchen Takeover **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Food Source **16.30** Gondola On the Murray **17.00** Jancis Robinson's Wine Course **17.30** Great Wine Walks **18.00** Gary Rhodes' New British Classics **18.30** Diet Trials **19.00** Kitchen Takeover **19.30** The Great Canadian Food Show **20.00** Tyler's Ultimate **20.30** Rick Stein's Food Heroes **21.30** Saturday Kitchen

**DR1**
**13.20** Sports**13.50** Nyheder pa tegnsprog **14.00** Boogie Listen**15.00** Billy Boy 900 - Vampyrkysset**15.15** Lovens vogtere**15.35**VERA**16.00** Fredagsbio**16.10**Den lille rode traktor**16.20**Pingu**16.30**TV Avisen**17.00** Disney Sjov**18.00** Hit med sangen**19.00** TV Avisen**19.30** Den skjulte sandhed**21.20** War Party**22.55**Boogie Listen

**SV1**
**12.35** Sommardebatt**13.35** Fader Ted**14.00** Rapport**14.10** Gomorron Sverige**15.00** I hjortens rike**15.20** Strîmsî**16.00** BoliBompa**16.01** Lisa Loop**16.10** En till i familjen**16.20** Sagan om pannkakan**16.25** Könsliga bitar**16.30** Rasmus pa luffen**17.00** Om jag hade fötts i ett annat land**17.30** Rapport**18.00** Doobidoo**19.00** Carlito's Way**21.20** Rapport**21.30** Kulturnyheterna**21.40** Svensson, Svensson**22.05** Bonnie och Clyde






## HRÓSIÐ

*...fá menntaskólakennararnir Bragi Halldórsson, Knútur Hafsteinsson og Ólafur Oddsson fyrir að ritstýra nýrri sýnisbók um íslenskar bókmenntir, Orminum langa, sem höfða á til ungs fólks.*

REYKJAVÍKURNÆTUR

**HARPA PÉTURSDÓTTIR** VILL FREKAR FARA Í FERÐALAG Á MENNINGARNÓTT.

# *Menningarnótt?*

Ár eftir ár stend ég mig að því að gera sömu mistökin; ég fer í bæinn á Menningarnótt í þeim tilgangi að skemmta mér. Einhvern veginn tekst mér alltaf að gleyma því að það er einfaldlega ekki hægt að skemmta sér þessa nótt, nema að manni finnist æðislega gaman að standa í röð, vera með nefið í hárinu á einhverjum ókunnugum og verða rennvotur í rigningunni.

Á einhvern óútskýranlegan hátt tókst mér þó að komast inn á skemmtistað á laugardaginn eftir að hafa barist með kjafti og klóm til að komast inn. Rennandi vot, hárið orðið krullað og með maskara niður á kinnar stefndi ég á barinn. Þar reyndi ég að ná sambandi við barþjóninn því ég var orðin ansi þyrst í bjór eftir allt umstangið. Eftir annan bardaga við álíka þyrst fólk, komin með bjór í höndina og tilbúin að fara að spjalla við bargestina sneri ég mér við og gekk á vegg. Það var einfaldlega ekki hægt að þverfóta fyrir æstu liðinu. Klesst upp við vin minn ákvað ég að klára bjórinn minn og koma mér heim sem fyrst.

Þessi nótt er auðvitað af hinu góða og mér finnst alveg frábært hvað fólk er orðið áhugasamt að skoða þróun menningar í Reykjavík. Borgin iðar af lífi og listamenn fá tækifæri til að sýna listir sínar á öllum götum miðborgarinnar. Fólk hvaðanæva að heimsækir borgina í þeim tilgangi að láta mata sig af menningu og upplifa eitthvað nýtt. Það fyndna við þetta allt saman er það að þessa menningu er ekki aðeins að finna þessa einu nótt í ágúst. Hún er nefnilega til staðar allan ársins hring. Allt of mörgum dettur bara ekki í hug að skoða hana nema akkúrat þennan eina dag!

Ég mæli með því að allir þeir sem fá sinn skammt af menningu af og til ættu að vera alls staðar annars staðar en í miðborginni. Prufa til dæmis að fara út á land og kanna náttúruna í þögninni eða kúra heima yfir góðri bíómynd með popp og kók. Þannig gætum við leyft hinum að njóta kvöldsins án þess að þurfa að troðast í gegnum endalausa mannmergðina. Það eru hvort eð er aðeins þeir örfáu fremstu sem virkilega sjá það sem er að gerast.

Ég held nefnilega að við getum gert góðan díl með því að skipta á þessu eina kvöldi og restinni af árinu. Þá fá allir það sem þeir vilja og geta skoðað mannlífið og atburðina óáreitt. Ég er ekki frá því að þetta sé alveg ágætis lausn sem geri kvöldið enn betra!





**LÁRÉTT:** **1** bikkja **6** há **7** þurrka út **8** klukkan **9** stykki **10** spil **12** örn **14** klæðalaus **15** ónefndur **16** tímaeining **17** of lítið **18** listi.

**LÓÐRÉTT:** **1** bættu við **2** fiskur **3** 2 eins **4** umbylta **5** rönd **9** sigti **11** starf **13** ekki úti **14** hólf **17** hætta.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **1** Jálkur, **6** Ull, **7** Má, **8** Kl, **9** Stk, **10** Níu, **12** Ari, **14** Ber, **15** Nn, **16** Ár, **17** Van, **18** Skrá.

**LÓÐRÉTT:** **1** Juku, **2** Áll, **3** Ll, **4** Umturna, **5** Rák, **9** Sía, **11** Verk, **13** Inni, **14** Bás, **17** Vá.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Um 1.500, alla nema einn.
2. Typpatal.
3. Marel Baldursson.


Gæði á góðu verði

DRIFSKÖFT



VÉLAR-ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5-800-200




**FROSTI OG BARÐI JÓHANNSSON Í KVÖLDÞÆTTINUM** Viðtalið gekk vel framan af. Það var þó einhver spenna í loftinu og lítið mátti út af bregða. Síðan varð sprenging þegar Guðmundur spurði Barða hvort hann væri hommi. Barði sagðist ekki taka þátt í svona lélegu viðtali, stóð upp og fór.

BARÐI JÓHANNSSON: GEKK ÚT ÚR KVÖLDÞÆTTINUM

# Nóg af meðalmennskunni

Þeir sem sáu Kvöldþáttinn á Sirkus síðastliðið miðvikudagskvöld urðu vitni að því þegar tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson gekk út í miðri útsendingu. Hann var í þættinum ásamt Frosta úr Mínus til að spjalla um myndina Strákarnir okkar en Barði og Mínus semja einmitt tónlistina við hana.

Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvort þetta hefði ekki verið allt í góðu og fyrir fram skipulagt. „Nei, nei, þetta var bara Barði, þetta var svona, gaman að þessu,“ svaraði þáttastjórnandinn Guðmundur Steingrímsson og bætti við að honum þætti gaman að viðtölum sem væru þrungin spennu. Hvort það hefði verið eitthvað eitt sem orðið hefði til þess að tónlistarmaðurinn gekk út segir Guðmundur að sér hafi fundist sem Barði leitaði eftir tækifærinu allan tímann. „Ég spurði Mínus út í eiturlyfin og þá lá beint við að spyrja hann út í eiturlyfin,“ segir Guðmundur en það var þó spurningin um hvort Barði væri hommi sem var kornið sem fyllti mælinn. „Myndin fjallar um homma og ég var að velta því fyrir mér hvort maður þyrfti að vera hommi til að leika homma. Það var því eðlileg framvinda að spyrja hvort þú þyrftir ekki að vera hommi til að semja tónlist fyrir hommamynd,“ segir Guðmundur, sem lét þó uppákomuna ekki slá sig út af laginu. „Það má nefnilega ganga út úr Kvöldþættinum,“ segir hann.

Guðmundur var samt sem áður ekki á því að þetta hefði verið það óvenjulegasta í þættinum, Barði hefði nefnilega brosað sínu breiðasta. „Þetta voru ekki málglöðustu menn sem ég hef fengið í sófann til mín.“

Barði var mjög harðorður í garð stjórnanda Kvöldþáttarins þegar Fréttablaðið leitaði eftir viðbrögðum hans. „Hann hefði þess vegna getað verið að stjórna amatörlegu menntaskólasjónvarpi. Spyrillinn vissi hvorki í þennan heim né annan. Hann var að vandræðast yfir því að hverju hann ætti að spyrja næst,“ sagði hann. „Ég er kominn með leið á meðalmennsku og ef þetta átti að vera fyndið þá náði þetta ekki einu sinni að vera það lélegt að það yrði fyndið, þótt svo lélegt væri,“ bætti hann við. „Ég hef engan tíma í að þjálfa þáttagerðarmenn í að verða almennilegir spyrlar og því gekk ég út,“ sagði hann.

Barði sagðist vera ánægður með tónlistina sem hann og Mínus hefðu samið og samstarfið hefði gengið mjög vel. „Hún á eftir að skila sér í mjög hressum geisladiski,“ sagði hann. Barði hafði enn fremur séð myndina og fundist hún mjög góð. Þess má svo til gamans geta að myndin Strákarnir okkar verður frumsýnd 1. september.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Margt var um manninn á frumsýningu myndarinnar *Deuce Bigalow: European Gigolo* en þar ber helst að nefna sjálfan **Rob Schneider,** aðalleikara og meðhöfund myndarinnar. Kappinn vakti mikla lukku þegar hann spígsporaði í anddyri Smárabíós í *Dead*-jakka eftir **Jón Sæmund**. **Logi Bergmann Eiðsson** heiðraði Hollywood-leikarann með nærveru sinni en **Svanhildur Hólm** var hvergi sjáanleg. **Tinna Marína** Idol-stjarna var hins vegar þétt við hlið unnusta síns, **Siffa** á Kiss FM. Aðrar Idol-stjörnur á staðnum voru **Davíð Smári** og **Helgi Þór**.



FM 95,7 gæjarnir **Ásgeir Kolbeins**, **Svali** og **Heiðar Austmann** voru kátir og náðu greinilega vel til Schneiders. Fegurðardrottningarnar voru svo að sjálfsögðu mættar á svæðið eins og svo oft á viðburðum sem þessum en **Unnur Birna**, núverandi ungfrú Ísland, var sérstaklega kynnt fyrir Rob og þau fengin saman í stutta myndatöku. **Ragnhildur Steinunn** lét heldur minna fyrir sér fara en hún kom á myndinna með vinkonu sinni af Sjónvarpinu, henni **Sigrúnu Ósk** sem var í Atinu. **Siggi Kaiser** mætti með hina fögru **Steinunni úr Nylon** upp á arminn og er skemmtilegt að sjá hversu mikill hjónasvipur er með parinu.



Í eftirpartíinu, sem var á *Rex*, færðist heldur betur fjör í leikinn þegar allir aðalleikararnir úr *Flags of Our Fathers* létu sjá sig ásamt fylgdarliði. **Ryan Phillippe, Jesse Bradford, Jamie Bell, Adam Beach og Joe Cross** voru kotrosknir og duglegir að panta drykki á barnum. Þeir voru svo ekki feimnir við að blanda geði við íslensk fljóð sem sveimuðu í kringum þá eins og mý á mykjuskán. Íslenskir leikarar létu sig heldur ekki vanta því **Þorvaldur Davíð**, **Victor Blær** og **Unnur Ösp** tóku öll þátt í gleðinni.




# Stór Humar

# Medium Humar

# Sigin grásleppa

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Opið laugardaga 10.00 - 14.30


# Baltasar sest í dómarasætið

Kvikmyndagerðarmaðurinn Baltasar Kormákur er á ferð og flugi þessa dagana. Svo miklu flugi að tollverðirnir í Leifsstöð halda því fram að hann sé kominn með fleiri flugmílur en flugmennirnir sjálfir.

Hann hefur meðal annars setið í dómnefnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Kaupmannahöfn, þar sem hann er í góðum hópi kvikmyndagerðarmanna og leikara. Formaður dómnefndarinnar er Nicolas Roeg, sem gerði Don't Look Now með Julie Christie og Donald Sutherland. Aðrir meðlimir eru Susanne Bier, leikstjóri Den eneste ene, og þýski leikarinn Udo Kier. „Ég hef alltaf kunnað vel við mig í Kaupmannahöfn og í Danmörku yfirhöfuð,“ sagði Baltasar. „Myndirnar mínar hafa gengið vel hérna og 101 Reykjavík var til að mynda mjög vinsæl,“ bætti hann hróðugur við. „Þar að auki er Magasin du Nord jú í eigu fjölskyldunnar,“ sagði hann í gríni en vissi þó ekki hvort Danir byggju yfir þeirri vitneskju. Hátðin stendur til 28. ágúst en þá reiknar Baltasar með því að heilsa upp á tollverðina í Leifsstöð og hljóðvinna A Little Trip to Heaven. Svo er ferðinni heitið til Bandaríkjanna þar sem myndin verður fullunnin fyrir Toronto-hátíðina en þar á að frumsýna hana í september.

Baltasar verður ekki í slæmum félagsskap með myndina en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru var hún valin í flokkinn Special Presentations. Í ár verða þar ekki ómerkari kappar en Roman Polanski með mynd sína um Oliver Twist en í hlutverki Fagins er enginn annar en Ben Kingsley. Þá verður einnig Bjólfskviða Sturlu Gunnarssonar sýnd í þessum flokki en bandaríski leikstjórinn Robert Zemeckis er nú að endurgera hana með Angelinu Jolie og Anthony Hopkins. ■



**BALTASAR KORMÁKUR** Situr í dómnefnd alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Kaupmannahöfn.




Skellum okkur
í bíó! ▶

Borgarbíó
REGNBOGINN
SMÁRABÍÓ
sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR

SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

## *Í boði Guðs*

Áfram Kristsmenn krossmenn, segi ég nú bara. Eftir ævilangan móral yfir því að eiga í basli með að tolla í trúnni, klikka algerlega á því að vera andaktug yfir því að Jesú hafi verið göldróttur og skverað margföldunartöflunni á brauð og fiska með góðum árangri, gert efnafræðina hlægilega með því að breyta $H_2O$ í vín, afurð sem þarf ávexti og sérstakar veðurfarslegar aðstæður, ásamt verkþekkingu til þess að framleiða og fara svo út að spássera á vatni, er mér allri lokið.

**UM ALLAN** hinn vestræna heim er kristin kirkja fyrirferðarmikil, ótal tegundir, vegna þess að kristin trúarbrögð eru eins og íslensk pólitík. Þegar einhver fær ekki að ráða í þeim flokki sem hann vill ráða stofnar hann nýjan flokk. En það er alveg sama hvar ber niður í þessum söfnuðum, það er alls staðar sviðin jörð.

**GRANNAR OKKAR**, Írar, hafa staðið í trúarbragðastríði áratugum saman, þótt allt sé með kyrrum kjörum í augnablikinu. Kaþólska kirkjan í Ameríku er með allt niður um sig vegna þess að prestar misnota drengi og biskupar þagga það niður, eiga nóg með sjálfa sig og sín dónalegu sambönd við ritarana sína. Þeir félagar Bush og Blair, sem eru frelsaðir eins og Gunnar í Krossinum, hamast við að „útrýma" terroristum – og örfáum þúsundum í viðbót sem eru þeir asnar að vera fyrir byssunum og sprengjunum. Nýjustu fréttir úr hinum kristna heimi eru þær að einn dáðasti og kristnasti sjónvarpsprédikari hins vestræna heims, Pat Robertson, hefur lagt til að forseti Argentínu verði ráðinn af dögum.

**ÞETTA ER** bara brot af þeim morðstefnum í nafni kristinnar trúar sem dunið hafa yfir heiminn. Það má til dæmis nefna rannsóknarréttinn og galdraofsóknirnar á miðöldum. Það er ekki nema von að manni renni kalt vatn milli skinns og hörunds þegar rifjast upp að fyrrverandi forsætisráðherra okkar er meiriháttar sálmaskáld og fylgir Bush og Blair blint í góðmennskuaðgerðum þeirra, sem eru í boði Guðs. Þess sama Guðs sem okkur var kennt að boðaði að við ættum ekki að drepa. Hvers vegna er þetta eina aðferðin sem kristnum mönnum dettur í hug til þess að leysa vanda heimsins? ■


www.toyota.is

Kannastu við tilfinninguna að fá hærri einkunn á prófi en þú reiknaðir með?

Það er eins og að fá meiri bíl en maður borgar fyrir og Medion fartölvu í kaupauka.

Á Skóladögum hjá Betri notuðum bílum getur þú valið um **100 bíla** á aldeilis frábærum tilboðskjörum.
Nú er tækifærið til að hífa upp mætinguna í skólann í vetur.
Komdu og kynntu þér málið. Þeir fyrstu verða ekki síðastir.



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 29285 08/2005

Í samstarfi við Glitnir
100% fjármögnun á notuðum bílum.

NÁMSVILD
Allt að 90% lánshlutfall án ábyrgðarmanna fyrir þá sem eru í Námsvild Íslandsbanka
Gerðu kröfur!
ÍSLANDSBANKI | 100%

MEDION



BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota | Toyota Akureyri | Bifreiðaverkstæði Borgþórs | Toyotasalurinn | Toyotasalurinn |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Miðási 2 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| KÓPAVOGUR | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | REYKJANESBÆR | SELFOSS |
| Sími 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 471-2660 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |



AEG Handverkfæri af BESTU gerð!




HJÓLSÖG K 55 Kr. 16.900.-
STINGSÖG STEP 1200 Kr. 19.900.-
VELTU RAFHLÖÐUVÉL BDSE 12T Kr. 16.900.-
BORVÉL SB2 630 Kr. 8.990.-
BORHAMAR PN 3000R2/K Kr. 26.900.-

BETRI VERÐ!

AEG handverkfærin sverja sig í ættina. Þau eru eins og annað sem kemur frá þessum þýska framleiðanda, vönduð og traust.

ORMSSON

LÁGMÚLA 6 SÍMI 530 2800

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu